

MÚLASTOFA Á VOPNAFIRÐI

Safn til heiðurs bræðrunum Jóni Múla og Jónasi Árnasonum opnað á Vopnafirði í dag.



38



Með blaðinu í dag fylgir skólabæklingur Eymundsson

Eymundsson

Bókafrið 1872

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. ágúst 2008 – 214. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

LAUGARDAGUR




FORDÓMARNIR ERU Á UNDAHVALDI

Marius Sverrisson og Ragnhildur Sverrisdóttir settust á rökstóla og ræddu um gleðigönguuna, Lindsay Lohan og hómófóbíuna

Á RÖKSTÓLUM 22



VEÐRIÐ Í DAG



GOTT VEÐUR Í dag verða norðaustan 3-8 m/s. Skýjað og þurrt að mestu austan og suðaustan til annars víða bjart með köflum. Hiti 10-16 stig, hlýjast í uppsveitum á Suður- og Vesturlandi.

VEÐUR 4

Nálgunarbann verði undir lögreglu komið

Lögregla ætti að úrskurða um nálgunarbann, ekki dómáram. Þetta segir yfirmaður kynferðisbrotadeildar höfuðborgarlögreglunnar. Það sé úrræði sem grípa þurfi til með litlum fyrirvara en þjóni illa upphaflegum tilgangi sínum.

DÓMSMÁL Breyta ætti lögum um nálgunarbann í þá veru að lögregla tæki ákvörðun um bannið en ekki dómáram, að mati Björgvins Björgvinssonar, yfirmanns kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Hægt yrði síðan að skjóta slíkri ákvörðun til dómstóla.

Karlmanni, sem grunaður er um að hafa beitt konu sína itrekað grófu ofbeldi og misnotað hana kynferðislega, er nú frjálst að umgangast hana, eftir að Hæstiréttur hafnaði kröfu lögreglu um nálgunarbann á hendur honum.

„Nálgunarbann á að vera úrræði sem hægt er að beita til-

tölulega fljótt,“ segir Björgvin. „Þetta staðfestir að þvingunarræðið virðist ekki þjóna upphaflegum tilgangi sínum sem skyldi.“

Spurður hvort hann telji konunni stafa hættu af manninum segir hann það alveg ljóst að ærarnar ástæður séu fyrir því að lögregla ákvað að fara fram á nálgunarbannið.

Allsherjarnefnd Alþingis hefur nú til umfjöllunar nýtt lagafrumvarp Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra um nálgunarbann. Í umræðum um frumvarpið nefndi Björn að hann hefði heyrt gagnrýni af þessum toga, og

hvatti allsherjarnefnd til að skoða það álítaefni ásamt öðrum.

Björn vitnaði þó til athugasemda með frumvarpi um meðferð opinberra mála frá árinu 2000, þar sem segir að „þegar haft sé í huga þvingunareðli nálgunarbanns og þær hömlur sem felast í slíku banni þyki rétt vegna réttaröryggis að fela dómstólum að [ákveða] hvort úrræðinu verði beitt“.

Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, tekur undir með Björgvini og segir lögreglu tvímælalaust eiga að hafa heimildir af þessu tagi.

- sh / sjá síðu 6

NBA-stjórnur á ÓL í Peking: Eltu íslensku stelpurnar um Ólympíuþorpið

PEKING 2008 Átta af bestu körfuboltaleikmönnum heims úr NBA-deildinni eltu Ragnheiði Ragnarsdóttur sundkonu á röndum í Ólympíuþorpinu í gær.

Sýndu þeir henni, sem og Rögnu Ingólfsdóttur, mikinn áhuga og skorðu Rögnu meðal annars á hölm í badminton.

„Ég veit ekki hvernig þessir kallar haga sér í þessum ferðum en við tókum ekkert í þetta þannig,“ sagði Ragna, aðspurð hvort NBA-stjórnurnar hafi gengið á eftir þeim með grasið í skónum.



LEBRON JAMES

- hph / hbg / sjá síðu 42

Íslendingar kaupa í Svíþjóð: Stórtækir í sænsku leikhúsi

VÍÐSKIPTI Árni Þór Vigfússon og Kristján Ra. Kristjánsson fara fyrir kaupum á tveimur leikhúsum í Stokkhólmi; Göta Lejon og Maxim Teater-en.

Göta Lejon er eitt af stóru leikhúsum Svíþjóðar og tekur helmingi fleiri í sæti en Þjóðleikhúsið. Rekstur leikhúsaanna hefur verið í höndum Arna og Kristjáns frá síðasta vetri en nýlega var gengið frá kaupnum. Þeir félagar eru báðir búsettir í Stokkhólmi þar sem leikhústarfsemi, sem þeir hafa verið að vinna að á Norðurlöndunum, hefur vaxið ásmegin, hvort heldur varðar framleiðslu leikrita eða söngleikja.



ÁRNI ÞÓR VIGFÚSSON

- ghh / sjá síðu 10



GLÆSILEGIR FULLTRÚAR Íslenski hópurinn var þrúðbúinn þegar hann gekk inn á Ólympíuleikvanginn í Peking við setningarathöfnina í gær. Athöfnin þótti óvenju glæsileg og var mál manna að hún hefði heppnast vel. Frjálsíróttafólk Íslands missti af athöfninni líkt og sundmaðurinn Jakob Jóhann Sveinsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tillögur um skerta þjónustu Strætós bs. vegna fjárhagsörðugleika: Strætóferðum fækkar verulega

SAMGÖNGUR Stjórn Strætós bs. tekur síðar í mánuðinum afstöðu til þess hvort dregið verði úr akstri vegna fjárhagsörðugleika fyrirtækisins. Stjórnendur fyrirtækisins hafa lagt fram tillögu þess efnis. Samkvæmt henni verða færri ferðir eknar á kvöldin og um helgar og akstur um

helgidaga hefst síðar en nú. Þá verður akstur á fjölförnu leiðunum einungis með 15 mínútna millibili á annatíma, ekki yfir allan daginn eins og nú er.

Samkvæmt greinargerð vantar 300 milljónir upp á til að endar nái saman hjá fyrirtækinu. Þar af eru 140 milljónir vegna hærri

strætó-vísitölu, en hún mælir verðhækkunir vegna verktöku. Þá hefur hækkun á olíu kostað fyrirtækið 90 milljónir.

Borgarráð fjallaði í vikunni um stöðu Strætós og var erindinu vísað til umhverfis- og samgönguráðs.

- kóp / sjá síðu 4

OPIÐ

til **20**

alla daga

HAGKAUP
Ein færð betra verð

NÆSTUM NÝIR BÍLAR

www.heklanotadibirar.is



Útsala

Síðasta helgin



úllen dúllen doff!

Opið 10-18

Kringlan

SPURNING DAGSINS



Heimir, gætirðu drukkið Gullfoss?

Já, ég er með einn ískaldan hérna fyrir framan mig.

Heimir Hermannsson er framkvæmdastjóri Ölgerðar Reykjavíkur sem setti á markað bjór sem ber nafnið Gullfoss.



HINSEGIN DAGAR HALDNIR HÁTÍÐLEGIR
Lögregla mælist til að fólk leggi ekki blilum sínum í hringiðu hátíðarhaldanna.

Hinsegin dagar í Reykjavík:

Lækjargata er lokuð daglangt

REYKJAVÍK Lækjargata er lokuð frá Skólabrú að Geirsötu fram eftir degi í tilefni Hinsegin daga í Reykjavík.

Viðskiptavinir verslana og þjónustufyrirtækja ættu að geta komist leiðar sinnar fyrir hádegi og að lokinni gleðigöngunni. Gangan hefst klukkan 14.00 við Hlemm og fer niður Laugaveg og Bankastræti að Arnarhóli um Lækjargötu.

Lögreglan beinir þeim tilmælum til fólks að það noti bílastæði í nágrenni miðborgarinnar. Sömuleiðis er bent á bílastæðahús og strætisvagna. Þeir sem leggja nálægt gönguleiðinni mega búast við töfum því gert er ráð fyrir talsverðum fjölda gesta. - hþj

Landsvirkjun svarar Ómari:

Borunin ekki við Leirhnjúk

UMHVERFISMÁL Ekki er rétt að borun vegna gufuöflunar fyrir svonefnda Kröflustöð 2 fari fram við Leirhnjúk, segir í tilkynningu frá upplýsingafulltrúa Landsvirkjunar, Þorsteini Hilmarssyni.

Ómar Ragnarsson, sem nýverið fékk Seacology-verðlaun, sagði í útvarpinu í gær að Gjástykki og Leirhnjúkur væru samliggjandi svæði, verðmæt fyrir heiminn allan. Nú ógni þeim borunarframkvæmdir vegna álvers á Bakka.

Landsvirkjun segir hins vegar að borað verði í vesturhlíðum Kröflu annars vegar og á svæði norður af Víti hins vegar. Þetta sé skilgreint sem iðnaðarsvæði. - kóp

Ófrísk um ógreiðfæra leið:

Gekk í 150 ára gömul fótspor

FERÐIR „Ég vissi að ég gæti hætt eftir fyrsta daginn og líka annan en mér leið svo vel að ég vildi halda áfram,“ segir Auður Kjartansdóttir sem nýlega gekk í fjóra daga um illfærar skriður í Héðinsfirði þótt hún væri komin fimm mánuði á leið. Gangan var til heiðurs Guðrínu Þórarinsdóttur, húsfreyju í Hvannöldum, sem fyrir 150 árum fór leiðina að vetri til með barn í fanginu og annað undir belti til að sækja eidd.

„Þetta var töluvert ævintýri og þarna er stórfengleg náttúra,“ segir Auður ánægð en hún leiddi 25 manna hóp á vegum Ferðafélags Íslands. - eó/sjá allt

Stjórnendur Norðuráls sakaðir um að dylja fjölda alvarlegra vinnuslysa:

Óvinnufærir kallaðir til vinnu

VINNUMARKAÐUR Starfsmenn sem hafa vottorð læknis sem staðfestir að þeir séu óvinnufærir eftir vinnuslys hafa ítrekað verið kallaðir aftur til vinnu hjá Norðuráli. Formaður Verkalýðsfélags Akraness segir hugsanlega skýringu þá að fyrirtækið vilji að sem flest alvarleg vinnuslys séu skráð.

Á vef verkalýðsfélagsins er sagt frá konu sem lenti í vinnuslysi en var kölluð til vinnu þrátt fyrir að vera óvinnufær. Hún segist hafa verið beðin að vinna létt störf daginn eftir að hún varð fyrir lyftara.

„Þetta er síður en svo í fyrsta skipti sem þetta kemur upp,“ segir Vilhjálmur Birgisson, formaður

Verkalýðsfélags Akraness. Slys sé talið alvarlegra verði það til þess að starfsmaður geti ekki snúið aftur til vinnu strax eftir slysið.

Vilhjálmur segir ekkert að því að starfsmaður taki að sér létt störf, treysti hann sér til þess, en fyrirtækið eigi ekki að beita starfsmanninn þrýstingi. Hann hvetur til þess að verklagsreglur verði settar hjá Norðuráli.

Kolbeinn Gunnarsson, formaður Verkalýðsfélagsins Hlífar, segir sambærileg mál hafa komið upp hjá álveri Rio Tinto Alcan fyrir nokkrum árum, en leyst hafi verið úr því með því að setja skýrar verklagsreglur.



ÁLVER Kona sem varð fyrir lyftara var kölluð aftur til vinnu hjá Norðuráli nýverið þrátt fyrir að lækni hafi úrskurðað hana óvinnufæra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ekki náðist í forsvarsmenn Norðuráls við vinnslu fréttarinnar í gær. - bj

Hundruð sögð látin í átökum í Ossetíu

Rússar svara árásum Georgíu á Suður-Ossetíu, hérað sem lengi tilheyrði Georgíu en hefur í reynd verið sjálfstætt síðan 1992. Höfuðborgin lögð í rúst og íbúar hraktir á brott. Sérfræðingar óttast allsherjarstríð milli Georgíu og Rússlands.

GEORGÍA, AP Georgíuher réðst inn í Suður-Ossetíu í gær í þeim tilgangi að endurheimta yfirráð sín í héraðinu. Rússnesk stjórnvöld brugðust ókvæða við, sendu skriðdreka yfir landamærin og gerðu loftárásir. Hundruð óbreyttra borgara eru sögð hafa fallið í átökunum í gær.

Bæði Evrópusambandið og NATO hvetja Georgíumenn og Rússa til að hætta öllum átökum og leysa heldur deilumál sín með því að ræða saman. Sérfræðingar óttast að allsherjarstríð milli Georgíu og Rússlands geti brotist út.

Smáskætur hafa verið síðustu daga í landinu og í fyrri nótt gerði Georgíuher harðar loftárásir á héraðið. Mikhaíl Saakashvili, forseti Georgíu, segir þær árásir aðeins hafa verið svar við árásum heimanna á georgíska hermenn.

Í gær hóf Georgíuher síðan stórsókn inn í héraðið og sagðist síðdegis hafa náð á sitt vald Tskhinvali, höfuðborg héraðsins. Vitni segja borgina nú rústir einar.

„Ég sá lík eins og hráviði á götunum, umhverfis eyðilagðar byggingar og í bifreiðum,“ sagði Ljúdímíla Ostajeva, fimmtug kona sem flúði með fjölskyldu sinni til Dsjava, þorps við rússnesku landamærin. „Það er engin leið að telja þau lengur. Það er varla nein bygging eftir óskemmd.“

Mikhaíl Saakashvili, forseti Georgíu, hefur sagst staðráðinn í að endurheimta yfirráð yfir Suður-



GEORGÍSKIR HERMENN Innrásin í Suður-Ossetíu hefur kallað á hörð viðbrögð Rússa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ossetíu og Abkasíu, en bæði þessi hérað hafa verið sjálfstætt síðan skömmu eftir hrun Sovétríkjanna.

Íbúar í Suður-Ossetíu eru um 70 þúsund. Meðal þeirra eru um 14 þúsund Georgíumenn, sem búa í nokkrum þorpum héraðsins, en að öðru leyti eru íbúarnir nánast allir Ossetíumenn, sem hafa lengi haft nán tengsl við Rússland.

Meðan Georgía tilheyrði Sovétríkjunum laut Suður-Ossetía mikilla sjálfstjórnarréttinda. Héraðið lýsti fyrst yfir sjálfstæði árið 1989, en til harðra stríðsátaka kom milli Georgíu og Suður-Ossetíu árin 1991-92 þegar Sovétríkin voru liðin

undir lok. Síðan hefur Suður-Ossetía í reynd verið sjálfstætt ríki, rétt eins og Abkasía.

Rússneskir friðargæsluliðar hafa verið í Suður-Ossetíu, en Saakashvili Georgíuforseti hefur sakað þá um að kynda undir sjálfstæðisvilja héraðsbúa.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra lýsti í gær þungum áhyggjum vegna átakanna. Öryggi óbreyttra borgara sé stefnt í voða, og finna verði friðsamlega lausn á deilunni sem allra fyrst.

gudsteinn@frettabladid.is
brjann@frettabladid.is

Geðfötludum meinaður aðgangur á Ólympíuleikana:

Hurðinni skellt á mótmælendur

MÓTMÆLI Hugarafli, samtök fólks í bata sem átt hefur við geðræna erfiðleika að stríða, efndi í gær til þögullar mótmælatastöðu við kínverska sendiráðið á Víðimel 29. Mótmælt var afstöðu kínverskra yfirvalda til geðfatlaðra í tengslum við Ólympíuleikana í Peking.

Fyrir skömmu gáfu stjórnvöld í Peking út tilmæli í 57 liðum til gesta á leikunum þar sem nefndir eru þeir hópar sem eru óvelkomnir til Kína. Voru geðfatlaðir greindir sem hluti af þeim sem ekki eru æskilegir gestir.

Þórhildur Sveinsdóttir, starfsmaður hjá Hugarafli, segir að félagsmönnum samtakanna hafi ofboðið afstaða Kínverja til fólks með geðraskanir.

„Við vorum líka hissa á því að engin umfjöllun hefði verið um þetta. Það er eins og geðfatlaðir eigi bara að taka þessu þegjandi og hljóðalaust.“ Hugarafli boðaði skyld samtök til mótmælatastöðunnar og mættu fulltrúar frá Geðhjálp, Geysi og fleirum. Mótmælendur báru grímur sem táknu um einhæf viðhorf til geðraskanana og



HUGARAFI MÓTMÆLIR VIÐ KÍNVERSKA SENDIRÁÐIÐ Grímurnar eru tákmynd einhæfra viðhorfa til geðraskanana. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

að ætlast sé til að geðfatlaðir taki fordómnum þegjandi.

„Reynt var að afhenda mótmælaskjal en hurðinni var skellt

framan í okkur,“ segir Þórhildur. „Við settum skjalið bara inn um bréfáluguna í staðinn.“

- hþj

Svíar á gömlum Saab:

Herþotur yfir Heiðmörkinni

FLUG Sænskar Saab-herþotur flugu sjónflug yfir Heiðmörkinni um klukkan ellefu í gærdag.

Talsverður hávaði var af þotunum og þær voru komnar til ára sinna, að sögn starfsmanna í Keflavík.

Herþotur heimsækja Ísland nær daglega á leið sinni yfir hafði og fá hér eldsneyti.

Þeim má fljúga lægst í 330 metra hæð yfir byggð og í 165 metra hæð yfir óbyggðu landi.

Kona, sem hafði samband við Fréttablaðið, sagði sænsku þoturnar hafa verið andstyggilegar. Þær hefðu flogið lágflug og farið hraðar en hljóðið. - kóp

Fiskidagurinn mikli á Dalvík:

Fimmtán rétta matseðill í boði

HÁTÍÐARHÖLD „Við reiknum með þrjátíu þúsund gestum í heild,“ segir Júlíus Júlíusson, framkvæmdastjóri Fiskidagsins mikla, sem haldinn er á Dalvík í dag.

Í gær voru tíu þúsund manns þegar komnir á svæðið en þá var fiskisúpukvöld haldið. „Það felst í því að heimamenn opna heimili sín og bjóða gestum og gangandi upp á fiskisúpu,“ segir Júlíus. „Þar á undan var vináttukeðjan svokallaða þar sem fimm þúsund manns knúsuðust.“

Í dag troða 160 skemmtikraftar upp, frí sigling verður um fjórðinn og boðið verður upp á stærstu fiskisýningu Evrópu samkvæmt Júlíusi. „Svo verður fimmtán rétta matseðill í boði, sem er hægt að snæða allan daginn.“ - ges

Tveir í haldi vegna árásar:

Grunaðir um aðild að árás

DOMSMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðhaldsúrskurð yfir tveimur mönnum sem grunaðir eru um aðild að líkamásáras þar sem maður var stunginn með hnifi í miðborg Reykjavíkur aðfaranótt 1. ágúst síðastliðins.

Þriðji maðurinn, sem grunaður er um verknáðinn, hefur yðurkennt að hafa stungið manninn. Menningarnir tveir sem grunaðir eru um aðild að málinu verða í varðhaldi til 11. ágúst vegna rannsóknarhagsmuna.

Sá sem fyrir árásinni varð hlaut meðal annars stungusár milli rifbeina, sár á brjóstakassa og á vinstri handlegg. - bj

Smyglari í gæsluvarðhaldi:

Efnið talið vera amfetamín

LÖGREGLUMÁL Talið er að rúmlega tvítugur Lithái sem stöðvaður var við komuna til landsins í fyrradag hafi verið með um 40 pakkningar af amfetamíni innvortis.

Lögregla býfur þess enn að allar lyfjapakkingarnar skili sér niður, en um helmingur er talinn hafa skilað sér hingað til. Ekki er ljóst hversu mikið magn er um að ræða. Né hefur verið endanlega staðfest að efnið sé amfetamín.

Maðurinn er undir stöðugu eftirliti lækna, og lögreglumenn sitja yfir honum dag og nótt. Hann hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 15. ágúst. - bj

LÖGREGLUFRETTIR

Eldur í steypuskála álvers

Eldur varð laus í steypuskála álvers Alcoa á Reyðarfirði í gærkvöldi. Talið er að kviknað hafi í olíu sem lak á heitan málm. Að sögn slökkviliðs gekk vel að slökkva eldinn.

Harður árekstur

Fjórar konur voru fluttar á sjúkrahús Akureyrar seinni partinn í gær eftir harðan árekstur utan við bæinn. Enginn slasaðist alvarlega.



Úllen



dúllen



doff



kikke



lane



koff



koffe



lane



bikke



bane



úllen



dúllen



doff!

Götumarkaður!
Útsölnunni lýkur
um helgina

Kringlan

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	82,59	82,99
Sterlingspund	158,84	159,62
Evra	124,72	125,42
Dönsk króna	16,717	16,815
Norsk króna	15,602	15,694
Sænsk króna	13,283	13,361
Japanskt jen	0,7519	0,7563

SDR	131,47	132,25
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	162,0081	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Fulltrúi VG hvetur velferðarráð til að slíta viðræðum við Heilsværndarstöðina:

Borgarráð blekkt í viðræðum

VELFERÐARMÁL Tillögu VG um að slíta viðræðum velferðarsviðs við Heilsværndarstöðina var í borgarráði á fimmtudag vísað til umsagnar velferðarráðs.

Tillagan var rökstudd með því að borgarráð hefði verið blekkt með því að húsnaði, sem Heilsværndarstöðin sagðist hafa aðgang að, hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta, áður en fjallað hafi verið um samstarf við stöðina hjá ráðinu, þann 9. apríl.

Um ræðir búsetuárræði fyrir fíkla í eftirmeðferð, sem til stendur að verði í Norðlingaholti.

Þorleifur Gunnlaugsson, full-



STELLA VÍÐISDÓTTIR

ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON

trúi VG, minnr á að umræddir fíklar hafi verið á hrakhólum í eitt og hálf ár, síðan Byrginu var lokað.

Skrifstofustjóri á velferðarsviði, Ellý Alda Þorsteinsdóttir,

vísar spurningu um hvort borgarráð hafi verið blekkt til Heilsværndarstöðvarinnar. „Áðrar upplýsingar en þær sem við fengum frá þeim lágu ekki fyrir.“

Ástæða þess að enn hafi ekki verið gengið frá málinu sé sú að beðið sé eftir upplýsingum.

Hún treystir sér ekki til að setja tímamörk, en hún eigi ekki von á því að beðið verði lengur en í nokkrar vikur enn.

Stella Víðisdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs, segir að ekkert hafi verið ákveðið um hvað verði úr, gangi samningar við Heilsværndarstöð ekki eftir. - kóp

Hátíðarhöld í Vogunum:

Hverfagrill og veiði í Vogum

HÁTÍÐARHÖLD Fjölskylduhátíð verður haldin í Vogunum í dag. Hátíðin hefst klukkan hálf tíu með dorgveiðikeppni. Milli tvö og fimm verða ýmis skemmtiatriði í boði.

Klukkan hálf tvö mun forseti Íslands afhjúpa útilistaverk á Eyrarkotsbakka. Verkið, sem er eftir Erling Jónsson, er minnisvarði um sjómennsku og útgerð á svæðinu.

Um kvöldið verður svo hverfagrill á þremur stöðum í Vogunum. Hátíðinni lýkur með flugeldasýningu á vegum Björgunarsveitarinnar Skyggis klukkan hálf tólf á miðnætti. - ges

Úrskurður ráðherra:

Öll orkan í álver

UMHVERFISMÁL „Það hefði verið gott að geta haft þann valmöguleika að nota orkuna í eitthvað annað en álver. En nú er umhverfisráðherra búinn að festa orkuna við þetta ákveðna verkefni,“ segir Höskuldur Þórhallsson, alþingismaður um úrskurð Þórunnar Sveinbjarnardóttur, umhverfisráðherra um að meta skuli heildstætt áhrif allra framkvæmda vegna álvers á Bakka við Húsavík. Segir hann úrskurð ráðherra gera það að verkum að öll orka sem fái á svæðinu verði bundin við álver. Hana megi því ekki nýta til annarra framfariverkefna á svæðinu. - ovd



BILL OG HILLARY Verða áberandi á landsþinginu í Denver. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Landsþing demókrata:

Clinton meðal ræðumanna

BANDARÍKIN, AP Bill Clinton, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, verður meðal ræðumanna á landsþingi Demókrataflokksins nú í lok ágúst. Á þinginu verður Barack Obama formlega útnefndur forsetaefni flokksins.

Clinton hefur verið einn harðasti gagnrýnandi Obamas, en hann nýtur enn mikilla vinsælda í röðum demókrata. Hann var eindrægur stuðningsmaður eiginkonu sinnar, Hillary, í baráttunni um útnefningu flokksins.

Hillary Clinton verður aðalræðumaður á öðru kvöldi landsþingsins, sem hefst 25. ágúst. - gb

Hugmyndir um að fækka strætóferðum

Stjórnendur Strætó bs. hafa lagt til að dregið verði úr þjónustu fyrirtækisins vegna rekstrarvanda. Uppsafnað tap, gengisþróun og olíuverð orsök vandans.

SAMGÖNGUR Strætó bs. á í fjárhagsvanda og telja stjórnendur fyrirtækisins að 300 milljónir vanti upp á reksturinn á þessu ári. Í greinargerð þeirra, sem lögð var fyrir borgarráð í vikunni, fylgir með tillaga um hvernig hægt væri að taka á vandanum með því að skerða aksturinn.



ÁRMANN KR. ÓLAFSSON

Stjórn fyrirtækisins hefur ekki tekið afstöðu til tillögunnar og er nú verið að kynna hana fyrir eigendunum. Komi ekki til skerðingar þarf frekari framlög sveitarfélaga.

Ármann Kr. Ólafsson, stjórnarformaður Strætó, segir alls óvíst hvað verði ofan á. „Við munum taka ákvörðun þar um á næsta stjórnarfund. Sjálfur tel ég líklegast að fram komi tillaga um sambland af skerðingu og auknu framlagi.“

Í greinargerðinni er vandinn sagður tvíþættur; annars vegar uppsafnað tap fyrri ára og hins vegar gengisþróun og hækkun á olíu, launum og aðföngum.

Svokölluð Strætó-vísitala mælir verðhækkningar vegna verktöku. Hún hefur hækkað um rúm 13 prósent undanfarna 12 mánuði, eða um 140 milljónir. Þá hefur 50 prósent hækkun á olíu kostað fyrirtækið 90 milljónir, hækkun varahluta 30 milljónir, orðnar og yfirvofandi launahækkningar 25 milljónir og hátt vaxtastig 15 milljónir.

Eigendur fyrirtækisins gripu til aðgerða vegna skuldastöðu fyrir-



STRÆTÓ Hugmyndir um skerðingu þjónustu vegna rekstrarvanda liggja nú fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

tækisins og í nóvember í fyrra hófst innborgun á nýju 550 milljón króna framlagi, sem stendur til september á næsta ári. Stjórnendur Strætó segja það hvergi næri duga til og miðað við stöðu eigin fjár í árslok 2007 vanti um 400 til 500 milljónir til að koma eiginfjárstöðu í jákvætt horf.

Þá kemur fram að þrátt fyrir eflingu leiðarkerfisins hafi farþegum ekki fjölgað það sem af er ári miðað við sama tíma í fyrra. Er það þvert ofan í væntingar.

Verði farið eftir tillögunum um skerðingu mun akstur verða minni um helgar og á kvöldin en nú er. Þá verður tíðni á þremur fjölförnum leiðunum minni en hún nú er utan álagstíma. Þá er lagt til að skerðing á hringleiðum og

DRÖG AÐ SPARNADI

- Helgidagaakstur hefjist kl. 12 í stað kl. 10.
- Laugardaga verði tíðni 60 mín. kl. 6.30 - 12.00.
- Leið 2 verði alfarið á 30 mín. tíðni á sama hátt og leið 5.
- Kvöld virka daga og laugardaga verði tíðni 60 mín. eftir kl. 19.
- Leið 1, 3 og 6 verði 15 mín. tíðni á annatíma (er nú allan daginn).

Skerðing hringleiða og aksturs á jaðarsvæði, leiðar 23, 25 og 27, verði könnuð.

akstur á jaðarsvæðum - Álftanesi og Akranesi til dæmis - verði könnuð. Stjórn Strætó kemur saman 29. ágúst.

kolbeinn@frettabladid.is



FANGABÚÐIRNAR Á KÚBU Bandaríkjaþer heldur enn nærri 300 fongum þar án dóms og laga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vægur Guantanamo-dómur: Kjaftshögg fyrir Bush-stjórnina

GUANTANAMO, AP Dómurinn er „lööðrunger í andlit“ Bush-stjórnarinnar, segir David Remes lögmaður um fyrsta dóminn sem sérdómstóll á vegum Bandaríkja-hers felldi yfir fanganum Salim Hamdan, fyrrverandi bílstjóra Osamas bin Laden, sem hefur verið í haldi hersins á Kúbu í rúm fimm ár.

Dómurinn varð mun vægari en búist var við. Saksóknarar höfðu krafist 30 ára fangelsis háð minnsta, en niðurstaðan varð fimm og hálf ár, sem þýðir að hann á aðeins eftir að aflána fimm mánuði af dómnum.

„Þeir ákváðu að gera þetta að prófmáli, en reiknuðu aldrei með að fá svona hranalegt afsvar,“ segir Remes, sem er lögmaður fimmátán annarra fanga í Guantanamo-búðunum. - gb

FRAKKLAND

Sprengjur aftengdar

Sprengjusérfærðingar aftengdu í gær þrjár sprengjur sem komið hafði verið fyrir á ferðamannastöðum við Baskalandsströnd Frakklands við Biscayaflóann. Lítið var víta um sprengjurnar með nafnlausri hringingu í neyðarlínuna fyrir dögum. Sprengjurnar voru „veikar og lélegar“, að sögn lögreglu.

ostur.is

Ómissandi í veisluna!

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson
Veðurfræðingur

GLEÐIGANGA OG FISKISÚPA Tveir stórir viðburðir eru í dag. Fiskidagurinn mikli á Dalvík og Gleðigangan mikla á Hinsegin dögum. Á báðum þessum stöðum eru horfur á finasta veðri, hægum vindi og þurrki og ýmist hálf- eða léttskýjað. Hitinn verður sýnu meiri í Reykjavík eða í kringum 15 stig þegar best lætur.

Á MORGUN 8-20 m/s Hægst austan til.

MÁNUDAGUR 3-8 m/s

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	22°
Billund	20°
Ósló	20°
Stokkhólmur	23°
Gautaborg	24°
London	19°
Paris	25°
Frankfurt	23°
Friedrichshafen	23°
Berlín	21°
Alicante	29°
Mallorca	33°
Basel	24°
Eindhoven	23°
Las Palmas	26°
New York	28°
Orlando	32°
San Francisco	17°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

F Plús fjölskyldutryggingar
í öllum regnbogans litum!



Filton/SIA

KJÖRKASSINN



Ætlar þú að fylgjast með setningu Ólympíuleikanna í Peking í Kína?

Já	25,7%
Nei	74,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Styður þú mótmæli Ásmundar Jóhannssonar, kvótalausa sjómannsins frá Sandgerði?

Segðu þína skoðun á visir.is



Sigrún Bjarnadóttir bóndi: Á móti virkjun en samdi samt

UMHVERFISMÁL „Það var ekki annað hægt en að semja, við vildum ekki láta taka þetta eignarnámi,“ segir Sigrún Bjarnadóttir, bóndi á Fossnesi við Þjórsá.

Sigrún er mótfallin virkjunum en samdi samt við Landsvirkjun. Hún segist ekki treysta því að ríkisstjórnin láti ekki taka landið eignarnámi að endingu, en svo gæti farið, teljist almannahagsmunir krefjast þess að verði virkjað.

- kóp

ÍTALÍA

Pininfarina deyr

Andrea Pininfarina, forstjóri hins fræga ítalska bílahönnunarframtækis sem afi hans stofnaði, fórst í mótór-hjólalysi í Tórinó á fimmtudagsmorgun. Pininfarina hefur hannað bíla fyrir framleiðendur á borð við Ferrari, Maserati, Alfa Romeo, Volvo og Lancia.

Sigurður Tómas Magnússon ráðinn til að undirbúa embætti héraðssaksóknara:

Fenginn af ráðherra í starfið

STJÓRNSÝSLA „Ég hef verið að vinna á þessu sviði, meðal annars í Baugsmálinu. Ég er líka búinn að starfa sem dómari og svo kenni ég opinbert réttarfarar við Háskólann í Reykjavík,“ segir Sigurður Tómas Magnússon um ástæðu þess að hann var ráðinn tímabundið til að undirbúa nýtt embætti héraðssaksóknara.

Þessi staða tímabundins verkefnisstjóra var ekki auglýst. „Það var ekki skylda að auglýsa stöðuna því þetta er ekki fastráðning að neinu leyti,“ segir Ragna Árnadóttir, ráðuneytisstjóri dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Sigurður var fenginn til verkefni-



SIGURÐUR TÓMAS MAGNÚSSON Hann var saksóknari í Baugsmálinu og er núna verkefnisstjóri til að undirbúa nýtt embætti héraðssaksóknara.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

isins af Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra. Ástæðuna segir Björn vera „vegna víðtækra

reynslu hans sem embættismaður [í dómsmálaráðuneytinu], héraðsdómari, formaður dómstólaráðs, settur saksóknari og fræðimaður á sviði lögfræði við Háskólann í Reykjavík“.

Nýtt embætti héraðssaksóknara verður sett á laggirnar 1. janúar 2009 og meðal verkefna Sigurðar verður að gera tillögu að starfsmannafjölda, uppbyggingu embættisins, fjárförð og fleira.

„Ég verð einn í þessu en vinn þétt með þeim stofnunum sem koma að þessu. Ég hef þegar farið á fund ríkissaksóknara og það verður mikil og náin samvinna við hann í þessu verkefni,“ segir Sigurður.

- vsp

Suðurkóreskir foreldrar:

Fá að vita kyn barna sinna

SUÐUR-KÓREA, AP Stjórnlagadómstóll Suður-Kóreu hefur fellt úr gildi bann við því að læknað segir foreldrum kyn fósturs.

Bannið var lagt á árið 1987 til að koma í veg fyrir fóstureyðingar stúlkubarna. Margir Suður-Kóreumenn hafa litið svo á að arfleifð fjölskyldna lifi aðeins áfram með sonum.

Stjórnlagadómstóllinn taldi óþarft að banna foreldrum að vita kyn barna sinna á seinni hluta meðgöngu, þegar of seint er að fara í fóstureyðingu. Auk þess hafi fæðingartíðni stúlkna og drengja jafnast.

- gh

Samvinna í Hafnarfirði:

Alcan vökvar golfvöllinn

ÍPRÓTTAÐKUN Á næsta ári mun

golfvöllur Keilis í Hafnarfirði verða vökvaður með vatni frá álverinu í Straumsvík.

Vatnið kemur úr einni af borholunum sem eru nálægt álverinu og er

notað til að kæla þar vélar. Það er í lokuðu kerfi uns það mun eftir 1. október fara í lítið uppistöðulón.

Kylfingar munu verða varir við breytingarnar því uppistöðulónið verður einnig þraut fyrir þá á einni brautinni.

„Þetta er samkomulag sem báðir græða á,“ segir Ólafur Ágústsson vallarstjóri sem lætur vel af nágrönnunum. „Þetta sparar okkur um milljón krónur á ári.“

- jse



ÓLAFUR ÁGÚSTSSON

Heimilisofbeldismál gerast vart alvarlegri

Maðurinn sem Hæstarétti þykir ekki ástæða til að halda í nálgunarbanni er grunaður um að hafa látið ókunnuga menn nauðga konu sinni og mynda það. Jón Steinar Gunnlaugsson segir lögin ekki óskýr, þrátt fyrir ágreining dómara.

LÖGREGLUMÁL Lögregla hefur nú til rannsóknar mál karlmanns sem grunaður er um að hafa beitt fyrrverandi sambýliskonu sína langvarandi og alvarlegu ofbeldi, meðal annars misnotað hana kynferðislega, frá árinu 2005. Hæstiréttur, og þar áður héraðsdómur, hafnaði beiðni lögreglu um að maðurinn sætti áframhaldandi nálgunarbanni.

Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglu, segir að meint brot mannsins séu eins alvarleg og gerist með brot af þessu tagi og að ærin ástæða hafi verið fyrir því að óskað hafi verið eftir áframhaldi á nálgunarbanni.

Ákæru á hendur manningnum fyrir líkamsárásir á konuna var vísað frá héraðsdómi í apríl vegna annmarka. Meint kynferðisbrot mannsins gegn konunni, sem nú eru í rannsókn, verða sameinuð líkamsárásarbrotunum og ákært að nýju fyrir þau saman þegar rannsókn lýkur, segir Björgvin. Það verði vonandi fljótlega.

Í greinargerð lögreglu um málið segir að konan hafi hlotið mikla áverka af ofbeldi mannsins. Samkvæmt áverkavottorði hafi hún hlotið rifbeinsbrot, sprungna hljóðhimnu auk þess sem hún var með fjölda marbletta víða um líkamann. Þá sé hún einnig með eldri marbletti víða sem þykir renna stoðum undir það að hún hafi verið beitt langvarandi ofbeldi, eins og hún hefur borið um.

Kynferðisbrotin sem nú eru til rannsóknar lúta meðal annars að því að maðurinn hafi fengið ókunnuga karlmenn sem hann komst í samband við á netinu eiga kynferðislegt samneyti við konuna gegn hennar vilja, stundum nokkra í einu. Hann hafi hóttað henni ofbeldi ef hún hlýddi ekki, oft



HÆSTIRÉTTUR Meirihluti dómara komst að þeirri niðurstöðu að ekki lægi fyrir rökstudd ástæða til að ætla að maðurinn myndi brjóta gegn konunni eða raska á annan hátt fríði hennar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

LÖGIN SKÝR UM ÞAÐ SEM ÞAU HAFU AÐ GEYMA

Hæstaréttardómari Jón Steinar Gunnlaugsson segir lög um nálgunarbann nægilega skýr, þrátt fyrir að dómurinn hafi tvívegis klotnað í afstöðu sinni til nálgunarbanns umrædds manns.

„Ég held að lögin séu alveg skýr um það efni sem þau hafa að geyma. Það getur hins vegar verið að einhverjir vildu að þau hefðu að geyma eitthvað fleira,“ segir Jón Steinar.

Jón Steinar og Ólafur Börkur Þorvaldsson töldu ekki ástæðu til



JÓN STEINAR GUNNLAUGSSON

af úrskurða manninn í nálgunarbann. Páll Hreinsson var ósammála og skilaði sératkvæði. Sagði hann frelsisskerðinguna sem fælist í nálgunarbanni óverulega og því ætti að fallast á beiðni lögreglu.

Maðurinn var úrskurdaður í nálgunarbann í hálf tölurinn 31. janúar síðastliðinn.

Þeim dómi var Jón Steinar ósammála og skilaði sératkvæði. Þá sat Hjördís Hákonardóttir hins vegar í dómnum í stað Ólafs Barkar Þorvaldssonar.

tekið kynmökkin upp á myndband og jafnvel stýrt samræðinu.

Þá hafi hann brotið gegn fyrri nálgunarbanninu með því að setja sig í samband við konuna.

„Þetta er ómurlegt og staðfestir ítrekaða gagnrýni mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna,“ segir Atli Gíslason þingmaður og vísar til skýrslna frá 2003 og 2008

um kynjafnrétti á Íslandi, þar sem meðal annars var minnst á framkvæmd nálgunarbanns hérlandis.

Hann telur að breyta þurfi lögum. „Þetta er niðurstaða meirihluta Hæstaréttar og ef hann tülkar lögin svona þá er ekkert annað að gera en að breyta þeim.“

stigur@frettabladid.is

Hefur þú séð þessa bíla?

Ef svo er hafðu þá samband við Sjóvá. Fundarlaun í boði.



Bífreidd af gerðinni Jeep Grand Cherokee SRT 8 árgerð 2007 var stolið frá Bílahorninu Funahöfða 5 á tímabilinu 16.-18. júlí 2008. Bílnúmerið er AR V28, grár að lit.



Bífreidd af gerðinni DODGE Magnum 2005 var stolið frá Vallarkór í Kópavogi á tímabilinu frá 26.-29. júlí. Bílnúmerið er NS 660, blár að lit.

Þeir sem verða bílanna varir eru beðnir að hafa samband við Sjóvá í vaktsmann 800 7112 eða við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu í síma 444 1000.

SJÓVÁ

Kringlunni 5, 103 Reykjavík | Sími 440 2000 | sjova.is

Búðarhálsvirkjun skotið fram fyrir virkjanir í neðri hluta Þjórsár vegna dómsmáls:

Útboð vegna virkjunar í haust

ORKUMÁL Forsvarsmenn Landsvirkjunar hafa ákveðið að bjóða út framkvæmdir vegna Búðarhálsvirkjunar og búnað vegna fjögurra fyrirhugaðra virkjana snemma í haust. Áformin voru kynnt fyrir stjórn fyrirtækisins í gær, segir Ingimundur Sigurpálsson, stjórnarformaður Landsvirkjunar.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í júlí munu málaferli vegna vatnsréttinda vegna virkjana í neðri hluta Þjórsár teyja áform Landsvirkjunar um að reisa þrjár virkjanir í ánni.

Í tilkynningu frá fyrirtækinu kemur fram að framkvæmdir við þær virkjanir verði í fyrsta lagi

boðnar út í byrjun næsta árs.

Þrátt fyrir það verður vélbúnaður og rafbúnaður fyrir Búðarhálsvirkjun og virkjanir í neðri hluta Þjórsár boðinn út saman í haust. Ákvæði verða í samningum um að hægt verði að hætta við kaup á búnaði fyrir aðrar virkjanir en Búðarháls, verði ekki af áformum um virkjanirnar.

Öll leyfi fyrir Búðarhálsvirkjun eru til staðar. Virkjunarstæðið er í Tungnaá, skammt frá Sultartangavirkjun. Framkvæmdir við virkjunina hófust raunar árið 2002, en þeim var frestað árið 2003.

Uppsett afl Búðarhálsvirkjunar verður um 80 megavött. Orka frá virkjuninni mun annars vegar



URRIDAFOSS Málaferli vegna vatnsréttinda í Þjórsá munu hefjast fyrir haustið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

fara til netþjónabús Verne Holding á Keflavíkurflugvelli, en hins vegar til Rio Tinto Alcan. Rio Tinto hyggst auka álframleiðslu í álveri sínu í Straumsvík um allt að 40 þúsund tonn á ári.

- bj



Mismunandi vegg og loftljós



Borðstofuborð og stólar



Sófasett, sófaborð og hægindastólar



Eldhúsborð og stólar



Garðhúsgögn



Skenkar og stofustáss



Hönnun á heimsmælikvarða

Opið alla helgina...

Laugardag
Sunnudag

11 - 16
13 - 16

ekki missa af þessu

SANCAL

ROLF
BENZ

GRASSHOPPER



TONON

Einstakt tækifæri
til að eignast vandað innbú

15-60%

...af öllum vörum í EXÓ

Reykjavík / Oslo



Fákafen 9
Sími: 568 2866
exo@exo.is
www.exo.is

VEISTU SVARIÐ?



- 1 Hvaða leikari hefur skipt úr Þjóðleikhúsinu í Borgarleikhúsið?
- 2 Forseti hvaða Afrikuríkis vill koma til Íslands að kynna sér jarðvarma?
- 3 Hvaða ungi ljósmyndari heldur sína fyrstu ljósmynda-sýningu í London um þessar mundir?

SVÖRIN ERU Á Síðu 46

Ítalskur faðir vill að dóttir sín fái að deyja:

Hefur legið sextán ár í dái

ÍTALÍA, AP Harðar deilur standa nú yfir á Ítalíu um dómsúrskurð, þar sem fallist var á beiðni frá Beppino Englaro um að læknar taki úr sambandi tækjabúnað sem heldur lífi í dóttur hans.

Dóttirin, Eluana Englaro, hefur legið í dái í sextán ár og læknar telja engar líkur til þess að hún vakni til meðvitundar á ný. Hún var tvítug þegar hún lenti í bílslysi árið 1992 og hefur síðan þá verið haldið á lífi á sjúkrahúsi í borginni Lecco á Norður-Ítalíu.

Faðir hennar hefur í meira en áratug reynt að fá því framengt að tækjabúnaðurinn verði tekinn úr sambandi. Hann heldur því fram að það væri ósk dóttur sinnar. Hann segir að hún hafi skömmu fyrir slysið heimsótt vin sinn á sjúkrahúsi, en hann var þá í svipuðu ástandi og hún nú. Þá hafi hún sagt að hún myndi neita meðferð ef hún lenti í sömu stöðu og hann.

Á Ítalíu er líknardráp ekki leyft, en sjúklingar hafa rétt til að neita meðferð.



HITAMÁL Á ÍTALÍU Vegfarandi skoðar myndir af Englaro.

NORDICPHOTOS/AFP

Áfrýjunarréttur í Milanó féllst á beiðni föðurins, en nú hefur öldungadeild Italiþings falið hæstarétti landsins að fjalla um úrskurð áfrýjunarréttarins.

Saksóknarar hafa einnig áfrýjað málinu til æðsta sakamáladómstóls landsins.

- gb

Bretar fá sýklalyf án lyfseðils:

Lausasala lyfja ekki skoðuð hér

LONDON Bretar leyfa nú sölu sýklalyfja án lyfseðils. Fólk yfir sextán ára aldri, einkennalausir sjúklingar og bólfélagar þeirra, geta nú nálgast lyfið azithromycin til að meðhöndla klamydíu.

Lausala sýklalyfja hefur ekki verið skoðuð hér á landi að sögn Rannveigar Gunnarsdóttur, forstjóra Lyfjastofnunar. Slíkt geti þó komið til verði breytingar í nágrannalöndunum.

„Ofnotkun sýklalyfja er hins vegar ekki æskileg vegna hættu á myndun ónæmra baktería,“ segir Rannveig. „Það er mikilvægt að læknir ávísi lyfjunum og þau séu notuð rétt.“

- ht

DÓMSMÁL

Fjórir í gæsluvarðhald

Fjórmennningar á milli þrítugs og fimmtugs hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald til mánudags. Þeir eru grunaðir um þjófnaði og innbrot á höfuðborgarsvæðinu. Í fórum þeirra fannst þýfi úr innbrotum sem framin voru um síðustu helgi. Hluta þýfisins hefur verið komið til skila.

ÓVÍST UM RAMSES

Ekki úrskurðað enn

Starfsmenn dómsmálaráðuneytis hafa ekki lokið við úrskurð um kæru Pauls Ramses flóttamanns, eftir því sem næst verður komist, en stefnt er á að gera það í mánuðinum. Dómsmálaráðherra, Björn Bjarnason, gefur ekki upp nánari tímasetningu.

Lestarslys í bænum Studenka í Tékklandi í gær:

Minnst sex fórust

TÉKKLAND, AP Hraðlest á leið frá Póllandi til Prag rakst í gær á



RAKST Á BRÚ Lestir lenti á hluta úr brú sem er í smíðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

hluta úr brú með þeim afleiðingum að minnst sex manns fórust. Brettán manns hlutu alvarleg meiðsl og tugir slösuðust minna.

Þetta er versta lestarslys sem orðið hefur í Tékklandi síðan árið 1995, þegar níttján manns dóu í árekstri tveggja lesta. Forsætisráðherrar bæði Tékklands og Póllands skunduðu í gær á slystað til að kynna sér aðstæður.

Slysið varð með þeim hætti að bítar úr brú, sem verið var að endurnýja í grennd við bæinn Studenka í Austur-Tékklandi, hrundu niður á teinana rétt áður en lestina bar að.

- aa



FORELDRAR Í KORPUSKÓLA Menntaráð kynnti tillögur sínar á fjölsóttum foreldrafundi í Korpuskóla í fyrirkvöld. Þær ganga út á að nýbygging risi við skólann eftir tvö ár en áttunda til tíunda bekk verði í millitíðinni kennt í Víkurskóla.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Úr heilsuspillandi stofum í annan skóla

Skiptar skoðanir eru hjá foreldrum barna í Korpuskóla um að unglíngadeild skólans verði kennt í Víkurskóla. Menntaráð kannar safnskóla fyrir unglíng.

MENNTAMÁL Skiptar skoðanir eru hjá foreldrum barna í Korpuskóla um að sextíu nemendum áttunda til tíunda bekkjar verði næstu tvo vetur kennt í Víkurskóla. Gert er ráð fyrir að nemendum verði ekið á milli í upphafi og lok skóladags.

„Það leggst ekki vel í okkur að börnin þurfi að skipta tímabundið um skóla,“ segir Birgir Ísleifsson, faðir stúlku í sjöunda bekk Korpuskóla. „Það er ljóst að mistök voru gerð og börnin líða fyrir.“

Korpuskóli var tekinn í notkun árið 2005 en var áður til húsa á Korpúlfsstöðum. Skólabyggingin rúmaði frá upphafi ekki börn hverfisins og lausum kennslustofum var því komið fyrir við skólann. Þær verða nú fjarlægðar eftir að þar fundust myglusveppir og bakteríur eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu.

Nokkrir foreldrar sem Fréttablaðið ræddi við eftir fund með menntaráði Reykjavíkurborgar í fyrirkvöld lýstu áhyggjum af rótleysi unglínganna, sem þurfi núna að sækja skóla í annað hverfi en þangað sé löng leið og yfir hættulega umferðargötu að fara.

Foreldrar lýstu yfir mikilli ánægju með að byggt verði við skólann, en því verki á að vera lokið

árið 2010. Magnea Karlsdóttir sagði niðurstöðuna framar vonum. „Ef nýbygging fæst er ekki hægt að óska sér meira.“

„Ég tel þessa niðurstöðu farsæla og góða en eðlilega vögnuðu spurningar hjá foreldrum þar sem ekkert er okkur kærara en velferð og menntun barna okkar,“ segir Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður menntaráðs Reykjavíkurborgar.

Júlíus Vífill segir stefnu borgarinnar að fækka lausum kennslustofum en það geti tekið sinn tíma vegna þess hversu margar þær séu. „Það er augljóslega hagkvæmara að byggja við skólann en koma fyrir nýju bráðabirgðahúsnæði.“

Menntaráð kannar hvort fýsilegt sé að safnskóli risi fyrir unglíngadeildir nokkurra grunnskóla í Grafarvogi. „Það er ýmislegt sem mælir með því þar sem unglíngar finni sig betur í fjölmennari skólum þar sem meira val og félagsleg breidd býðst,“ segir Júlíus Vífill.

Þessar hugmyndir hafi þó ekki áhrif á það hvort viðbygging risi við Korpuskóla. „Húsnæðið yrði hannað þannig að það væri fjölnota fyrir hverfið og gæti því hentað fyrir aðra starfsemi færi svo að safnskóli risi í Grafarvogi.“

helgat@frettabladid.is

Styrkur frá NATA

Samstarf á sviði ferðamála milli Grænlands, Íslands og Færeyja

Allir sem áhuga hafa á bættum samskiptum á sviði ferðamála milli landanna þriggja geta leitað eftir aðstoð við að fjármagna verkefni, hugmyndir, ferðir eða því um líkt. Umsóknir skulu fela í sér samstarf milli tveggja af löndunum þremur hið minnsta.

Sækja má um aðstoð á eftirfarandi sviðum:

Menntun

Dvöl til að kynna sér aðstæður, faglegar námsferðir, skólaferðalög, menntun á sviði ferðamála, rannsóknir o.s.frv.

Þróun ferða

Siglingar, þemaferðir, stuttar heimsóknir (short break) o.s.frv.

Samstarf þjóða í milli

Menningartengdir viðburðir, skólaferðir, íþróttiferðir, vinabæjatengsl o.s.frv.

Markaðssetning og skilgreining ferðamennsku

Allar umsóknir skulu vera á þar til gerðum eyðublöðum. Sem fylgiskjöl með umsókninni skal leggja fram nákvæma útlístun á verkefni, svo og fjárhagsáætlun.

Umsóknir skulu vera á dönsku eða ensku og sendast til:

NATA c/o
Ferðamálastofa
Lækjargata 3,
101 Reykjavík

Lokafrestur til að senda umsóknir er til 29. ágúst 2008.

Umsóknareyðublað má nálgast á vef Ferðamálastofu, www.ferdamalastofa.is

NATA er samstarfssamningur ferðamálaráðuneyta í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi. Markmið samningsins er að auka skilvirgni í samstarfi aðila er sinna ferðamálum í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi með því að styrkja, samhæfa og tryggja framboð samvinnuverkefna aðildarlandanna á þeim sviðum ferðamála þar sem þau eiga einkum sameiginlega hagsmuna að gæta.



North Atlantic Tourism Association

Allt í skólann

JEVA Vandaðar skólatöskur



Taskan skiptir máli - Jevatöskurnar eru viðurkenndar af iðjupjálfum

Mikið úrval af skólavörum



→ 295_{kr}

Vinnubækur A4 línustrikuð



→ 999_{kr}

Sundpokar, frábært verð



→ 585_{kr}

Pennaveski á frábæru verði



Skólavörur í úrvali



Vandaðar skólatöskur í úrvali



Mikið úrval af pennaveskjum

Gildir til 11. ágúst eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15
4.212 +0,77%Fjöldi viðskipta: 176
Velta: 5.457 milljónir

MESTA HÆKKUN

BAKKAVÖR +4,23%
EXISTA +2,11%
ICELANDAIR +1,73%

MESTA LÆKKUN

ATLANTIC PET. -1,77%
EIK BANKI -1,43%
EIMSKIPAFÉLAGIÐ -0,70%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 6,83 +0,29% ... Atorka 5,48 +0,37% ... Bakkavör 27,10 +4,23% ... Eimskipafélagið 14,20 -0,70% ... Exista 7,27 +2,11% ... Glitnir 15,30 +1,33% ... Icelandair Group 17,60 +1,73% ... Kaupþing 719,00 +0,28% ... Landsbankinn 23,15 +0,65% ... Marel 83,30 +0,60% ... SPRON 3,50 +0,00% ... Straumur-Burðarás 9,37 +0,32% ... Teymi 1,35 +0,00% ... Össur 87,00 +0,00%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

Peningaskápurinn

Flott opnun í Kína

Ólympíuleikarnir hófust í Peking í gær með mikilfenglegri athöfn. Viðburðurinn hefur gríðarlega mikla stjórnála- og efnahagslega þýðingu fyrir Alþýðulýðveldið. Þó engar opinberar tölur hafi verið birtar um kostnað við leikana má vera ljóst að Kína hefur lagt út í verulegan kostnað vegna þeirra. Kínverskir embættismenn hafa þó látið hafa eftir sér að kostnaðurinn verði ekki meiri en vegna leikana í Aþenu 2004 sem kostuðu um 2,6 milljarða Bandaríkjadala.



Kostnaður samt óheyrilegur

Upphaflegar áætlanir hljóðuðu upp á 1,6 milljarð dala en skipulagsnefnd leikana sagði að þær áætlanir myndu ekki standast og kostnaðurinn væri nær tveimur milljörðum dala. Kostnaður vegna uppbyggingar íþróttamannvirkja og betrubóta á samgöngum eru hins vegar ekki inni í þessum tölum og því ljóst að kostnaðurinn er töluvert hærri. Í umfjöllun Greiningar Glitnis í gær er skotið á að heildarkostnaður kunni að vera á milli 25 og 40 milljarðar dala. Vegleg skekkjumörk þar.

MARKAÐSPUNKTAR

Bandaríski íbúðalánasjóðurinn Fannie Mae tapaði 2,3 milljörðum dollara á öðrum ársfjórðungi. Afkoman er mun verri en spáð hafði verið. Eigið fé sjóðsins hefur dregist saman um 51 prósent frá áramótum og er nú 13,1 milljarður dollara.

Þýski þróunarbankinn KfW tilkynnti á fimmtudag um 2 milljarða króna viðbótarútgáfu í flokki krónubréfa. Bréfin eru á gjalddaga 15. júlí 2010 og bera 9,5 prósent vexti. Greining Glitnis telur líklegt að ríkisbréf hafi verið keypt á móti útgáfunni.

Royal Bank of Scotland tapaði 691 milljón punda á fyrri helmingi ársins. Tapið er minna en spáð hafði verið, samkvæmt vegvísi Landsbankans. Tapið er það fyrsta í sögu bankans frá skráningu á markað fyrir um 40 árum.

Tölur benda á samdrátt

Vísbendingar eru um meiri samdrátt en búist hafði verið við í helstu iðnríkjum, samkvæmt nýjum hagvísnum OECD.

Þó er búist við auknum hagvexti í Kína og Brasilíu en niðursveiflu á Inlandi og í Rússlandi.

Helstu hagvísar (CLI) OECD féllu um 0,6 prósent í júní og voru fimm stigum lægri en í sama mánuði 2007. Hagvísar Bandaríkjanna féllu um 0,2 prósent og voru 5,4 stigum lægri en 2007. Hagvísar evrusvæðisins féllu um 0,8 stig og voru 5,2 stigum lægri en í sama mánuði 2007.



Í KAUPHÖLL Í Brasilíu er efnahagslífið ekki á niðurleið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Jákvæðastar voru tölurnar í Kína þar sem hagvísar stóðu í stað í júní og voru 0,8 stigum hærrí en 2007. Hið sama á við um hagvísar Brasilíu sem jukust um 2,2 stig í júní og voru 1,4 stigum hærrí en í sama mánuði 2007. - as

Sparisjóðirnir hafa hagnast á Existu-eign

Þótt afkoma sparisjóða litist mjög af verðfalli hlutabréfa síðustu misseri er staðan enn sú að þeir hafa hagnast á eign sinni í Existu. Sparisjóðurinn í Keflavík horfir til bættrar lausafjárstöðu á næstu dögum þegar lokið verður fjármögnun hjá Íbúðalánasjóði. Stefnt er á að bæta undirliggjandi rekstur, en þar er að finna rót vanda sparisjóðanna.

Varlega reiknað má gera ráð fyrir að frá árslokum 2003 til dagsins í dag hafi ávöxtun sparisjóðanna af eign sinni í Existu numið 130 prósentum. Það samsvarar 20 prósentu ávöxtun á ári.

Samanlagt hafa sparisjóðirnir fengið rúmlega 3,1 milljarð króna í arð á tímabilinu og verðmæti eigin fjár þeirra sem bundið er í Existu hefur nánast tvöfaldast. Þannig nam hlutur sparisjóðanna í eign fé Existu í árslok 2003 (að viðbætti hlutafjárútkningu 2005) samtals um 6,7 milljörðum króna. Verðmæti þessarar sömu eignar næmi að markaðsvirði í dag 12,4 milljörðum króna.

„Við höfum ekki tekið þetta saman með þessum hætti, en vitum að við höfum til þessa hagnast á þessu,“ segir Geirmundur Kristinsson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðsins í Keflavík, og segir tölurnar hljóma líklega.

Í umfjöllun um bága stöðu sparisjóðanna er gjarnan vísað til þess að afkoma þeirra á þessu ári litist af miklu verðfalli bréfa Existu síðustu misseri. Þrengingar á fjármálamörkuðum og erfiðleikar í fjármögnun hafa meðal annars orðið til þess að Spron sameinast að líkindum Kaupþingi, en bankinn hefur einnig nýverið eignast 80 prósent í Sparisjóði Mýrasýslu með því að leggja þar inn tveggja milljarða rekstrarfé.

Geirmundur segist telja að Sparisjóðurinn í Keflavík komist í gegnum þann brimskafl sem við er að etja nú. „Annars værum við nú ekki í þessu. Spurningin er bara hvað menn geta hangið lengi,“ segir hann og áréttar að ekki hafi



Á HITAFUNDI Í VIKUNNI Erlendur Hjaltason, stjórnarformaður Spron og forstjóri Existu, heldur hér tölu á hitafundi hluthafa Spron á miðvikudagskvöld þar sem samþykktur var samruni við Kaupþing. Vandí sparisjóða hefur gjarnan verið tengdur verðfalli á hlutabréfum, en undirliggjandi vandi kann að vera djúpstæðari. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

EIGNARHLUTUR OG ÁVÖXTUN Í EXISTA FRÁ ÁRINU 2003

Upphæðir í milljónum króna. Markaðsvirði miðað við byrjun vikunnar.	Eigið fé og aukning %	Arður '05-'07	Markaðsvirði '08	Eign og arður	Meðal-ávöxtun IRR
SPRON	7,9%	2.509	1.159	4.627	20%
Sp. Keflavík	3,8%	1.212	560	2.234	20%
Icelandair	5,8%	1.828	845	3.372	20%
SPM	1,7%	534	247	985	20%
Sp. Húnabings og Str.	0,7%	213	98	393	20%
Sp. Svarfdæla	0,6%	1.756	81	323	20%
Sp. Vestfirðinga	0,9%	270	125	499	20%
Sparisjóðir samtals	21,2%	6.741	3.114	12.433	20%
Aðrir	78,8%	25.058	14.247	83.243	-
Samtals	100%	31.799	17.361	95.680	-

verið um stöðutöku sparisjóðanna að ræða í Existu, enda hafi þeir stofnað félagið á sínum tíma. „Aftur á móti mætti kannski segja að við hefðum átt að selja á öðrum tímamarki, en það er alltaf hægt að vera vitur eftir á.“

Í næstu eða þarnæstu viku segir Geirmundur verða mikla breytingu á lausafjárstöðu sparisjóðsins þegar Íbúðalánasjóður tekur af honum íbúðalánapakkan, en í vikunni rann út frestur sparisjóðanna til að sækja um fjármögnun í gegnum Íbúðalánasjóð. Hann segir svo áfram unnið að því að undirliggjandi rekstur sparisjóðsins beri sig. „Við verðum bara að láta hann gera það. Í Keflavík erum við í það minnsta kosti í þeirri vinnu.“

Existu á rætur að rekja til stofnunar eignarhaldsfélags sparisjóða

um hlut þeirra í Kaupþingi á sínum tíma. Útreikningur á ávöxtun sparisjóðanna á eign þeirra í Existu á síðustu árum miðast við árið 2003 vegna þess að þá rannu saman við Existu (sem þá hét Meidur ehf.) Scandinavian Holding S.A. (fjárfestingarfélag sparisjóðanna) og Bakkabræður SARL, um leið og hlutafélag var aukið. Við það jókst hlutur Bakkabræðra og eignarhlutföll sparisjóða í félaginu færðust í það horf sem haldist hefur síðan. Árið 2006 lögðu sparisjóðirnir hluta eignar sinnar í Existu í Kistu-fjárfestingarfélag, sem er í sameiginlegri eigu sparisjóðanna. Í útreikningum blaðsins er ekki gert ráð fyrir að sparisjóðirnir hafi selt hlutabréf í Existu frá árslokum 2005.

olkr@markadurinn.is

Óska eftir að kaupa enskt Lingafon námskeið

Óska eftir að kaupa enskt Lingafon námskeið útgefið árið 1978, -79, -80. Útgáfuár bóka er skráð áberandi fremst í bókum. Námskeiðið síðan 1978 er eina námskeiðið sem eitthvað vit er í.

Upplýsingar í síma 865 7013
Björgvín Ómar Ólafsson

Barcelona

15. ágúst

Frá kr. 29.990

Örfá sæti laus!

Heimsferðir bjóða frábært tilboð til Barcelona, 15. ágúst. Barcelona er einstök perla sem Íslendingar hafa tekið ástfóstri við. Frábært mannlíf og óendanleg fjölbreytni í menningu og afþreyingu að ógleymsdu úrvali fjölbreyttra verslana í borginni. Griptu þetta frábæra tækifæri - takmörkuð gisting og sætafjöldi í boði!

Verð kr. 29.990

Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Sértilboð, 15. ágúst.

Verð kr. 69.990

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíþýli á Gran Hotel Catalonia **** eða Catalonia Ramblas**** í 7 nætur með morgunverði, 15. ágúst.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Kaupa leikhús í Stokkhólmi

Kristján Ra. Kristjánsson og Árni Þór Vigfússon fara fyrir kaupum á tveimur leikhúsum í Stokkhólmi; Göta Lejon og Maxim Teateren. Göta Lejon er eitt af stóru leikhúsum í Stokkhólmi og er tvöfalt stærra en bæði Borgarleikhúsið og Þjóðleikhúsið. Maxim Teateren er svipað að stærð og Þjóðleikhúsið. Rekstur leikhúsanna hefur verið í þeirra höndum frá síðasta vetri en nýlega var gengið frá kaupnum.

Þeir félagar eru báðir búsettir í Stokkhólmi þar sem leikhústarfsemi, sem þeir hafa verið að vinna að á Norðurlöndunum, hefur vaxið ásmegin, bæði er varðar framleiðslu leikrita og söngleikja. Með kaupnum hafa þeir því fært út kvíarnar og er ljóst að til að reka slíkt hús þarf að setja upp margar sýningar. Sem dæmi má nefna að stóra svið Þjóðleikhússins býður upp á 7 sýningar í ár.



STÓRTÆKIR Í SVÍPJÓÐ Árni Þór Vigfússon og Kristján Ra. Kristjánsson hafa sett upp söngleiki við góðan orðstír í Svíþjóð frá árinu 2004, meðal annars Grease og Footlose. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

ÚTSALA REKKJUNNAR

10-50% AFSLÁTTUR!

HELSUKODDAR
ALLT AD
50%
AFSLÁTTUR

SÆNGURVER
30%
AFSLÁTTUR

SVEFNSÓFAR
ALLT AD
30%
AFSLÁTTUR

KING KOIL
(Queen Size 153x203)
FRÁ kr.
89.900

SÝNINGARÚM
OG HÚSGÖGN
50%
AFSLÁTTUR

FJÖLSTYLLANLEG
HELSURÚM
ALLT AD
30%
AFSLÁTTUR



COMFORT
solutions®

By King Koil®

rekkjan

Af meistarans höndum

Gulur, rauður, grænn og blár

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Hundadagar eru dásamlegur tími. Það er tekið að rökkva, nóttin orðin dimm og hlý. Gróðurinn sæll í fullum vexti og mannfólkið tekið að búa sig undir haust eftir sumarannir. Við erum sólgin í birtuna en friðsælt er hauströkkrið, hlé á amstrinu sem við sköpum okkur.

Og þá skella á Hinsegin dagar með látum og fagna hinu sérstæða sem er svo almennt því ekkert okkar guðsbarnanna er eins. Við komum í öllum stærðum eins og sagt er á enskri íslensku, alla vega á litinn, ekkert okkar fullkomið eins og endurreisnarmennirnir virtu í byggingum sínum: allar skyldu þær hafa einn galla, eina missemið til sönnunar um ófullkomleika mannanna verka sem blasti svo víða við í sköpunarverki þess guðs sem þeir trúðu á.

Hinsegin dagar eru hátíð okkar allra sökum þess að þar sjáum við dæmið á strætunum að menn geta breytt umhverfi sem er fjandsamlegt og öfugsnúði, fordómafullt og skaðlegt. Hinsegin dagar veita okkur tækifæri til að samfagna með samkynhneigðum að fáir sem voru útskúfaðir geta unnið sér virtan sess í samfélaginu, stoltir sagt upphátt: hér erum við. Hinsegin dagar hylla hið sérstæða í einstaklingnum og því hafa þeir unnið sér sess í mannlífi borgarinnar.

Hinsegin dagar hylla hið sérstæða í einstaklingnum og því hafa þeir unnið sér sess í mannlífi borgarinnar þessa helgi í ágúst.

Og verða um leið fordæmi okkur öllum, við erum ekki ein, við erum mörg, við erum saman. Bjartsýni, góður vilji og sterkur ásetningur getur fært okkur áfram til fegurra mannlífs. Víst getum við skoðað leiðir að því marki, deilt og þráttáð en er lífið ekki þrátt fyrir allt andstreymi dásamlegt?

Samtök samkynhneigðra hafa sýnt okkur að opin útrétt hönd er affarasælli í styrk sínum en hinn kreppti hnefi. Og á þessum tíma þegar sællífi vellystinga er að baki og bjartsýni er vikið burt fyrir svartsýnisþám eru Hinsegin dagar holl áminning um hvað getur tekist vel og orðið betra.

Við ráðum við vanda ef við viljum það og höfum áræði til þess. Og okkur veitir meir af bjartsýni og áræði en svartagallsrausi, jafnvel þótt hátimbraðar áætlanir hrynji umhverfis okkur, kappið hafi leitt marga í ógöngur oflátungshattar, athafnamenn hafi seilst of langt í sókn sinni eftir veraldlegum gróða, ekki kunnað fótum sínum forráð. Og því harðar er slegist um krónurnar sem minna er af þeim.

Á hörðum tímum er mörgum leiðsagnar vant. Í göngu dagsins í höfuðborginni verður glens og dár, menn skipta um ham á björtum degi, dans verður stiginn í nótt. Hönd í hönd fara kynslóðir um stræti og torg. Dagurinn er bjartur. Erindið djarft: stöndum saman, höldum hátíð. Fögnum lífinu. Látum okkur falla.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson. ADSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjalmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRAR: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Armannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Heimsendaspámennt

Magnús Þór Hafsteinsson, varaformaður Frjálslynda flokksins, varar við því á heimasíðu sinni að heimurinn gæti farist um helgina. Ragnarök verði þegar vísindamenn við Evrópsku óreindarannsóknastofnunina CERN líkja eftir Stóra hveli með óreindahraðli. Magnús segir þessa stærstu eðlisfræðitilraun sem gerð hefur verið, gerða til að veita vísindamönnum meiri skilning á hvernig heimurinn varð til. Orkan sem leysist úr læðingi skapi hins vegar svarthol sem gleypi jörðina. Magnús hefur því fært sig frá því að spá fyrir um endalok Akraness með tilkomu palestínskra flóttakvenna og -barna yfir í heimsendaspár sem tilkonnar eru með eðlisfræðifíkti.

Að kljúfa eða ekki kljúfa

Margir hafa furðað sig á ummælum Björns Bjarnasonar á heimasíðu sinni, þar sem hann agnást út í orðaval Ólafs Ragnars Grímssonar forseta, um að þjóðin hafi verið klofin í herðar niður vegna hermálsins. Þetta finnst Birni hin mesta firra. Um hermálið var stofnaður stjórnmalaflokkur, Þjóðvarnarflokkurinn, sem náði inn á þing, tvær ríkisstjórnir höfðu brottför hersins á stefnuskrá sinni og stærsta undirskriftasöfnun landsins var gegn brottför hersins. Þá má nefna könnun sem Upplýsingastofnun Bandaríkjanna gerði hér árið 1955 í hverri 48 prósent voru fylgjandi brottför hersins, en 28 prósent hlýnt honum. En var þjóðin klofin? Það er spurningin.

Hriflu-Egill?

Egill Helgason hefur skoðun á öllum mögulegum hlutum á heimasíðu sinni og nú hefur hann tjáð sig um list. Þannig hefur hann sagt listaverk hinnar ensku Tracy Emin eiga „álíka mikið skylt við list og blogg við bókmenntir“. Fyrir nú utan að gera lítið úr eigin bloggi, heggur Egill hér í knúrunn Hriflu-Jónasar sem einnig gaf út ordu um hvað væri list og hvað ekki. Nú er spurning hvort Egill stendur fyrir sýningu á úrkynjaðri list Emin og kumpána líkt og Jónas forðum?

olav@frettabladid.is
kolbeinn@frettabladid.is

Af pólitísku skuggavarpri

Ein eftirminnilegasta fréttasensu síðustu ára er frá sumrinu 2006 þegar Framsóknarflokkurinn stóð við Óxará og Halldór Ásgrímsson tilkynnti í beinni seint um kvöld að hann væri hættur í stjórnarmálum. Guðni Ágústsson kom í viðtal en vildi ekkert segja – „þetta er hans kvöld“ – og gekk svo brúnabungur út að bílastæðinu við Þingvallakirkju. Síðar kom í ljós að ástæðan fyrir brúnaþyngslum Brúnastaðamannsins var sú að Halldór vildi að hann hætti líka í stjórnarmálum.

Þeir geta verið erfiðir þessir formenn. Ekki síst þegar þeir eru að hætta. Og halda svo bara áfram að vera erfiðir.

Einn vill að aðrir hætti um leið og hann. Annar vill komast aftur inn, helst beint í ráðherrastól. Sá þriðji kveður formannsstólinn með því að skrífa hann fastan við gólfíð. Og svo eru þeir sem sitja áfram þótt þeir séu hættir.

Allir muna eftir kuldavetri Samfylkingar þegar óánægjuraddir glumdu daglega á Ingibjörgu Sólrúnu úr blöðum og bloggheimum. Og svo kom Jón Baldvin og sagði flokkinn á rangri leið. Hámarki náði sá kaldi kalkúnn þegar „fyrirverandi formaður Samfylkingarinnar“ hótaði í beinni útsendingu að stofna nýjan flokk. Enn eitt klofningsafbrigðið í sameiningarsögu vinstrianna. Sem betur fer varð ekki af því, Íslandshreyfingin tók það hlutverk að sér.

Það er erfiðt að vera með besservisser á bakinu. Það er erfiðt að keyra með aftursætisbíljóra. Það er erfiðt að stjórna stjórnmalaflokki „með karlinn á kantinum“.

Framsókn gekk í það að hreinsa sig af Halldórsárunum. Verst að fylgið fór óvart líka. En Guðni hætti ekki í stjórnarmálum heldur settist sjálfur í stól mannsins sem hafði skipað honum að fara heim að mjólka.



HALLGRÍMUR HELGASON
Í DAG | Forstumenn

Og Samfylkingin gekk í gegnum eldskirn, lét af minni-máttarkennd út í „glæsta fortíð“ vinstribaráttunnar, þegar þeir voru og hétu, kratar og kommar, og með því að verða utanríkisráðherra steig formaðurinn úr skugga í sól. Töframeðal stjórnmalaflokks í krísu: Vald.

Vinstri grænir þekkja hvorki forveravanda né arftakakrísur. Steingrímur endar sjálfsgott eins og Kastró, í umhverfisgrænum hermannaþingi flytjandi 7 tíma langar ræður á flokksþinginu (sem frá 2024 verður haldið í Eldgjá). Og svo tekur bróðir hans við.

Frjálslyndir upplifðu sitt fortíðarrof í gegnum dóttur síns fyrirverandi.

Sjálfstæðisflokkurinn glímur hinsvegar við tvöfalt skuggavarp. Á tímabili vorkennendum við Geir og héldum með honum. Hér var maður höfs og högværðar: Sannur léttir eftir tímabil stórkarlavalds. En við áttum alltaf von á því að hann myndi vaxa upp úr vorkenningunni og smám saman taka sér valdið sem liggur á borðinu fyrir framan hann. En núna förum við bara hjá okkur þegar við heyrum hann hrósa sér af því að hafa ekki gert neitt, eins og smástrákur sem hrópar: „Sjáiði bara! Það er hætt að rigna! Af því ég fór ekki í stígvélin!“ Og á þetta hlustar þjóðin blaut og hrakin.

Forsætisráðherra ber að hugsa fremur stórt en smátt. Og

meira um þjóðarhag en sinn eigin.

Tilfinningin er sú að veður sé tekið að versna og skútan að velta en skipstjórnin hafi enga stefnu. Nú er kallað eftir ákvörðun. Annaðhvort skal haldið í krónuna, en þá með breyttri peningastefnu og endurnýjaðum Seðlabanka. Eða sótt um Evrópusambandið og kúrsinn tekinn á evru. Tilfinningin er hinsvegar sú að forsætisráðherra sé ekki aðeins hikandi herra lands og þjóðar heldur sé hann jafnvel ekki sinn eigin herra og því síður flokksins. Í heitari löndum er stundum gott að sitja í skugganum en á Íslandi er það bara kalt og kvefsamt.

Og svo er það verðandi borgarstjóri sama flokks. Sé ráðuneyti Geirs H. Haarde hálfgerð skuggaráðuneyti má segja að Hanna Birna sitji í skuggafangelsi. Hún er fangi fortíðar. Allir hugsanlegir leikir hennar í erfiðri stöðu eru litaðir af afleik forverans. Af öllum arftakakrísum íslenskra stjórnmalá síðustu árin er þessi líklega sú versta. Forveri Hönnu Birnu er reyndar búinn að segja bless og allt það en nú kemst hún að því að stóllinn er fastur við gólfíð. Það er ekki einu sinni hægt að snúa sér í honum. Hún er dæmd til að lúta vilja eitt prósent mannsins. Það er sagan um trilluna og olúskipið. Forveravandi stjórnmalaflokka getur orðið vandi heillar þjóðar. Við súpum öll hið beiska seiði af ekki-gera-ekki-gera-ekki-neitt stjórn Geirs H. Haarde. Og í Reykjavík eru tvö ár af ekkert-hægt-á-gera stjórn framundan. Það er langur tími í lífi heillar borgar, eins og góður maður sagði í vikunni.

Hinsvegar er nokkur munur á skuggavarpri nýrra bygginga og gamla stjórnmalaflokka. Hið fyrnefnda er óumflýjanlegt en hið síðarnefnda er flýjanlegt.

Íþyngjandi að mega ekki beita ofbeldi

UMRÆÐAN

Drífa Snædal skrifar um kynferðisbrot.

Það þykir of íþyngjandi fyrir mann sem hefur beitt sambýliskonu sína hroðalegu andlegu, kynferðislegu og líkamlegu ofbeldi í þrjú ár að mega ekki hafa samband við hana áfram. Það er of mikil skerðing á hans frelsi að mega ekki setja sig í samband við hana, veita henni eftirför eða koma nær heimili hennar en 50 metra. Hann beitti hana ofbeldi í þrjú ár, barði hana, nauðgaði henni og veitti öðrum körlum aðgang að henni gegn hennar vilja. Hún var of hrædd við hann til að streitast á móti. Hún þurfti aðstoð lögreglu til að komast frá honum og sótti í Kvennaathvarfið. Hún þorði ekki ein að sækja eigur sínar á heimili þeirra, heldur fékk lögregluna í lið með sér. Hún þorði ekki að kæra hann en málið þótti svo alvarlegt að opinber kæra var lögð fram engu síður.

Eftir að maðurinn sat í gæsluvarðhaldi í tvær vikur var hann settur í nálgunarbann í hálf tveir þrjátíu dagar fyrir að Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari hefði ekki þá séð tilefni til nálgunarbanns. Hinir tveir dómarnir, Hjördís Hákonardóttir og Páll



Hreinsson, staðfestu nálgunarbann í hálf tveir þrjátíu dagar. Hinn 7. ágúst síðastliðinn dæmdu Jón Steinar Gunnlaugsson og Ólafur Þórður Þorvaldsson að ekki þætti ástæða til að framlengja nálgunarbannið – maðurinn hafði nefnilega virt bannið hingað til AÐ MESTU. Páll Hreinsson skiladi sératkvæði í dómnum og vildi framlengja nálgunarbannið um þrjú mánuði eins og lögreglan lagði til. Áhugavert er að velta upp þeirri

spurningunni hvenær Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari telur ástæðu til að beita nálgunarbanni.

Hvenær er réttlætanlegt að taka öryggi og hagsmuni fórnarlamba ofbeldis fram yfir rétt ofbeldismanna til að setja sig í samband við, veita eftirför og koma að heimili fórnarlamba sinna? Hvenær er tilefni til að „kerfið“ verndi konur gegn kynbundu ofbeldi? Eftir nýfallinn dóm er nálgunarbannsræðið gert að engu. Það er sennilega vandfundið annað eins tilefni til að beita því. Sumum í réttarkerfinu finnst ekki tilefni til að beita kerfinu til að vernda konur sem verða fyrir ofbeldi – við erum ekki komin lengra en svo í jafnréttisbaráttunni.

Höfundur er framkvæmdastýra Vinstri grænna.

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



ÚTSALA

Opið laugardag 11-18 og sunnudag 12-17

ALLT AÐ
80%
AFSLÁTTUR



ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR

Ljós og lampar

60%
AFSLÁTTUR



Lín Design - valdar vörur



Dania, 2ja sæta sófi
L 2m, stillanlegir armar **69.900** ~~99.900~~



ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR

Flísar



Tungusófi, leður
L 320 sm, tunga 180 sm, beinhvitt **199.900** ~~349.900~~



Kenia, stóll
Dökkgrár **24.900** ~~36.900~~



ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR

Veggfóður



Stóll, leður
Svart/beinhvitt/brúnt **49.900** ~~86.900~~



Sófi, leður
2ja sæta, svart/beinhvitt/brúnt **84.900** ~~169.900~~



Borðstofustóll
Svartur/hvítur **6.900** ~~10.900~~



Borðstofustóll
Hvítur/eikarfætur **8.900** ~~12.900~~



Borðstofuborð
Eik, 180 x 90 sm **24.900** ~~45.900~~



Sófaborð
Eik, með skúffu **39.900** ~~60.900~~



20%
AFSLÁTTUR

Baumatic raftæki



ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR

Gjafavara - frábært úrval / frábært verð

Innréttingar

Húsgögn

Hreinlætistæki

Parket

Flísar

Ljós

Raftæki

Gjafavara

Heimilistæki

Búsáhöld

Hurðir

Hönnunarsetur

EGG ER MEÐ ALLT TIL AÐ
INNRETTA OG FEGRA HEIMILIÐ ÞITT

EGG
SMÁRATORGI

EGG

Smáratorgi

Sími 525 3400


www.egg.is

egg@egg.is

Opið virka daga 10 - 18

Laugardaga 11 - 18

Sunnudaga 12 - 17



Hommar og lesbíur,
til hamingju með daginn.

Hörður Torfason lýsti því yfir opinberlega, fyrstur Íslendinga, að hann væri hommi í frægu viðtali í tímaritinu Samúel í ágúst 1975. Viðbrögðin voru svo sterk að Hörður fann sig knúinn að flýja land um nokkurra ára skeið. Viðtalið markaði þáttaskil í réttindabaráttu samkynhneigðra á Íslandi þótt nokkur bið yrði á raunverulegum úrbótum. Þremur árum eftir viðtalið voru Samtökin '78 stofnuð til að berjast fyrir hagsmunum samkynhneigðra. Fyrsta gleðigangan (Gay Pride) var gengin árið 2000 í Reykjavík.

Frekari fróðleikur á hatidisdagar.is



Hörður Torfason (Jörundur Ragnarsson)
í myndatöku fyrir Samúel sumarið 1975
við stytta Bertels Thorvaldsen af Adonis
í Hallargarðinum við Frikirkjuveg. Blaðamaður
fylgist með og ljósmyndarinn smellir af.



Landsbankinn

EINA BLAÐIÐ Á SUNNUDEGI



Heimspekin verður að biða

- Heimsborgarinn, fjallakindin og heimspekingurinn Hjörleifur Finnsson söðlar um og tekur við starfi þjóðgarðsvarðar í Ásbyrgi.

Got hardfisk?

- Íslendingadagurinn í Gimli í Manitoba var haldinn hátíðlegur í 119. sinn. 60.000 manns sóttu Gimli heim en hrottalegt morð varpaði skugga á hátíðarhöldin.

Sport

Sérblað Fréttablaðsins um íþróttir kemur út á morgun, stútfullt af efni um íslensku Ólympíufarana

- Sunddrottningar sem stefna hátt, Örn Arnarson á flugi og andlegi þáttur handknattleikslíðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga



MAÐUR VIKUNNAR

Prúðmenni, leiðtogi og lunkinn veiðimaður

Guðmundur (Örn) Hauksson, forstjóri SPRON, er mikið prúðmenni sem ekki má vamm sitt vita. Hann er þægilegur viðtals og alla jafna létt yfir honum. Töluvert hefur þó á honum mætt síðustu daga og misseri í tengslum við umbreytingar SPRON og þrengingar á fjármálamörkuðum og segja þeir sem hann þekkja aðáunartvert hvernig honum hefur tekist að hemja skap sitt við sumar þær aðstæður sem komið hafa upp. Sér í lagi mun það eiga við um hluthafafund SPRON í vikunni þar sem samþykktur var samruni Sparisjóðsins við Kaupþing. Á fundinum var Guðmundur vændur um óheiðarleika en fátt er líklegt til að koma honum úr jafnvægi en slíkar aðdróttanir.

Þeir sem þekkja Guðmund og hafa starfað með honum segja hann afar hreinskiptinn og duglegan mann, mikinn féлага og um leið leiðtoga á sínum vinnustað. Hann er sagður umgangast samstarfsfólk í SPRON á jafningjagrundvelli, jafnt háa sem lága, og hefur þannig fengið hópinn í lið með sér í þeim verkum sem ganga hefur þurft í. Þá er Guðmundur maður mikillar reynslu í atvinnulífinu (hokinn af reynslu, gantaðist einn viðmælandi), en hann hefur komið víða við í fjármála-geiranum, auk þess að hafa starfað í iðnaði og að sveitarstjórnarmálum, líkt og sjá má hér til hliðar í æviágrip. Mikil reynsla gerir enda að verkum að hann er eftirsóttur til stjórnarsetu í fyrirtækjum og þykir mikill akkur í honum á þeim vettvangi.

Á yngri árum var Guðmundur með flugdellu og mátti litlu muna að hann færi að fordæmi stóra bróður og legði fyrir sig flugmennsku. Þannig varð hann sér úti um einkaflugmannsréttindi árið 1977, en örlögin höguðu því svo til að starfsframin var í fjármála-geiranum.

Fjölskyldan er Guðmundi mikilvæg, en hann er tvíkvæntur. Í hópnum er samkomulag gott og samheldni mikil. Sem uppalandi sýnir Guðmundur af sér sömu persónueinkenni og í störfum sínum. Skynsemin ræður og komi upp mál er tekið á þeim og úr þeim leyst með góðu. Því er ekki víst að mikill munur sé á þeim manni sem fólk þekkir á vinnustaðnum og fjölskyldumanninum

GUÐMUNDUR HAUKSSON



ÆVIÁGRIP

Guðmundur Hauksson, forstjóri hlutafélagsins Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis (SPRON), fæddist í Reykjavík 2. ágúst árið 1949 og verður því sextugur á næsta ári. Foreldrar Guðmundar eru báðir látnir. Móðir hans var Ragnhildur Guðmundsdóttir, fyrrum fulltrúi og húsfreyja, fædd árið 1923, en hún lést í mars 2004. Faðir Guðmundar lést árið 1963 úr hjartabilun þegar Guðmundur var aðeins 14 ára gamall. Hann hét Haukur Heiðdal Eyjólfsson og var frá Seyðisfirði, en hann var áður skrifstofustjóri í Reykjavík.

Bróðir Guðmundar, tveimur árum eldri, er Eyjólfur Örn, flugstjóri. Þá á hann töluvert eldri hálfbróður samfeðra, fæddan árið 1934, sem heitir Atli.

Guðmundur kvæntist árið 1989 Áslaugu Björgu Viggósdóttur skrifstofustjóra. Þau eiga saman soninn Guðmund Hauk, sem fæddur er í ársbyrjun 1990. Synir Áslaugar af fyrra hjónabandi eru svo Valgarð og Davíð Briem, fæddir 1979 og 1982. Áður var Guðmundur kvæntur Sigrúnu Kristjánsdóttur viðskiptafræðingi og á með henni þrjú börn, Ingibjörgu sem fædd er árið 1971, Ragnhildi fædda 1977 og Þröst Þór fæddan árið 1980.

Guðmundur lauk I.S.M.P.-námi frá Harvard Business School árið 1993, en þar áður viðskiptafræðiprófi frá Háskóla Íslands árið 1976. Verslunarpróf er hann svo með frá árinu 1968 og stúdentspróf frá Ví frá árinu 1970. Réttindi til einkaflugmanns varð Guðmundur sér úti um árið 1977.

Forstjóri SPRON hefur Guðmundur verið frá því í fyrra þegar rekstrarformi Sparisjóðsins var breytt í hlutafélag og hann skráður á markað. Þar áður, frá árinu 1996, var starfstíllinn sparisjóðsstjóri SPRON. Á árunum 1991 til 1996 var Guðmundur forstjóri Kaupþings hf., framkvæmdastjóri hjá Íslandsbanka 1990 til 1991, bankastjóri Útvegsbanka Íslands hf. árin 1987 til 1990 og sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Hafnarfjarðar 1986 til 1987. Þar á undan á Guðmundur fjölbreyttan starfsferil, svo sem sem aðalbókari hjá Seltjarnarnesbæ, sveitarstjóri Vatnsleysustrandarhrepps, sem skrifstofustjóri hjá Hörpu, og deildarstjóri og síðar fjármálastjóri hjá Arnarflugi.

Þá hefur Guðmundur í gegnum tíðina átt sæti í margvíslegum stjórnum og ráðum, bæði tengt stjórnáslu og fyrirtækjum, auk annarra félagsstarfa.

VANN SÉR TIL FRÆGDAR

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis (SPRON hf.) hefur verið áberandi í umræðum um íslenskt fjármálalíf síðustu misseri og deilt þar bæði um stefnu og stöðu. Þar hefur mikið mætt á Guðmundi Haukssyni forstjóra sem þurft hefur að svara fyrir málefni sjóðsins, hvort heldur það snerti hlutafjárveðingu í fyrra, eða sameininguna við Kaupþing sem hluthafar samþykktu á hitafundi um miðja vikuna.

HVAÐ SEGIR HANN SJÁLFUR?

„Hverjum þykir sinn fugl fagur, en við getum vel við unað.“

sagði Guðmundur um samkomulagið sem gert var við Kaupþing um yfirtöku á SPRON.

Fréttablaðið, 2. júlí 2008.

Guðmundi Haukssyni. Í góðra vina hópi er hann þó alla jafna hinn glaðbeittasti og jafnvel líklegur til að reyta af sér brandara, en ólíklegra er að tilefni gefist til slíkra stunda á vinnustað. Góður pabbi, er lýsing sem gripið er til og segist eitt barna hans hreinlega ekki muna til þess að hann hafi reiðst yfir nokkrum hlut.

Sjálfur var Guðmundur einungis 14 ára gamall þegar faðir hans lést úr hjartasjúkdómi, aðeins 48 ára að aldri. Kom þá í hlut móður hans að vinna fyrir heimilinu ásamt því að sinna sonunum tveimur, Guðmundi og Eyjólf, sem er tveimur árum eldri. Í minningargrein um móður þeirra sem lést fyrir fjórum árum minnst þeir bræður uppvaxtaráranna hlýlega og kemur skýrt fram hve ríkan þátt hún átti í að þeir uxu upp heilsteyptrir menn. „Minningarnar tengjast við Miðtúnið og Laugarnesíð sem var miðdepillinn í heimi okkar. Fallegur staður með endalausum ævintýraljóma, sjórinn og fjaran fyrir neðan, mýrarnar og njólaskógurinn fyrir innan Laugarnesveginn. Sjómannaskólinn með stóru klukkuna uppi á klettunum fyrir ofan túnin, líkur höll úr ævintýrum. Klukkan minnti okkur á að skila okkur heim á réttum tíma, því góður og hollur matur var alltaf á borðum hjá mömmu [...] Hún þreyttist aldrei á að brýna fyrir okkur mikilvægi þess að ná árangri í hverju því sem við tókum okkur fyrir hendur og hvatti okkur mjög til náms.

Áhugamál okkar bræðra voru mörg á þessum árum og því var full þörf á þessari hvatningu.“ Þrátt fyrir annir bæði í vinnu og við að sinna stórfjölskyldunni gefur Guðmundur sér líka tíma fyrir áhugamál. Hann hefur löngum verið fyrir siglingar og á með nokkrum félögum seglskútu og er meðlimur í siglinga-klúbbum Brokey. Þá er Guðmundur líka sagður lunkinn stangveiðimaður, hvort heldur hann rennir fyrir silung eða lax. Kemur þar að góðum notum ákveðin þolinmæði sem hann hefur á að byggja. Sömuleiðis einkennir hann að eiga ekki í fórum sínum hugtakið „að gefast upp“. Einn viðmælandi kvaðst reyndar ekki viss um hvort þetta teldist til lastar eða kosts, en sagði hann þrauka og vera mikinn keppnismann.

BONUS BONUS BONUS BONUS



FERSKAR HOLTA KJÚKLINGABRINGUR 40% AFSLÁTTUR



Ferskar kjúklingabringur **1679 kr./kg.**



40% AFSLÁTTUR
Holta ferskir kjúklingabitar blandaðir
359 kr./kg. MERKT VERÐ 598 KR./KG.



50% AFSLÁTTUR
KS frosin lambasvið
199 kr./kg. MERKT VERÐ 399 KR./KG.

FROSIÐ ÍSLENSKT LAMBALÆRI



KS frosið lambalæri **988 kr./kg.**

988 KR./KG.



KS frosið lambalæri í sneiðum **1198 kr./kg.**

1198 KR./KG.



899
Íslenskir bleikjubitar beinhreinsaðir
899 kr./kg.



498
Bónus ferskir ungnautahamborgarar
4 stk m/brauði **498 kr.**



40% AFSLÁTTUR
SS folaldasaltkjöt m/beini
449 kr./kg. MERKT VERÐ 749 KR./KG.



50% AFSLÁTTUR
SS frosin lambalifur
154 kr./kg. MERKT VERÐ 308 KR./KG.

Toppur 2 ltr. **98 kr.**
Egils 7-up 2 ltr. **98 kr.**



98



Pepsi MAX 10 x 33cl **598 kr.**



Egils Maltextrakt kassi 10 x 33cl **598 kr.**

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00

Hóflegt og heildstætt fylleri

(fyrir utan minniháttar líkamsárásir og nauðganir)

Í dagbók **Práins Bertelssonar** er sagt frá því þegar merking orða fer í sumarfrí og fylleri verða „áfallalaus“, vímuefnaneysla „hófleg“ og líkamsárásir „minniháttar“. Einnig er spáð í framlög fólks til þjóðfélagsins og bent á endanlegar sannanir fyrir ágæti stjórnleysis.



KÆRA DAGBÓK
Práinn Bertelsson skrifar
FÖSTUDAGUR, 1. ÁGÚST.

Nauðlending á Slysó

Seinni partinn gær varð Andri fyrir því óhappi að fótbrotna þar sem hann var að renna sér á hlaupahjóli á Ingólfstorgi. Hann stókk á hjólinu niður steintröppur. Stökkið var mjög vel heppnað. Lendingin ekki. Ætlunin var að lenda fyrir neðan tröppurnar, en hann lenti á Slysavarðstofnunni.

Andri er mikill klifurköttur og ég er hálfpartinn að vona að þetta kenni honum að fara varlega í framtíðinni. Það er mikil bjartsýni.

Það er víst aðeins tvennt sem er óumflýjanlegt í veröldinni: Skatturinn og dauðinn. Sá fyrrnefndi kom í dag.

Sú hugsun að skattar séu einkamál hvers og eins er mjög skrytín. Svo lengi sem við ætlum að búa friðsamlega saman í þjóðfélagi hljótum við að eiga rétt á því að vita hverjir greiða þátttökgjöldin. Hitt er svo annað mál að manni finnst skrytið

hversu uppskeru þjóðfélagsins er undarlega skipt. Af hverju fær Þorgerður Katrín menntamálaráðherra bara skitna milljón á mánuði fyrir að bera ábyrgð á menntun og menningu heillar þjóðar meðan maðurinn hennar sem

vinnur í banka fær tuttugumilljónkall á mánuði?

Úr því að lífskjörin eru svona ólík er ekki úr vegi að spyrja hvort það sé skynsamlegt að leyfa fólki sem getur ekki krakað saman nema hundrað og fimmtú

þúsund krónum á mánuði að halda til í sömu landshlutum og jafnvel sömu borgarhverfum og fólki sem þéna mörög hundruð millur á ári. Er gott að börn þessara gjörólíku hópa séu í sömu skólum?

Úr því að þarfir fólks og getan til að nálgast peninga og lífsins gæði eru svona mismunandi lítur helst út fyrir að þarna sé um mismunandi afbrigði af homo sapiens að ræða sem skynsamlegt væri að halda aðskildum svo að friður haldist í landinu. Annar hópurinn gæti til dæmis haldið sig á láglandi en hinn inni á hálandinu í námunda við Ódáðahraun.

Í dag var Ólafur Ragnar var settur í forsetaembætti í fjórða sinn. Mikíð

vildi ég að maðurinn færi nú að slaka á. Mér finnst hann soldið óvirkur við að auka hróður Íslands á alþjóðavettvangi. Það er ábyggilega vel meint, en hann þarf ekki að láta svona mín vegna, maður kominn á sjötugsaldur. Ég hef áhyggjur af forsetanum. Meira að segja nagli eins



og Onassis eyðilagði í sér heilsuna með því að geta aldrei hugsað sér að missa af góðu partíi.

LAUGARDAGUR, 2. ÁGÚST.

Gagnkvæm virðing í Danmörku

Ég hitti unga og fallega konu sem var einu sinni skólasystir mín og er nýflutt heim til Íslands frá Kaupmannahöfn.

Hún sagði mér að Danir tækju mark á sínum stjórnmálamönnum:

Anders Fogh segir þeim að versla meira, ferðast meira, eyða meiri peningum og þá gera þeir það og ekkert múður. Svo snýr hann við blaðinu og segir þeim að nú verði að spara og þá smellur allt í lás.

Ástæðan fyrir því að Danir taka svona mikið mark á stjórnmálamönnum er hugsanlega sú að þó nokkuð margir stjórnmálamenn í Danmörku hafa komist að þeirri niðurstöðu að tilgangurinn með því að vera í stjórnmálum er sá að þjóna þjóð sinni en ekki að ráða yfir henni.

Stundum falla athyglisverðar setningar hérna á heimilinu:

Litla Sól sem á það til að týna hlutum hafði verið úti að leika sér og kom berfætt heim í kvöldmatinn hafandi verið hérna fyrir framan hús úti á Edinborgartorgi að leika sér.

Þegar hún sá að ég var að góna á berar tærnar á henni gerði hún sig merkilega á svip og sagði: „Ég nenni ekki að þrasa um vandamál.“

Ég spurði á móti: „Eru það einhver sérstök vandamál sem þú vilt ekki ræða?“

„Já,“ sagði hún, „til dæmis skóvandamál.“

SUNNUDAGUR, 3. ÁGÚST.

Heildstæð skríslæti

Á visir.is stendur skrifað: „Tölvur erill var í miðborg Reykjavíkur og nokkur ölvun, en allt gekk þó áfallalaus fyrir sig, að sögn lögreglu.“

Sömu sögu er að segja úr Vestmannaeyjum. Þar er á annan tug þúsunda á þjóðhátíð og gífurlegt fylleri og annir hjá löggunni. Þar var maður laminn í klessu í fyrri nótt, og í nótt er vitað um fjórar „minniháttar líkamsárásir“, kjálkabrot og þess háttar (ég veit ekki hvernig minniháttar líkamsárás lítur út). Allt gekk þó „áfallalaus“ fyrir sig að sögn lögreglu.

Það er líka eitthvað mikið að í fréttatitlingi þegar skríslæti eru kölluð „pústrar og ólæti“ en venjuleg friðsöm mótmæli eru kölluð „skríslæti“.

Það er merkileg afneitun í gangi hjá þjóðinni á því að fylleri og vímuefnaneysla séu vandamál. Samt var hægt að kenna flestum Íslendingum að hætta að drekka sig ofurólvi í flugvélum, svo að

það hlýtur að vera hægt að kenna fólki að það sé hægt að fara í úti- legu eða sofa í tjaldi og fara á úti- skemmtun án þess að drekka frá sér ráð og rænu.

Orðalepparnir minna mann á pólitíska rétttrúnaðarmállysku Samfylkingarinnar um „heildstætt“ umhverfismat (í staðinn fyrir hálfstætt) og „viðbragðs- áætlun“ gegn hvítabjörnum.

ÞRIÐJUDAGUR, 5. ÁGÚST.

Bloggsnilli og bjartsýni

Það er yndislegt að lesa bloggíð hjá Bjarna Harðarsyni, þingmanni og bóksala. Í dag segist hann hafa fjallgrímna vissu fyrir því að „skáldið Davíð“ verði látið hætta í Seðlabankanum í haust.

Svona bjartsýni kann ég að meta. Samt held ég að þetta sé of gott til að geta verið satt. Reyndar komu tveir ráðherrar með miklu írafári á vettvang til að mótmæla þessu svo að hugsanlega er einhver fótur fyrir þessu.

Sá dráttur sem er orðinn á því að okkar sérstæði dómsmálaráðherra láti Ramsesarmálið til sín taka er orðinn svo langur að hér er greinilega um yfirlýsingu að ræða frá ráðherra þessu.

Það segir mér enginn fyrir verkum. Ég geri það sem mér sýnist. Þegar mér sýnist. Valdhroki er auðvitað birtingarform MJÓG slæmrar minnimáttarkenndar.

Á meðan bíður fátæk og landlaus kona með kornabarn á höndum eftir því að fréttu af örlögum eiginmanns síns.

FIMMTUDAGUR, 7. ÁGÚST.

Enginn er ómissandi

Forsætisráðherra þess okkar fellur aldrei verk úr hendi. Núna er hann á leiðinni í opinbera heim- sókn til Albaníu og Grikklands en fólk í þessum löndum hefur lengi beðið eftir því að fá að sjá forsætisráðherra Íslands.

Hann gerir kannski ekki mikið gagn með svona ferðalögum, en það er heldur ekki eins og hann sé ómissandi hérna heima.

Prívat og persónulega er ég hjartanlega sammála honum um að best sé þegar stjórnmálamenn gera sem allra minnst. Og úr því að ekkert þarf að gera í kreppu er örugglega engin þörf fyrir stjórnmálamenn í góðæri.

Ergo – það er engin þörf fyrir stjórnmálamenn – sem er grundvallarskoðun okkar sem erum hóf- samir anarkistar. Gaman að við Geir skulum þó vera sammála um eitthvað.

Enn ein sönnun þess að stjórnmálamönnum tekst best upp þegar þeir gera ekki neitt er sú að nú er Samfylkingin rokin upp í 47% fylgi í Reykjavík samkvæmt skoð- anakönnun Stöðvar 2.

Menn eru greinilega fljótir að gleyma Ingibjörgu.



vinnur í banka fær tuttugumilljónkall á mánuði?

Úr því að lífskjörin eru svona ólík er ekki úr vegi að spyrja hvort það sé skynsamlegt að leyfa fólki sem getur ekki krakað saman nema hundrað og fimmtú



RANNSÓKNASTYRKIR Á SVIÐI ÖRYGGISMÁLA SJÓFARENDA

Siglingastofnun Íslands í samráði við verkefnisstjórn áætlunar um öryggi sjófarenda auglýsir eftir umsóknum í styrkveitingar til rannsókna á sviði öryggismála sjófarenda.

Í umsókninni skal eftirfarandi koma fram:

- Fyrirhugað heiti rannsóknarverkefnis.
- Markmið rannsóknarverkefnisins.
- Samstarfsaðilar (ef einhverjir eru).

Jafnframt skal umsækjandi tiltaka:

- Þekkingu sína og bakgrunn sem nýtast mun í fyrirhugaðri rannsóknarvinnu.
- Hvernig fyrirhugað rannsóknarverkefni muni tengjast öryggi sjófarenda.

Ennfremur skal umsækjandi gera grein fyrir upphafi og áætluðum lokum rannsóknarverkefnisins, fjárhagslegu umfangi og öðrum fjárstuðningi.

Miðað er við að styrkþegi skili endanlegum niðurstöðum styrktrar rannsóknar sinnar til Siglingastofnunar Íslands eigi síðar en 15. september 2009 nema ef um annað sé samið sérstaklega. Lokagreiðsla styrks mun fara fram þegar skil rannsóknarverkefnis hafa átt sér stað.

Skilyrði styrkveitingar er meðal annars að styrkþegi kynni niðurstöður sínar í heild eða að hluta fyrir Siglingastofnun og verkefnisstjórn áætlunar um öryggi sjófarenda eða á málþingi áætlunarinnar. Auk þess að heimilt verði að birta helstu niðurstöður rannsóknanna á heimasíðu verkefnisstjórnar áætlunar um öryggi sjófarenda.

Umsóknarfrestur rennur út á miðnætti hinn 15. september 2008. Skila skal skriflegum umsóknum í umslagi merktu:

Siglingastofnun Íslands
Verkefnisstjórn áætlunar um öryggi sjófarenda,
Vesturvör 2,
200 Kópavogi.

Áskilinn er réttur til að veita misháa styrki, hafna öllum umsóknum eða úthluta samkvæmt tilnefningu verkefnisstjórnar.

Nánari upplýsingar um verkefnið má spyrjast fyrir á netfanginu olafur.p.vignisson@sam.stjr.is

MOTORS



Við eigum eins árs afmæli í dag!



Bjóðum öllu mótórhjólafólki að koma til okkar í dag milli 12 og 16. Við bjóðum upp á afmælisköku, vöffur og kaffi.

15 % afmælisafsláttur af öllum vörum í versluninni alla næstu viku.

RICHA

SEGUFA

BLW

WEST COAST SHOE COMPANY
Wesco
SINCE 1918

Aviator Goggle
BY LEON JEANTET
DISTRIBUTED BY DAVIDA

DAVIDA

MADE IN ENGLAND

Opnunartími: Alla virka daga 12–18 :: Laugardaga 12–16

MOTORS

Sérverslun vélhjólafólks
Laugavegi 168, gengið inn frá Nóatúni :: Sími 511 2121

ÚTSALA -30% ÚTSALA -50%

HÚSASMÍÐJ



30%
afsláttur
af allri
viðarvörn



25%
afsláttur
af öllum
garðhúsgögnum



25-80%
afsláttur
af öllum
flísum



RÝMINGARSALA


Í TIMBURSÖLUNNI SÚÐARVOGI

OPIÐ
laugardag
9 - 16


Skjólgirðingar

í miklu úrvali

Allt að
50%
afsláttur
af heilum
búntum m.a.



180 x 80 sm
603290



180 x 80/95 sm
603300



180 x 180 sm
603400

Gólfborð
27x134
54600

Panill hvítur
12x88
57300

Vatnsklæðning
20x110
51100

Pallaefni bandsagað
21x120
622700

Vatnsklæðning kúpt
21x110
50933/36

Mótatimbur
25x150
3118-3133

% ÚTSALA -80% ÚTSALA AN ÚTSALA



30%
afsláttur
af öllum
búsáhöldum



30%
afsláttur
af öllum
útivistarfatnaði



30%
afsláttur
af öllum
ljósum



Álstigi/trappa
3x8 þrepa. Stigi 4.90 m,
trappa 2.10 m.
5079100



HITACHI
POWER TOOLS
3 rafhlöður

Hleðsluborvél Hitachi
12V, 3 rafhlöður og ljós.
5247480



10 ltr.

Ný endurbætt
utanhúsmálning
frá Húsasmíðjunni
á steinsteypta fleti,
sérhönnuð fyrir
íslenskar aðstæður
með gott veðrunarþol.

10 ltr
7207040-6



**Verkfæra-
sett**
höggborvél
650W, stingsög
650W, juðari
180W, búkki
5244908

Við berjum niður
verððið!



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

Fordómarnir eru á undanhaldi

Marius Sverrisson og **Ragnhildur Sverrisdóttir** eru ekki systkini þótt þau beri sama föðurnafnið. Þau eru hins vegar systkini í baráttunni fyrir bættum réttindum samkynhneigðra og láta sig ekki vanta í gleðigönguna í dag. **Pórgunnur Oddsdóttir** settist með þeim á rökstóla og ræddi um Hinsegin daga, Lindsay Lohan og hómófóbíuna lífseigu.

Á RÖKSTÓLUM

Hafið þið hist áður? Hvað vitið þið hvort um annað?

Ragnhildur: Nei, við höfum aldrei hist.

Marius: Ég hef séð þig einhvern tímann en aldrei talað við þig.

Ragnhildur: Ég veit að maðurinn syngur.

Marius: Og ég veit að þú ert blaðamaður.

Ragnhildur: Þú ert náttúrlega miklu yngri en ég. Ég hef verið hætt að djamma þegar þú varst að byrja. Varstu fæddur þegar samtökin voru stofnuð?

Marius: Já, en ég var mjög lítil.

Snúum okkur að Hinsegin dögum sem nú eru haldnir í tíunda sinn. Hvaða þýðingu hefur svona hátíð?

Ragnhildur: Mér finnst þetta skipta rosalega miklu máli. Þetta er orðin einhver mesta hátíðin í bænum og á mínu heimili er þetta þjóðhátíð. Ég og konan mín eigum tvær sjö ára stelpur. Þær kalla daginn regnbogadaginn og líta á þetta sem dag þessarar fjölskyldu. Fyrir utan svo mikilvægið fyrir homma og lesbíur almenn.

Marius: Ég er sammála. Það er líka svo gaman að á Íslandi skuli þetta hafa þróast í karnival fyrir alla. Svoleiðis er það ekki alls staðar. Til dæmis í Berlín er þetta frekar lokuð skemmtun sem er lítið sótt af öðrum en hommum og lesbíum.

Fordómarnir fara minnkandi

Finnst ykkur margt hafa breyst frá því þið komuð út úr skápnunum? Hvað með fordóma finnið þið mikið fyrir þeim? Getið þið nefnt einhverjar mýtur um samkynhneigð sem fara í taugarnar á ykkur?

Ragnhildur: Það hefur mikið breyst. Ég gekk í samtökin þegar þau voru ársögmul. Þá var ég 19 ára og það var enginn sýnileiki og ekki neitt. Þetta var ofsalega lítið og lokað samfélag en svo sá maður fljótlega að þetta var stærri heimur. En það var hvergi nokkurs staðar minnst á homma og hvað þá lesbíur í fjölmiðlum eða neins staðar. Nema kannski einstaka umfjöllun um kynvillinga. Það mátti ekki einu sinni auglýsa samkomurnar okkar. Það hefur orðið algjör bylting.

Marius: Þegar ég kem út þá er svona aðeins farið að hýrna til. En ég man eftir sögum frá strákum sem voru aðeins eldri en ég. Þeir fengu ekki að fara inn á vinsæla skemmtistaði ef dyraverðirnir vissu að þeir væru hommar og stundum var þeim hleypt inn og beðið þar til þeir fóru að kyssast á dansgólfinu og þá komu dyraverðirnir og lömdu þá í buff í bakherberginu.

Ragnhildur: Hommarnir hafa alltaf fengið harðari viðbrögð. Það hefur verið gengið í skrokk á þeim meðan stelpurnar eru meira látnar í friði sem er bæði til góðs og ills. Það var að sumu leyti auðveldara fyrir stelpur að koma út úr skápnunum með þetta en að sama skapi líka auðveldara fyrir þær að vera bara inni í skápnunum sem er ekkert æskilegt. Lesbíur hafa alltaf ógnað karlveldinu miklu minna en hommarnir. Þær eru auðvitað til vandræða en ekki eins skelfilegar og hommarnir. Maður heyrir oft miklar lýsingar fólks sem er með fordóma og þeir beinast yfirleitt gegn hommum. Það var mín huggun þegar ég var 17 eða 18 ára að ég væri þó ekki hommi. Nógu slæmt var að vera lesbía.

Marius: Nú er ég búinn að búa lengi erlendis og þegar ég kem heim núna sé ég mikinn mun. Samkynhneigð er orðin næstum því svona „comercial“. Ég meina það ekki endilega neikvætt en þetta er komið upp á yfirborðið og að sjálfsgöðu hlýtur það að vera hollara



GLÖÐ OG HÝR Ragnhildur og Marius eru sammála um að það megi vel hlæja að staðalímynndum um samkynhneigð og stundum sé jafnvel einhver fótur fyrir þeim. Það kemur Ragnhildi til dæmis ekkert á óvart að Marius sé hrifinn af Judy Garland. Sjálf vill hún hins vegar ekki kannast við að vera nein truckalessa enda ekki einu sinni með meirapróf.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Það er alveg óþolandi að alast upp við það að í hverri einustu þvottaefnissauglýsingu sé sýnt hamingjusamt par af gagnstæðu kyni og sjá aldrei aðra möguleika.

fyrir samfélagið alveg sama hvaða skoðanir fólk hefur.

Ragnhildur: Ég verð lítið vör við fordóma núna. Ég hafði svolitlar áhyggjur af því að dætrum mínum yrði strítt í skóla en það hefur aldrei verið neitt, neitt. Krakkar eru svo opnir og það er greinilega ekki verið, á nokkru heimili í kringum okkur, að innræta þeim einhverja fordóma.

Marius: Svo er líka spurning hvort það eru ekki fordómar í gangi út af ýmsu öðru líka.

Ragnhildur: Jú, jú. Og svo má ekki gleyma því að oft er maður með fordóma gagnvart sjálfum sér. Við erum bara afsprengi okkar þjóðfélags. Ég var rosalega lengi að komast yfir alla mína hommafóbíu. Ég var bara alin upp eins og hver önnur stelpa á landinu með öllum þeim kolröngu skilaboðum sem fólust í umhverfinu þannig að

það tók mig svolitinn tíma að komast yfir það og bara sætta mig við að ég væri lesbía.

Marius: Já ég segi það sama. Það lítur kannski ekki þannig út en það er þannig inn á við. Fólk þarf alltaf að vinna í sjálfu sér og læra fyrst og fremst að bera virðingu fyrir sjálfu sér. Það er svolítið mikið að ætlast til að allt þjóðfélagið beri virðingu fyrir þér ef þú gerir það ekki sjálfur.

Ragnhildur: En með mýturnar. Eru ekki allir hommar mjög lauslátir og lesbíur flytja saman á öðru deiti og fara að halda heimili?

Marius: Klisjurnar eru til en fólk verður líka að hafa einhvern smá hómur fyrir sjálfu sér og hvert öðru.

Fyrirmyndir skipta máli

Hollywood-stjarnan Lindsay Lohan á kerustu núna. Pressan

vestra heldur jafnvel að þessar fréttir af Lohan geti komið af stað einhvers konar lesbíubylgju. Hvað finnst ykkur um þetta, getur samkynhneigð komist í tísku?

Ragnhildur: Að sjálfsgöðu getur svona kannski ýtt undir að stelpur verði öruggari með sig og þori að koma út úr skápnunum en samkynhneigð smitast ekki og verður ekki að neinum faraldri. Það er sko alveg á hreinu.

Marius: Þetta hefur alveg farið fram hjá mér.

Ragnhildur: Þú lest náttúrlega ekkert um stelpurnar. Ég veit ekki hvort svona kjaftasögur hafa einhver áhrif. Það sem skiptir máli er flottar fyrirmyndir sem standa við það sem þær eru. Þegar ég var að alast upp þá var hvergi hægt að benda á neinar lesbískar fyrirmyndir. Það voru kannski tveir hommar þekktir í

bænum en annað sá maður ekki. Auðvitað skiptir allt svona máli. Það er alveg óþolandi að alast upp við það að í hverri einustu þvottaefnissauglýsingu sé sýnt hamingjusamt par af gagnstæðu kyni og sjá aldrei aðra möguleika.

Marius: Þá erum við komin að því sama og við vorum að tala um áðan. Þetta er ekki tekið alvarlega og það er það sem er svo óréttlátt. „Lindsay Lohan er bara að leika sér,“ segir fólk en ef þetta væri strákur þá væri hann hommi að eilífu alveg sama þótt hann giftist tíu konum og eignaðist 200 börn.

Ragnhildur: Stelpur mega „prófa“ að vera lesbíur en ekki strákar.

Marius: Nei, þá er þetta bara búð.

Ragnhildur: Og um leið er þetta líka óþolandi. Það er eins og það sé ekki tekið alvarlega sem stelpur gera. Það að vera lesbía er ekki tekið alvarlega.

Marius: Já, kannski hefur viðhorfið ekki breyst svo mikið. Viðbrögðin við hommum og lesbíum eru enn mjög ólík þótt hommar séu kannski ekki lengur lamdir niðri í bæ. Um stelpurnar er bara sagt að þær séu góðar vinkonur og það er ekkert vandamál.

Fengju frá Vigdís með

Að lokum, ef þið ættuð í sameiningu að sjá um einn vagn í gleðigöngunni hvernig yrði hann þá skreyttur og hvaða fimm þekktu einstaklinga mynduð þið fá til að standa á vagninum?

Ragnhildur: Í fyrsta lagi þá myndir þú sjá um músíkina. Ég ætla ekki að reyna að syngja, við getum afgreitt það strax.

Marius: Hvernig viltu skreyta vagninn?

Ragnhildur: Talandi um klisjur - á homminn ekki að sjá um skreytingarnar. Mér finnst það alveg rakið. Ég skal sjá um truckinn!

Marius: Ertu með meirapróf?

Ragnhildur: Nei. Ég veit - ég er ömurleg truckalessa.

Marius: Þá erum við í vandræðum. En, já, fræga fólkíð ...

Ragnhildur: Gerum þetta í réttari röð, við verðum að ákveða þema áður en við förum að troða einhverju fólki upp á pall. Við gætum haft kirkjulegt þema.

Marius: Eða íslenskt þema. Hvað með svona „samkynhneigð í gegnum tíðina“ þema?

Ragnhildur: Mér dettur ekkert í hug. Það er eins gott að ég er ekki að skipuleggja þessa göngu.

Marius: Höfum þetta bara samkynhneigð í gegnum tíðina. En hvaða fólk eigum við að fá. Hmm... Ég myndi vilja fá Vigdís Finnogadóttur.

Ragnhildur: Ókei flott, einn stuðningsmaður þar.

Marius: Já, og Lindsey Lohan auðvitað, með kerustuna.

Ragnhildur: Og Jodie Foster. En þurfum við ekki einn karlmann?

Marius: Jú, einhvern svolítið sætan.

Ragnhildur: Hver er sætur? Og þarf hann þá ekki að vera sætur í sögulegu samhengi? Jón Sigurðsson er klassískur.

Marius: Sesar kannski ...

Ragnhildur: Finndu nú einn sætan á lífi? Ert þú nokkuð einn af þeim sem eru að vonast til að Tom Cruise sé hommi?

Marius: Það eru allir að vonast til þess.

Ragnhildur: Hvernig ætlarðu svo að skreyta þetta. Byrja bara á torfbænum og enda á ljósagólfinu?

Marius: Bíddu, ég er enn að hugsa um einhvern sætan karlmann. Einhvern svona grískan guð.

Ragnhildur: Erum við að tala um olíuborið grískt guð?

Marius: Nei, ég er kominn með þetta. Fáum Russell Crowe. Með því skilyrði að hann verði í Gladiátor-búningnum sínum.

Ragnhildur: Samþykkt!

BÍLMAGNARAR ÚTVÖRÞ
MAGNARAR MP3 SPILARAR
FERÐATÆKI PRÁÐLAUSIR SÍMAR
BÍLTÆKI
HÁTALARAR SJÓNVÖRÞ
MYNDAVÉLAR
DVD SPILARAR
BÍLHÁTALARAR
HEYRNARTÓL
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

ÚTSAULA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPPVOTTAVÉLAR ELDVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
 HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL
 HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR PVOTTAVÉLAR
 KAFFIVÉLAR BLANDARAR PURRKARAR
 VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN RAKVÉLAR
 RYKSUGUR

NOKKUR VERÐDÆMI

- Panasonic 32" sjónvarp – Verð áður kr. 119.995 – Nú kr. 79.995
- Pottar og pönnur með 25% afslætti
- Brauðristar, kaffivélar, sléttujárn, hárbلاسarar og fleira frá kr. 995
- Pvottavélar og þurrkarar með miklum afslætti
- Philips sjónvörp með allt að 200.000 kr. afslætti
- Örbylgjuofnar – Verð frá kr. 5.995

Útlitsgallaðar vörur með miklum afslætti

TAKMARKAÐ MAGN
Fyrstur kemur – fyrstur fær!

Opið á laugardögum 10–16

 **Heimilistæki**
 www.ht.is

REYKJAVÍK SUÐURLANDSBRÁUT 26 SÍMI 569 1500	AKUREYRI GLERÁRGÖTU 36 460 3380	HÚSAVÍK GARÐARSBRÁUT 18A 464 1600	SELFÖSS EYRARVEGI 21 480 3700
---	--	--	--

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic UNITED BEKO DeLonghi elna exido
 ide line Melissa TecnoWind Bauknecht Bompani OBH NORDICA INDESIT VESTFRÖST Whirlpool



GLÆSILEG SETNINGARATHÖFN Mikið var um dýrðir á setningarathöfninni í gær og voru íslensku keppendurnir landi og þjóð til sóma. Örn Arnarson lenti í smá vandræðum með með fánann en það kom þó ekki að sök.

Peking komin í Öskubuskukjól

Kínverjar hafa klætt höfuðborg sína, Peking, í nýjan og glæsilegan búning fyrir Ólympíuleikana sem hófust í gær. Má í raun segja að borgin sé í sannkölluðum Öskubuskukjól enda vart skítugan blett að finna á útliti borgarinnar og þar sem sullast hefur yfir kjólinn hafa Kínverjar breitt yfir svo ekki sjáist. Litadýrðin er áberandi og erlendir ferðamenn hafa heillast af útliti borgarinnar. Mannmergðin er mikil og áhugi heimamanna á leikunum er að mörgu leyti meiri en hjá hinum erlendu gestum. *Vilhjalm Gunnarsson*, ljósmyndari Fréttablaðsins, hefur skoðað nágrenni Ólympíusvæðisins undanfarna daga og myndað það sem helst hefur vakið athygli hans í umhverfinu.



Á RÚNTINUM Þótt borgin sé komin í hátíðarbúning ferðast íbúarnir enn á sinn gamla máta. Þessi fjölskylda var hress þegar hún þeystist fram hjá ljósmyndara.



Í FANGI MÖMMU Ekki eru allir háir í loftinu sem fylgjast með fjörinu í Peking.



ALLIR Í RÖÐ Sjálfboðaliðarnir sem hjálpa til við Ólympíuleikana eru um 400.000 talsins eða talsvert fleiri en allir Íslendingar. Þeir hafa næg verkefni og hjálpa til við allt.



VÖRUSKIPTI „Ef ég læt þig fá tvö svona get ég þá fengið eitt svona?“ Gestir leikanna skiptast á nælum og minjagripum frá Ólympíuleikunum í gegnum tíðina.



SUNDHÖLLIN Mótssvæðið er einkar glæsilegt og byggingarnar hver annarri skrautlegri. Þessi er kölluð Water Cube og hýsir sundhöllina.

ENDALAUS GLEÐI

Gleðiganga Hinsegin daga fer fram í dag og um að gera fyrir alla að fara í bæinn og sýna stuðning sinn í verki. Auk þess sem það er hin besta skemmtun að skoða lítríka búningana.

TÍSKA 4



VIÐHALD OG VARAHLUTIR

Þegar kaupa á notaðan bíl skiptir máli að vita hver meðalending mismunandi bílhuta er. Upplysingar um það er að finna á vef Umferðarstofu og hægt er að skoða nákvæman athugunarlista vegna bílakaupa á vef FÍB.

BÍLAR 2



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

Montreal

15. og 22. ágúst
frá kr. **29.990**



Allra síðustu sætin!

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætum til Montreal 15. og 22. ágúst. Þetta er einstakt tækifæri til að njóta lífsins í þessari stórkostlega spennandi borg sem er önnur stærsta borg Kanada. Í borginni mætast gamli og nýi tíminn, rík sagan og iðandi nýbreytnin á einstaklega skemmtilegan hátt. Það er frábært að skoða sig um, versla og njóta lífsins í Montreal; fallegar byggingar, endalaust úrval verslana og veitingastaða og mjög hagstætt verðlag. Griptu tækifærið og smelltu þér til Montreal og njóttu þess besta sem þessi spennandi heimsborg hefur að bjóða.

Mjög takmarkað framboð flugsæta og gistingar í boði á þessu verði.

Verð kr. **29.990**

Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Sértilboð 15. og 22. ágúst.

Verð kr. **49.990**

flug og gisting í viku. Netverð á mann, m.v. 2 saman í tvíbýli á Travelodge með morgunverði í viku. Sértilboð 15. og 22. ágúst.

Verð kr. **54.200**

flug og gisting í viku. Netverð á mann, m.v. 2 saman í tvíbýli á Les Suites Labelle *** með morgunverði í viku. Sértilboð 15. og 22. ágúst.

Verð kr. **76.600**

glæsileg gisting **** Netverð á mann, m.v. 2 saman í tvíbýli á Hyatt Hotel **** með morgunverði í viku. Sértilboð 15. og 22. ágúst.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000

Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



„Það stoppar ekkert þennan bíl,“ segir Freyr um gamla Unimoginn sinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hraðskreið vinnuvél

Freyr Franksson á flottan húsbíl af gerðinni Mercedes Benz Unimog sem endist vel.

„Ég rakst á þennan bíl á bílasölu fyrir fjórtán árum. Hann er af árgerð 1957 en tikkar alltaf. Hann var í góðum höndum áður en ég fékk hann og ég hef haldið honum við,“ segir Freyr, inntur eftir sögu bílsins. „Þetta er grófur bíll og ein og ein rispa gefur honum bara sál og karakter. Það eru nokkrir svona bílar á landinu og við eigendurnir förum á þeim í Þórsmörk einu sinni á ári. Þessi er með þeim elstu. Hann var mikið notaður í að ferja hjól fyrir fjallahjólaklúbbinn svo hann hefur farið víða. Það stoppar ekkert þennan bíl. Hann er með gormafjöðrun allan hringinn, hægt að læsa öllum drifum og hann er í alla staði öruggur.“

Bíllinn er hinn huggulegasti að innan, meira að segja með rullugardinum. „Það var búið að innrétta bíllinn þegar ég fékk hann og setja panel í loftið. Það

eina sem ég gerði var að endurnýja sætin,“ lýsir Freyr. „Við strákarnir förum á honum í veiðiferð á Arnarvatnsheiði árlega. Við getum setið kringum borð í bílnum og svo sofið í honum fjórir með því að fella borðið niður. Þetta er framúrstefnubíll miðað við árgerðina. Hálfgerð verkfræðiundur. Ég er líka svo lánsamur að hafa fengið það uppeldi að þurfa ekki endilega að eignast allt nýtt heldur njóta þess sem ég á og fara vel með það.“

Unimog er upphaflega herbíll. Freyr segir hann líka notaðan víða í landbúnaðarvinnu enda hægt að tengja allt við hann, meira að segja snjóttönn. „Þetta er svona hraðskreið vinnuvél,“ segir hann hlæjandi. „Kraftmikill? Upphaflega var hann 80 hestöfl en er orðinn um 200 núna. Samt keyri ég hann ekki hraðar en á 80. Sumir furða sig á því að ég nenni að hlunkast áfram á truckki í stað þess að líða áfram í þægindum en mér finnst það ákveðin stemning.“

gun@frettabladid.is

www.poulsen.is



Bílavarahlutir

BILSTEIN



Höggdeyfar

Poulsen Skeifan 2

Sími: 530 5900 - www.poulsen.is

Poulsen

partur af lífinu



BÍLALEIGUBÍLAR SUMARHÚS Í DANMÖRKU

Ódýrari bílaleigubílar fyrir Íslendinga.

Bílar frá dkr. 1.975.- pr. viku.

Innifalið í verði; ótakmarkaður akstur, allar tryggingar, engin sjálfsábyrgð. (Afgr.gjöld á flugvöllum).

Höfum allar stærðir bíla, 5 – 7 manna og minibus 9 manna og rútur með eða án bílstjóra.

DanCenter

Sumarhús

Útvegum sumarhús í Danmörku af öllum stærðum



LALANDIA - Rødby

Lágmarksleiga 2 dagar.

LALANDIA - Billund

Nýtt frábært orlofshúsaferfi rétt við Legoland.

Fjölbreyttar upplýsingar á www.fylkir.is



Hraunbær 18 - 810 Hveragerði - Sími 456 3745



Subaru Impreza WRX STI hefur verið yfirfarinn af Prodrive og skilar vélin nú 325 hestöflum.

Nýjar Imprezur

Subaru frumsýnir tvær nýjar útgáfur af Impreza. Sú þriðja er væntanleg innan sex mánaða.

Subaru ætla sér að skora þrennu með þremur nýjum útgáfum af Impreza á næstu mánuðum. Tvær hafa nú þegar litið dagsins ljós en þær voru frumsýndar á bílasýningunni í London. Útgáfurnar sem um ræðir eru Impreza WRX-S og Impreza WRX STI. Báðr útgáfur hafa verið yfirfarnar og uppfærðar af Prodrive og eins og gefur að skilja skilar það sér í auknum afköstum og ýmsum útlitsbreytingum.

Ætlað er að bílarnir komi á götuna í september en þeir hördustu verða að bíða lengur eftir Impreza WRX STI 380S hugmyndabílnum. Vélin í 380S er gjör-samlega endurhönnuð af Prodrive og mun hún koma til með að skila um 380 hestöflum. Þústkerfinu, undirvagninum og fjöðruninni hefur einnig verið breytt af Prodrive svo með sanni mætti segja að um nýjan bíl sé að ræða.

Slæmu fréttirnar eru að S380 kemur einungis hugsanlega út eftir sex mánuði ef áhugi er mikill. Þá verður að sérpanta bílinn og eitthvað kemur það til með að kosta. En það kostar ekkert að láta sig dreyma.

-tg

Vert að huga að endingu einstakra bílhluata

Nú þegar aðgangur að lánsfé er af skornum skammti og minna er um að fólk kaupi nýja bíla fara margir að renna hýru auga til hinna notuðu og þá er að ýmsu að hyggja.

Við kaup á notuðum bíl skiptir meðalending hinna ýmsu bílhluata miklu máli. Þótt ending þeirra sé ólík og viðhalds- og rekstrar-kostnaður mismunandi eftir bílgerð og fyrri eigendum er gott að hafa einhverja viðmiðun.

„Víti fólk hver meðallíftími bílhluata er má gera sér grein fyrir viðhaldsþörf og kostnaði í ljósi aldurs bílsins og eins hvort um er að ræða eðlilegt eða óeðlilegt slit,“ segir Kristófer Ágúst Kristófersson, verkefnastjóri tæknimála ökutækja hjá Umferðarstofu.

Hann segir rannsóknir hafa verið gerðar á endingu bílhluata miðað við það hvenær skipt var um þá og gefa þær meðal annars til kynna að aðalljósaperur bili eftir um 20.000 kílómetra akstur, hemlaborðar og hemlaklossar eftir um 40.000 kílómetra, útblásturskerfi eftir álfka mikinn akstur, tímareim eftir um 70.000 kílómetra, kúpling eftir um 100.000 kílómetra og rafgeymir eftir 3-5 ár en rafmagnsbilun er eitt af því sem getur verið dýrt að gera við að sögn Kristófers. „Ég vil þó benda á að allur gangur getur verið á því hvenær hlutir bíla og fer það mikið eftir bíltegund.“ Kristófer segir þó hægt að nálgast frekari viðmiðanir á vef Umferðarstofu.

„Einstakir bílhluatar, eins og kúpling og bremsur, geta síðan verið skemmdir þó svo að ekki sjáist neitt á ytra byrði bifreiðarinnar. Þá er gott að taka rúnt og finna hvernig bifreiðin er í akstri.



Kristófer Ágúst Kristófersson hjá Umferðarstofu mælir eindregið með því að fólk láti skoða notaða bíla og yfirfara hina ýmsu bílhluata.

FRÉTTABLAÐID/GVA

Eins er skynsamlegt að skoða nákvæman athugunarlista vegna bílakaupa sem má finna á vef FÍB,“ segir Kristófer.

„Eg mæli síðan hiklaust með ástandsskoðun á skoðunarstofu eða löggiltu verkstæði en þar vita menn hvaða hluti þarf að yfirfara.“ Kristófer segir árlega aðal-skoðun mjög góða en að hún miðist við það að athuga hvort billinn sé öruggur og ökuhæfur.

„Hún segir því ekkert um ástand vélar, girrkassa, sjálfskiptingar eða annars vélræns búnaðar.“ Kristófer segir smurbókina vera mjög mikilvæga og gefa góða vísbendingu um hvort vel hafi verið hirt um billinn.

vera@frettabladid.is

Með því að vita hver meðallíftími bílhluata er má gera sér grein fyrir viðhaldsþörf í ljósi aldurs bílsins.



Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

VILTU VERÐA RIDDARI GÖTUNNAR?

VERTU KLÁR FYRIR SUMARIÐ!
BÓKLEGT BIFHJÓLANÁMSKEIÐ Á NETINU!
www.ekill.is

ekill

www.ekill.is • upplýsingar í síma 894 5985

Meguiar's

Meistarabón

Hjá Málningarvörum ehf - áður Gísli Jónsson ehf - færðu heimspektar bón- og hreinsivörur frá Concept og Meguiar's. Komdu og fáðu réttu efnin og ráðgjöf frá fagmönnum um hvernig þú getur gert bílinn hreint og beint skínandi fallegan!

MÁLNINGARVÖRUR EHF

Málningarvörur ehf. | Lág múla 9 | Sími: 581 4200 | malning@malningarvorur.is | www.malningarvorur.is



Ólétt um illfærar skriður

Þótt Auður Kjartansdóttir væri komin fimm mánuði á leið arkæði hún um illfærar skriður til heiðurs annarri konu sem fyrir 150 árum fór þar um að vetri til með barn í fanginu og annað undir belti.



Auður er reyndur leiðsögumaður og mikil fjallageit.

MYND/PÁLL GUÐMUNDSSON

Síga þurfti á línu niður í fjöru í Héðinsfirði, klöngrast þar um flughálar klappir í sex tíma og fara forvaða í sjó upp að mitti áður en klifið var upp í Hvanndali. Allt þetta lagði Auður Kjartansdóttir á sig ásamt 25 öðrum, meðal annars til að minnast afreks Guðrúnar Þórarinsdóttur, húsfreyju í Hvanndölum, árið 1859. Eldurinn hafði sloknað á bænum og bóndinn var á hákarlaveiðum. Guðrún gekk um Hvanndalaskriðurnar að Vík í Héðinsfirði að sækja eld, bálólétt og bar yngsta barnið sitt en skildi tvö eftir heima. Hún komst á báti til baka.

Auður segir þessa leið afar ógreiðfæra. „Þetta var töluvert ævintýri en þarna er stórfengleg náttúra og það var ólýsanlega fallegt að vera innan um þarann í sólinni og vaða sjó við nyrstu odda Íslands,“ segir hún brosandí Hún er leiðsögumaður og ferðin í Hvanndali var liður í fjögurra daga göngu á vegum Ferðafélags Íslands. „Fyrsta daginn gengum við frá Siglufirði á Illviðrahnjúk í blíðskaparveðri og enduðum á Strákum,“ byrjar Auður ferðalýs-



Klöngrast um flughálar klappir í Hvanndalaskriðum við austanverðan Héðinsfirði.

þaðan í Héðinsfjörð, um Nesdal og Pútuskarð sem margir telja ófært. Síðan var Hvanndalur heimsóttur eins og áður er lýst. Þar má sjá rústir eins afskekktasta býlis á Íslandi er fór í eyði 1896 og austan þess er Hvanndalabjarg, 780 m, hæsta standberg í heimi sem rís beint úr sjó. Síðasta dagleiðin var yfir í Fossdal í Ólafsfirði. „En var Auður ekkert komin að fótum fram? „Nei, alls ekki. Ég vissi að ég gæti hætt eftir fyrsta daginn og líka annan en mér leið svo vel að ég vildi halda áfram.“

ingu í fáum dráttum. „Næsta dag var siglt á Siglunes og gengið

gun@frettabladid.is

Ferðaklúbburinn Flækjufótur í samvinnu við Bændaferðir



Frankfurt – Rothenburg – Mosel 22. september – 29. September 2008 Fararstjóri: Steingrímur Gunnarson

Eftir flug til Frankfurt hefst ferðin í stórborginni Frankfurt sem oft er kölluð „Mainhattan“ sökum hárra skýjakljúfa í miðborginni. Við gistum 3 nætur í Mörfelden sem er lítil bær rétt fyrir utan Frankfurt. Förum í skoðunarferðir m.a. í Hessenpark. Menningar og fræðslugarð sem sýnir mikið af gömlum þýskum bindihúsum. Síðan förum við í dagsferð til Rothenburg ob der Tauber, en þessi litla borg er með heillegasta borgarmúr Þýskalands frá miðöldum og er allur miðbærinn í gömlum stíl. Eftir skemmtilega daga er haldið áfram í Rínardalinn til Rüdesheim, þar sem farið er í siglingu eftir Rín til Koblenz og þaðan ekið til Zell, fallegur vínbær við ána Mósél. Farið verður í áhugaverðar skoðunarferðir til Bernkastel og Trier, sem er elsta borg Þýskalands. Svæðið við Mósél er einstaklega fallegt á þessum árstíma, uppskerutíminn að ganga í garð og munum við bregða okkur í vínsmökkun.

Upplýsingar í síma 898-2468
Allir velkomnir!



Kvartmílukeppni



í dag klukkan 13.00 á
Kvartmílubrautinni Kapelluhrauni.
www.kvartmila.is





Fjölbreytnin í fyrirrúmi

Hinsegin dagar standa nú yfir í Reykjavík. Hápunktur hátíðarinnar er án efa gleðigangan sem verður nú í dag.

Mikill spenningur er oft fyrir gleðigöngunni og þá aðallega þeim búningum sem þar ber fyrir augu. Leyndin er mikil og vilja fæstir þátttakendur gefa upp hvernig búningurinn verður. Eitt er víst að gangan mun gleðja augað og skemmta ungum sem öldnum. En gleðigangan er ekki einungis þekkt fyrir litríka og skemmtilega búninga heldur einnig fjölbreytta hópa sem þar koma fram.

Meðal hópa sem koma fram eru ungliðar Samtakanna 78. Þetta eru krakkar á aldrinum 14-20 ára sem hafa notið góðs af starfsemi Hinsegin daga og gleðigöngunnar. „Við verðum með bíl og öll saman á pallinum, um tuttugu manns. Þemað hjá okkur í ár er árið 1978, í tilefni af 30 ára afmæli samtakanna, og verðum við öll klædd eftir því,“ segir Guðmundur Smári Veigarsson, einn af umsjónarmönnum ungliðanna.

Litadýrðin birtist ekki aðeins í mismunandi búningum heldur einnig í þjóðernum. Natthawat, eða Vat eins og hann er kallaður, mun verða með afar skemmtilegt atriði og búning. „Við verðum nítján saman á pallinum með atriði og í flottum búningum. Þeir eru mjög skrautlegir. Til að sjá atriðið verður fólk bara að koma,“ segir Vat hlæjandi. „Við erum að æfa atriðið á fullu núna svo allt verði tilbúið í göngunni. Undirbúningurinn er búinn að vera mikill og einstaklega skemmtilegur.“

Hópur hinsegin foreldra mun einnig koma fram í göngunni ásamt börnum sínum. „Við erum hátt í sextíu manns sem tökum þátt í þessu. Við verðum í göngunni syngjandi barnalög og munum hafa það gaman. Eldri börnin verða á hjólum og síðan koma barnavagnar og óléttar konur,“ segir Guðrún Óskarsdóttir, þátttakandi í göngunni. „Við verðum öll í búningum þar sem á stendur: Stolt fjölskylda. Framan á bolunum verður síðan mynd af tveimur konum með eitt barn eða tveimur körlum með eitt

Atriðið hjá Vat verður í austurlenskum stíl. Undirbúningurinn er búinn að vera strangur svo allt heppnist á laugardaginn.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

barn. Stemningin er ótrúlega góð fyrir göngunni og hlökkum við mikið til,“ segir Guðrún spennt fyrir laugardeginum.

Gleðigangan leggur af stað frá Hlemmi klukkan 14.00 og eru allir hvattir til að mæta, sjá flottu búningana og taka þátt í þessari frábæru stemningu.

sigridur@frettabladid.is



Guðmundur Smári Egilsson er einn af umsjónarmönnum ungliðanna. Þemað hjá þeim í göngunni verður árið 1978.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Guðrún Óskarsdóttir segir að þátttaka meðal hinsegin foreldra og barna þeirra sé mjög góð.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Með verðslanir um allan heim

Gucci er næststærsta tískumerki heims og eru vörur þess seldar í um 425 verðslunum.

Tískuhúsið Gucci hefur verið starfrækt í sjötíu ár og var haldið upp á afmæli þess á dögunum.

Það var Guccio Gucci sem stofnaði fyrirtækið á fyrri hluta tuttugustu aldar en hann hannaði sjálfur margar af þekktustu vörum fyrirtækisins. Árið 1947 kynnti Guccio til sögunnar bambushandfangið á Gucci-töskurnar sem enn í dag eru eitt af aðalmerkjum Gucci. Einnig kom hann með röndótta grófofna beltið og rúskinnsmokkasínurnar með stálbitanum.

Guccio lést árið 1953 en þá tók Aldo sonur hans við stjórnandahlutverki fyrirtækisins. Hann kom fyrirtækinu á alþjóðlegan markað og opnaði búðir í London, París og New York. Í dag er Gucci söluhæsta tískufyrirtæki Ítalíu og næststærsta tískumerki heims. Vörur þess eru seldar í um 425 verðslunum um allan heim.

- mpp



Fyrirsæta sýnir kventískulínu Gucci fyrir næsta vetur.

NORDICPHOTOS/AFP

Síðustu dagar útsölnar

allt með 70% afslætti

La Guðrún
Tískuhaus
Rauðarárstíg 1. sími 561-5077

Útsalan hafin

30-60% afsláttur af völdum vörum



Selena

Síðumúli 3, S. 553-7355

Hæðasmári 4, S. 555-7355

Opið virka daga kl: 11-18, laugard. 11-15

allt heilsa

Alla þriðjudaga og fimmtudaga

heimili&hönnun

LAUGARDAGUR 9. ÁGÚST 2015

● **HÖNNUN**

Austræn áhrif

● **UPPÁHALDS**

Með hundinn
uppi á vegg

● **INNLIT**

Í heimsókn
á Korpúlfsstaði



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTSALA

Opið laugardag til kl. 17

Grillbúðin

www.grillbudin.is

Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400



HEIMILISHALD
MIKAEL MARÍNÓ RIVERA

Heima er best

Ég gerði mér lítið fyrir og skelli mér í sumarfrí. Undanfarin ár hefur mér ekki tekist það enda alltaf í skóla á veturna og þar af leiðandi hef ég unnið eins og skepna á sumrin. En nú er öldin önnur.

Ég er á hringferð um landið og hef sagt skilið við sjónvarpið, tungusófann, ískápinn, sturtuna, rúmið og önnur nútíma þægindi. Í staðinn fæ ég að upplifa óblíða náttúruna í öllum sínum myndum.

Þegar ferðast er með tjald og fullan bíl af farangri verður maður fyrir vissu sjokki að hafa ekki öll þægindi við hendina. Í útilegunni verður maður bara að bjarga sér.

Ég gekk inn í vegasjoppu eina skammt frá Vatnajökli og spurði eins og asni hvort til væru ísmolar svo ég gæti kælt bæði mat og drykk. Afgreiðslukonan horfði á mig eins og ég gengi ekki heill til skógar og rétti mér plastpoka. Ég tók við pokanum og spurði aftur eins og fiðl hvað ég ætti eiginlega að gera við hann. Hún benti mér þá að snúa mér við þar sem stærsti jökull Evrópu blasti við mér. Þar væri nægan ís að finna sem gæti sjálfsagt kælt alla heimsins drykki.

Þarna kom vankunnátta mín skýrt í ljós og ég fór með skottið á milli lappanna upp að jökli.

Þarna hefði ég sannarlega kosið að hafa ísskáp og frysti meðferðis því ég er einfaldlega týpan sem kys þægindi. Mér finnst til dæmis mikill munur á því að fara í sturtu heima eða í einhverri sundlaug úti í bæ. Undantekningarlaust er enginn kraftur í þessum sturtum og hundur liti sjálfsagt ekki við sápunni sem er í boði. Á slíkum stundum fæ ég hreinlega tár í augun við að geta ekki stokkið í sturtuna heima þar sem ég get valið úr sápum og sjampóum og sápað mig undir góðri bunu.



Ég er greinilega enginn ferðamaður og tjaldið síður en svo minn heimavöllur, því þótt það sé stórt og með flottri vindsæng kemst það ekki í hálfkvísi við svefnherbergið heima. Auðvitað er gaman að fara í útilegu, sjá fallega náttúru og rekast á ferðamenn sem eru sjálfsagt flestir með hugann við annað en sjónvarpið og sófann sinn. En heima er best.



● Forsíðumynd: Mynd tók Gunnar V. Andrésen á vinnustofu Þóreyjar Bergljótar Magnúsdóttur. **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórn:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Emillía Örlygsdóttir emillia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 517 5439 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.



● NÝTT VERÐUR GAMALT Í HÖNDUM SERGIOS SILVA

Ekki er óalgengt að hönnuðir sækist eftir því að breyta gömlum hlutum í eitthvað alveg nýtt. Hönnuðurinn Sergio Silva fer hins vegar ótroðnar slóðir og leikur sér að því að breyta nýjum hlutum í gamalt. Með þessum skemmtilega olíulampa hefur þróuninni verið snúið við og ljósaperu er breytt í hlut sem hún var upprunalega hönnuð til að leysa af hólmi.

Hundurinn hafður uppi á vegg

● Sara Óskarsdóttir státar af nokkuð sérstakri mynd sem vekur iðulega athygli gesta.

Sara Óskarsdóttir, starfsmaður hjá Iceland travel og einn af eigendum Nýlenduveruverslunar Hemma og Valda, fékk stærðarinnar mynd af hundinum sínum í brúðargjöf. Myndin fékk samtundis heiðursess í stofunni og vekur iðulega athygli gesta.

„Þetta kom nú þannig til að maðurinn minn, Hermann Fanar Valgarðsson, fór gjarnan með hundinn okkar Elvis í heimsókn til vinar okkar Ara Magg ljósmyndara. Ari var með svarthvíta mynd af hana uppi á vegg og í hvert skipti sem Elvis sá myndina trylltist hann,“ segir Sara. Hundurinn náði greinilega að vekja athygli ljósmyndarans með látum og félagarnir ákváðu að mynda hann í gríni.

„Þeir stilltu honum upp og settu meira að segja gel í toppinn á honum. Okkur datt þó aldrei í hug að Ari myndi gera svona mikið úr þessu og varð mjög skemmt þegar hann mætti með myndina í brúðkaupið okkar.“

Hermann og Sara giftu sig utandyra skammt frá Hafnarfirði og höfðu þar smá aðstöðu til að geyma gjafirnar. „Við þorðum þó ekki að skilja myndina eftir. Hún var ein af fáum gjöfum sem við tókum með okkur heim í leigubíl um nóttina, bílstjóranum til mikillar furðu,“ segir hún og hlær.

Myndin fékk síðan heiðursess í stofunni og segir Sara hundinn vera hæstánægðan með hana. „Hann er greinilega ekki jafn hræddur við sjálfan sig og hann.“

Sara segir myndina þó stundum þarfnast útskýringa og að fólk átti sig ekki alltaf á því að hún sé af Elvis. Sara segist líka stundum hafa haft það á tilfinningunni að



Sara hefur það stundum á tilfinningunni að fólk haldi að þau hjónin tilbiðji hundinn og þarfnast myndin gjarnan útskýringa. FRÉTTABLAÐID/ARNÞÓR

fólk haldi að þau hjónin tilbiðji hundinn. „Einu sinni lenti Elvis í slag við hund í götunni og eigendur nágrannahundsins komu inn til að líta á Elvis. Við þeim blasti þá þessi risavaxna mynd af hundinum og héldu þau örugglega í fyrstu að þetta væri einhvers konar altari.“

Sara er mjög ánægð með myndina en eftir að hún eignaðist son hefur hún velt því fyrir sér að semja við Ara um sambærilega mynd af honum. „Á meðan við vorum barnlaus var hundurinn eðlilega aðalnúmerið á heimilinu en nú hefur athyglin dreifst,“ segir hún kímín.



REIN
Steinsmiðja

GRANÍTBORÐPLÖTUR

Viðarhöfði 1 • 110 Reykjavík • sími 5667878 • fax 5668787 • www.rein.is

Útsalan er hafin



Maja Guðna verður með myndlistasýningu meðan á útsölnni stendur.

Maria Svandís Guðnadóttir er uppalin á Seltjarnarnesinu. Hún hefur málað mikið með olíulitum, vatnslitum og pastellitum ásamt því að hafa gert tilraunir til að mála með ýmsum óhefðbundnum efnum og litum.

Signature
••• húsgögn

Fiskislóð 45 • 101 Reykjavík • Sími 565 3399
Ópið virka daga 11-18, laugardaga 11-15

www.signature.is



Kaffistofa listafólksins er hlýleg. Í sófanum situr Hekla með börnin sín Jökul og Nótt.

FRÉTTABLAÐID/GVA



Leirlistakonan Olga við iðju sína. „Ég renni neðsta hluta vasans og svo forma ég hann með höndunum eftir það.“



Korpúlfsstaðir voru byggðir á þriðja áratug síðustu aldar af athafnamanninum Thor Jensen. Þar hafði hann 400 nautgripi á tímabili, ásamt hlöðu og mjólkurstöð. Hundrað manna starfslið bjó líka í húsinu. Nú er Myndlistarskóli Reykjavíkur þar með útibú og 36 listamenn á vegum SÍM með vinnustofur. Auk þess hafa eldri borgarar og golfarar þar aðstöðu.

*Hljójar og
mjúkar gjafir*



DÚN & FIÐUR

Laugavegi 87 · Símar 551 8740 & 511 2004

Listamenn í fornu fjósi

● Þar sem eitt sinn var langfullkomnasta fjós landsins hafa listamenn skapað fagra veröld. Verk þeirra setja svip á staðinn og litir, trönur og leirbrennsluofnar gefa fyrirheit um fleiri slík. Við erum stödd á Korpúlfsstöðum.

„Það er góður andi í húsinu og því fylgir mikil saga. Hér er líka góður friður til að vinna en jafnframt félagsskapur því við koll-egarnir hittumst oft í hádeginu. Þá spjöllum við um viðfangsefnin og lífið,“ segir listakonan Þórey Bergljót Magnúsdóttir brosandí þegar hún er heimsótt í vinnustofu sína á Korpúlfsstöðum.

Þórey er í daglegu tali nefnd Eyja og það er hennar listamannsnafn. Hún afmarkar vinnuplássið sitt með trönum og litaborði nærri glugganum en á bak við er krúttleg setustofa. „Stundum kem ég hér inn og fer að mála en aðra daga byrja ég á að hella upp á kaffi, setjast í sófann og líta í bók eða tímarit,“ segir hún og bætir við: „Mér finnst líka voða gott að hafa hundinn minn að sniglast hér í kringum mig.“

Hekla Björk Guðmundsdóttir hefur líka félagsskap í sinni fallegu vinnustofu því börnin hennar Jökull og Nótt fylgja henni þessa dagana. Hún fæst bæði við málverk og skúlptúr eins og Eyja og er hugfangin af lundanum og íslensku kindinni.

Lopapeysu-mynstur hafa líka orðið henni að yrkisefni og gjafapokar og servíettur með þrjónamynstri hafa algerlega slegið í gegn sem söluvara. Hekla er búin að vera rúmt ár á Korpúlfsstöðum og er afar ánægð. „Húsið er yndislegt og einstök menningar-



„Ég lærði skúlptúr og er svolítið að leita til baka. Ég kalla þetta skúlptúr á striga,“ segir Eyja, sem finnst gott að vera nálægt birtunni og hefur vinnuplássið svolítið afgirt.

verðmæti,“ segir hún. Kveðst hafa verið einyrki heima lengi en líkar vel í listamannasamfélaginu.

Niðri í kjallara eru nokkrar vinnustofur. Þar flæddi vatn upp úr niðurföllunum í vetur og ein

þeirra sem þá varð fyrir miklu tjóni var Olga Dagmar Erlendsdóttir. Hún hefur innréttað vinnustofuna sína að nýju og stendur keik við að forma stóran leirvasa þegar blaðamaður og ljósmyndari líta inn til hennar.

„Það fór allt á kaf hér, meira að segja ofninn. En hann er búinn að brenna fyrir mig einu sinni eftir flóðið. Ég þurfti að stilla hann hærra en áður og veit ekki hversu mikið hann þolir,“ segir Olga en er samt afar ánægð með aðstöðuna. „Þetta er það flottasta sem maður fær,“ segir hún. „Ég man þegar átti að rífa þetta hús og skil hreinlega ekki að það skuli hafa verið til umræðu.“



Nýstárlegt bollapar úr ofni Olgu.

-gun

Fyrstir á Íslandi sem bjóða nuddpotta með saltvatni

Heitur Pottur með saltvatni.

50% afsláttur
veittur af saltvatnskerfinu
þessa helgina

- Enginn klór er notaður í potta sem hafa saltvatnskerfi.
- Fer betur með húðina.
- Auðvelt í notkun.
- 2 ár ábyrgð.



Arctic Spas Kleppsvegur 152 Sími 554 7755
www.heitirpottar.is

Hagnýtt og fallegt

● HILLAN FRÁ ONTWERDUO ER BÆÐI BÓKAHILLA OG BÓKAMERKI

Allir lestrarhestar vita að það er nauðsynlegt að eiga gott bókamerki svo maður viti á hvaða síðu maður er staddur við lesturinn. Þegar slíkt er ekki við höndina er freistandi að leggja bókina frá sér opna og á grúfu, en þá bregst það ekki að einhver annar á heimilinu tekur hana upp og lokar henni. Þetta hafði hönnuðurinn Nathan Wiernik í hollenska hönnunarteyminu Ontwerpduo í huga þegar hann hannaði bókahilluna sína. Hún geymir ekki aðeins bækur eins og aðrar hillur heldur hefur hún sérstakan stað fyrir hálflesnar bækur. Hilluna og aðra skemmtilega hluti frá Ontwerpduo má nálgast á síðunni www.ontwerpduo.nl.



Það þarf ekki meira en örfáar línur til að gjörbreyta herbergi.



MYND/PAOLA NAVONE

● LAMPI EÐA PAPPKASSI?

Flamp-lampinn var hannaður árið 2005 af hönnuðinum Hiroshi Tsunoda en er nú þegar orðinn klassískur hönnunargripur. Lampinn er búinn til úr pappa og minnir einna helst á pappakassa með ljósi. Í kassann eru skornar útlínur lampa og lituð filma sett í gatið svo ljósið sem lampinn gefur frá sér er eins og hefðbundinn lampi í laginu.



● Það er á hvers manns færi að lífga upp á herbergi með einföldu þrykki á gólfhlöt

Þrykk á gólfleti er hönnunarbrella sem margir hönnuðir nota í rými sem eiga að hafa frjálst yfirbragð. Yfirleitt er þrykk á steingólf en í raun eru engin takmörk fyrir því hvaða gólf er hægt að mála, þó svo áþrykkt teppi sé að flestra mati ekki góð hugmynd.

Að þrykkja á gólf er tiltölulega einföld og ódýr aðgerð. Þar til gerð gólfmálning og skapalón er

allt sem til þarf. Einnig er hægt að mála fríhendis og hefur í raun hver sinn hátt á, allt eftir aðstæðum og smekk.

Einn þeirra hönnuða sem hrifnir eru af gólfum með munstri eða þrykki er Paola Navone. Reyndar er hún svo hrifin að í húsi hennar á Grikklandi er að finna fjölmörg góð dæmi um hvernig nota má þrykk á gólf til að lífga upp á herbergi.



Það þarf ekki meira en örfáar línur til að gjörbreyta herbergi. MYND/PAOLA NAVONE

Myndir og munstur á gólf




SUMARTILBOÐ 10-40% AFSLÁTTUR



ez
sleep

FRÍ LEGUGREINING
og fagleg ráðgjöf
á heilsu- og
sjúkradýnum



Rúm
Gott

www.rumgott.is

Verslunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogj · Sími 544 2121. Opíð virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16



PLAZA
made in Italy

SALDI
SOLDES
SALDOS
REBAJAS
AUSVERKAUF
SALE

Útsalan stendur til 23. ágúst

Listaverk til sölu

Sparið 20% á sófum, stólum og húsgögnum.

www.natuzzi.is

Natuzzi Askalind 2

NATUZZI
It's how you live

Á norðurslóðum

Margrét Guðnadóttir hönnuður og Dýrleif Torfadóttir skartgripahönnuður verða fulltrúar Íslands á sýningunni 55° north - modern Nordic crafts sem verður opnuð í Sivalaturninum í Kaupmannahöfn í dag. Sýningin er á vegum dönsku handverkssamtakanna Kys Frøen.

Á sýningunni má finna trémuni, keramik- og glermuni, fjölbreytilegan vefnað og skartgrip, en skipuleggjendurnir segja listamennina sækja innblástur í norræna menningu, birtu og náttúru.

Margrét, sem er þekkt fyrir spiladósir sínar, mun sýna töskur og lampa sem hún



Margrét á heiðurinn að þessum spiladósum.

hefur hannað úr tágum. „Mér og Dýrleif Torfadóttur var boðið að taka þátt í sýningunni og auðvitað þáðum við það,” sagði Margrét full tilhlökkunar þegar blaðamaður náði tali af henni.

Allar nánari upplýsingar um sýninguna má finna á www.55north.org.



Austurlensk áhrif og ævintýri

● Eru ekki allir öðrnir þreyttir á stílhreinum svarthvítum húsgögnum í anda minimalismans? Hönnunarteymið Doshi Levien boðar nýja tíma með fjöri og litum.

Hönnunarteymið Doshi Levien samanstendur af hönnuðunum Jonathan Levien og Nipa Doshi. Nýja sófalínan þeirra My Beautiful Backside sem hönnuð var fyrir ítalska húsgagnaframleiðandann Moroso, verður seint talin einföld og leiðinleg. Í boði eru tvær gerðir af sófum, einn tveggja sæta og annar þriggja sæta, sem eiga það sameiginlegt að sækja útlit sitt til austurlanda. Hönnuðirnir segjast hafa verið undir áhrifum frá indverskum málverkum þar sem konungborið fólk sést sitjandi á gólfinu umkringnt alls kyns þúðum og pullum.



Áklæðið er indverkt og handofið úr silki, ull og bómull.

Bekkurinn Princess frá sömu hönnuðum hefur einnig vakið athygli en hann er hannaður með ævintýri um prinsessuna á bauninni í huga. Bekkurinn sjálfur er úr tré en ofan á honum liggja nokkrar þunnar dýnur með handofnu og skrautlegu áklæði.

Hönnun Doshi Levien má skoða á www.doshilevien.com

Þetta gamla indverska málverk varð hönnuðunum innblástur við hönnun sófanna.

MYNDIR/NETID



Ætli maður finni fyrir baun undir öllum þessum dýnum?

Áklæðið kemur frá Indlandi og er handofið.



PISA höldulaust hvítt háglans



Birki Duo

ELDHÚS

EINS OG ÞÚ VILT HAFA ÞAÐ



Val um 30 hurðagerðir: Hvítar, svartar, gular, eik, askur, birki, hnota.

Komdu með málin og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð.

Allt á sama stað:

Innréttingar og raftæki. Trésmíðaverkstæði, raftækjaviðgerðarverkstæði. Samsetning, uppsetning.

MARKMIÐ OKKAR ER AÐ VEITA ÚRVALSÞJÓNUSTU



ELDAVÉLAR



OFNAR



HELLUBORD



VIFTUR & HÁFAR



UPPÞVOTTAVÉLAR



KÆLISKÁPAR

30% afsláttur af ELBA og Snaigé raftækjum þegar þau eru keypt með innréttingu

BETRA BAÐ

BETRI LAUSNIR - MEIRA ÚRVAL



Askur Facet



Pisa hvítt háglans

BAÐINNRETTINGARNAR

byggjast á einingakerfi 30, 40, 60 og 80 cm breiðra eininga. Ótæmandi uppröðunarmöguleikar. Við hönnum og teiknum fyrir þig.

Heilsteyptu vaskborðin eru vinsæl!

Breiddir: 60, 80, 90, 120, 140, 160, 180 cm
Litir: Hvít, svört, offwhite, ljósgrá, sandgrá. o.fl.

ALLT AÐ
25%
AFSLÁTTUR

Innréttingartilboð sem þú mátt ekki missa af!

20-25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM NETTOLINE INNRETTINGUM TIL 23. ÁGÚST
VIÐ BJÓÐUM ENN BETUR OG VEITUM 5% AUKA AFSLÁTT SÉ GREITT Í EINU LAGI VIÐ PÖNTUN

ALLT AÐ
25%
AFSLÁTTUR

FATASKÁPAR

EFTIR MÁLI - SNIÐNIR AÐ ÞÍNUM ÓSKUM



Satinerað gler

FATASKÁPAR MEÐ HEFÐBUNDNUM HURÐUM

byggjast á einingakerfi 40, 50, 60, 80 og 100 cm. eininga, sem er raðað saman að vild. Við hönnum og teiknum fyrir þig.

RENNIHURÐASKÁPAR

Afgreiddir eftir máli, sniðnir að þínum óskum. Hurðirnar eru afgreiddar eftir máli, hæð allt að 275 cm, breidd 40-150 cm. Í boði eru 3 rammalitir (hvítur, silfur eða svartur) og 40 panilgerðir (plast- eða spónlagðar, gler, speglar o.fl.). Að innan er val um 6 litir og boðið er upp á mikið úrval af skúffum, körfum, o.m.fl.



nettoline 
AÐVELT · FLJÓTLEGT · ÖDYRT

GLÆSILEGAR DANSKAR INNRETTINGAR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI!

www.nettoline.dk



Askur Soft

ÞVOTTAHÚS

GOTT SKIPULAG SKIPTIR MÁLI

Við sniðum innréttinguna að þínum óskum. Þú getur fengið skúffur og útdregin tauborð undir vélarnar, einnig útdreginn óhreina-tausskáp, kútaskáp o.m.fl.

Friform

OPIÐ Mán. - föst. kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

BÍLAR & FARARTÆKI

Bílasalan
Bilfang
www.bilfang.is



Dodge Grand Caravan SXT árg 2008 (NEW) Glæsilegur 7 manna bíll með öllum helstu þægindum 3.8 l vel, 6 þrepa sjálfskipting, leður og fleira verð 3.980 ath skipti 864-8989 eftir lokun)

Bílasalan Bilfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

100 bílar.is



Toyota Landcruiser 100VX, árg 2004, ek 77þús.km, sjálfsk, 7 manna, Leður, Toppluga, einn með öllu, Stgr.Tilboð 5900þús.kr. Ásett Verð 6590þús.kr!!!

VANTAR BÍLA Á STAÐINN !!

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu



M5 Individual 2001
M5 2001 individual með öllu + lækkunar kitt, 20" felgur, 18" felgur bad look húdd, sport siur, splunku ný 20" dekk og margt annað einn sá fallegasti. verð 3.9 mill. Lán 3,1 mill. Uppl. í s. 847 7663.



DRAUMABÍLLINN! Fólksbílar

Frábær tilboð!
10% afbætur + lánaekki ábyrgð

islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Nýir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum. Við finnum draumbílinn. Yfir þrjár milljónir bíla á skrá. Allt að 30% lægra verð. Dæmi um 2007/2008: Acura TSX, frá 3.390 þús., Volvo XC-70, frá 4.070 þús., Porsche Cayman, frá 6.500 þús. Sími 552 2000, www.islandus.com.



Auðveld Yfirtaka
2001 Benz E320 4matic, ek. 156 þ. km. Nýkominn úr 150 þ. km. skoðun hjá Ræsi. Sk. 09. Bíll í toppstandi. Auðveld kaup aðeins 490 þ. út + yfirtaka. Áhv. 1300þ. S. 869 5336.



islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Hybrid í dag! Minni eyðsla, minni mengun, meiri kraftur. Tveir bílar tilbúin í reynsluakstur. 2008 Toyota Highlander Hybrid og 2008 Toyota Camry Hybrid LTD. Pantaðu reynsluakstur í síma 552 2000. Hybrid-bílar eru nú fánlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.



MMC Pajero Intense árg. 11/07 ek. 6 þkm Verð 6.2 mil, Áhv. ca 5.2 mil Sími 770-1062



Fallegur VW Golf, 1600 cc, árg '2000, Ek. 83.000km, 5 girar, álfelgur, samlæsingar, rafr. rúður. Ný sumardekk og nýleg vetrardekk fylgja. Verðhugm. 550þús stgr. Uppl. í s:6630567.



Til sölu M. Benz 190e. 2,6 6c bsk. Leður, toppluga. Ek. 139 þús. Mikid uppgerður en þarfnast smá aðhalds. Vetrardekk á felgum fylgja. S. 868 3608.



7 sæta jeppi fæst gegn yfirtöku á láni. Terrano II bensín árg. '02 ek. 108 þ. S. 845 3186.



Husaberg 550 '06 ek. 20 klst. 1000 þ.km. Á hvítum númerum. Nánast eins og nýtt. V. 690 þ. S. 587 7777 & 770 5006.



Til sölu Sea-Doo RXP '07 með keru og stage 1 pakka og fleira, þetta er fullkomið ferða og leikskíði með 1500cc supercharger intercooled vél sem skilar 230 hestöflum. Mjög vel með farið Ásett verð 1,5m stgr.1,350,000, Uppl. í s. 848 6576.



Toyota Yaris árg. 04/06 ekinn 24 þús km 1300 vél 5 dyra beinskriptur sparneytinn bíll ásett verð 1760 þús TILBOÐ 1490 stgr. áhv 1090 þús 28 þús á mánuði ATH skipti á ódyrari t.d. hjól eða bíl. S. 693 5053.



Honda Accord special edition '07 ek. 13þ. Ýmis aukabúnaður. Ásett v. 2,8. S. 869 0091.



Opel Combo 1600 árg. 03, ek. 80 þús. km. sk. 09, dr.beisli, hillur, toppgrind. Góður bíll. Áhvíl. 550 þús. v. 750 þús. + vsk. uppl. S. 860 1180.



Til sölu Renault Megane, árg. '04, ek. 56 þ.km, bsk., álf. Tilboð óskast. Uppl. í s. 699 7970.



Til sölu Benz E55 AMG '05 ekinn 84 þús. Verð 9.900 þúsund stgr. Áhvílendi 6.000 þúsund. Bílasala Reykjavíkur 587-8888. Bíll með öllu.



Toyota Corolla touring '97 ekinn 122 þús. sk. '09 n.t. reim, bremsur, snyrtilegt og gott eintak. Uppl. í s. 898 9795.



Toyota Avensis 02 ekinn 92 þús. Verð ásett 1050 þ. Skoða skifti á ód. Sími 869 1089 eða 587 6276.



Kvartmílukeppni laugardaginn 9. ágúst kl. 13 við Kvartmílubrautina Kapelluhrauni. Skráning á joakim@sund.is eða í s 660 0888 www.kvartmila.is



Dodge Caravan árg. '06, 7 manna, ek. 27 þús. km. Verð 300 þús. + yfirtaka 2,1 mil. Uppl. í s. 820 2820.



Til sölu Mitsubishi Outlander Turbo, árg. '05, ek. 57 þ.km. Verð 2,6 mil. Uppl. í s. 868 8832



Daewoo Musso árg. 2000 diesel, ekinn 173 þús. Fharstær, sumar og vetrardekk á felgum fylgja. Næsta skoðun í ágúst 2009. Tilboð óskast. Upplýsingar í s. 897 6704 og 848 4038.



Toyota Yaris '04, 5 g., bsk., ek. 77 þ.km. Sparneytinn. Uppl. 857 4797 & 893 4976.

Til sölu BMW 750IA. Árg 1997. V12. Bíll með nánast öllu er einnig með K&N síum, KK þústi. Billinn er á 20" alpina felgum. Virkilega þéttur og góður bíll. Ásett verð er 1600 þús. 1450 þús stadgreitt. Uppl. í síma 861 5941.



Citroen Berlingo '04 ek.97þ. Verð 1.050.000 Áhv. 800þ Afb. 24.000þ á mán. Ný skoðaður, innrétting, nagladekk, VSK bíll. Fæst á yfirtöku. Soða öll skipti. Uppl. 664 0047



Grunnur undir DRAUMABÍLLINN, Corvette grind með öllu. Nánari uppl. í síma 897 5569.



Mikid breyttur Chevy Blazer á nýjum 42" dekkjum til sölu. Nánari uppl. í síma 897 5569.



Toyota Corolla árg. '05, ssk., ek. 34 þ.km. Verð 1.8 mil. Uppl. í s. 892 5480 & 898 5678.



Snilldargræja
„Mjög spennandi að vera hérna og maður finnur spennuna í öllum. Þetta er mjög sérstakt andrúmsloft. Sundið mitt hérna í Höllinni verður án vafa það mest spennandi í lífi mínu. Stefnan er að bæta minn besta tíma. Ég vona að ég verði ekki of stressuð og reyni að dreifa huganum. Það er hættulegt að hugsa of mikið um sundið,“ sagði Sarah sem er stolt af því að keppa fyrir Ísland.

„Það er mjög spennandi að keppa fyrir Ísland og ég er lánsöm að fá þetta tækifæri enda ætla ég að njóta þess,“ sagði Sarah og stakk af aftur ofan í laugina.

- hbq

SPORT
besta sætið

SPORT 2
enski boltinn

Á MORGUN KL. 13:30

MAN. UTD. – PORTSMOUTH

ENSKI BOLTINN RÚLLAR AF STAÐ!

Samfélagsskjöldurinn í beinni á Stöð 2 sport og Stöð 2 sport 2





ERLA DÖGG Vonast til að halda tauga-spennunni rétttri í keppinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Erla Dögg í eldínunni: Frábært að taka þátt í þessu

PEKING 2008 Suðurnesjastúlkan Erla Dögg Haraldsdóttir hefur verið ein skærasta stjarnan í íslensku sundlífi undanfarnin misseri. Þessi geðþekka sunddrottning keppir í 100 metra bringusundi í dag og í 200 metra fjórsundi á morgun.

„Mér líður mjög vel og það er aðeins að byggjast upp spennan hjá mér. Biðin hefur ekki verið löng eftir leikunum, tíminn liðið nokkuð hratt en það er æðislegt að vera komin hingað. Þetta er í raun ekki alveg eins og ég átti von á, það er allt hér mun betra en ég bjóst við,“ sagði Erla Dögg brosmild en hún biður spennu eftir því að synda í sundhöllinni glæsilegu.

„Það verður alveg svakalegt og frábært að fá að taka þátt í þessu. Vonandi halda taugarar hjá mér svo ég einbeiti mér bara að minni braut og láti annað ekki trufla mig. Stefnan er að bæta mína bestu tíma og ég er í raun ekkert að hugsa um nein sæti. Ef ég bæti minn besta tíma á ég kannski smá von um að komast áfram,“ sagði Erla Dögg sem er að taka þátt í sínum fyrstu Ólympíuleikum. - hbg

ÚRSLIT

Norðurlandamótíð í körfub.

Ísland-Finnland 46-57 (20-28)
Stíg Islands: Signý Hermannsdóttir 11 (20 fráköst, 5 varin skot), Helena Sverrisdóttir 11, Krístrún Sigurjónsdóttir 6, Hildur Sigurðardóttir 5, Sigrún Ámundadóttir 5, Petrunella Skúladóttir 3, Pállina Gunnlaugsdóttir 3, Margrét Kara Sturladóttir 2.

Landsbankadeild kvenna:

Afturelding-Valur 0-8
KR-Fylkir 5-0
Fjölnir-HK/Víkingur 3-1
Keflavík-Stjarnan 0-0

Jakob Jóhann Sveinsson er í hörkuformi þessa dagana en hann keppir í dag:

Á bakkanum í fótoltasokkum

PEKING 2008 Jakob Jóhann Sveinsson verður fyrstur af íslensku sundmönnum til að stinga sér til sunds í hinni glæsilegu sundhöll Ólympíuleikanna í dag. Jakob Jóhann tekur þá þátt í undanrásunum í 100 metra bringusundi en hann tekur einnig þátt í 200 metra bringusundi.

Þetta er í þriðja sinn sem Jakob Jóhann tekur þátt á Ólympíuleikum. Honum gekk ekki sérstaklega vel í Aþenu 2004 og var þá hundóánægður með sjálfan sig.

„Ég er búinn að hugsa mikið um þetta. Fyrir átta árum kom ég afslappaður til leiks enda ungur og ekki búist við neinu. Ég ætlaði mér stóra hluti í Aþenu en það gekk ekki. Ég ætla að njóta þessa

ara leika. Ég setti of mikla pressu á mig síðast, hugsaði of mikið um árangur og naut þess ekki að vera þar. Var bara pirraður og stífnaði því upp. Það verður annað upp á teningnum núna,“ sagði Jakob kátur eftir æfingu í sundhöllinni glæsilegu.

„Ég er í fínu standi og takmarkið núna er að bæta minn besta tíma. Ég hef verið að æfa mjög vel og fór meðal annars í æfingabúðir með Evrópumethafanum frá Noregi. Við skelltum okkur upp í háfjallabúðir á Spáni og vorum þar tveir að æfa í fjórar vikur í maí. Við keyrðum hvorn annan út og það skilaði mér miklu,“ sagði hinn 25 ára Jakob Jóhann sem útilokar ekki að reyna

einnig að komast á næstu Ólympíuleika.

„Það er verulega gaman að vera hér í Peking. Maður hefur ekki séð neitt nema neikvæðar fréttir í fjölmiðlum af þessum stað. Svo kemur maður hingað og þetta er alls ekkert svona hræðilegt. Flottar byggingar og allt bara verulega glæsilegt,“ sagði Jakob sem er hjátrúarfullur og klikkar aldrei á einu atriði.

„Ég labba alltaf út á bakka í gömlum fótoltasokkum. Þetta eru svona 14 ára gamlir sokkar sem ég fékk þegar ég var í fótoltanum með Fram. Mér líður alltaf vel að labba að lauginni í þessum sokkum. Ég veit ekki af hverju,“ sagði Jakob kíminn. - hbg



GÓÐIR SOKKAR Jakobi líður vel í fótoltasokkum þegar hann labbar að lauginni, sem er einmitt það sem hann gerir í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

NBA-stjórnurnar voru á eftir sunddrottningunni Ragnheiði

Íslenski hópurinn fékk góða heimsókn frá nokkrum af bestu íþróttamönnum heims. Átta leikmenn bandaríska körfuboltalandsliðsins létu sjá sig eftir að þeir eltu Ragnheiði Ragnarsdóttur inn í Ólympíuþorpið.

PEKING 2008 Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær komu nokkrar NBA-stjórnur óvænt við í húsi íslensku keppendanna á dögnum. Ekki hafði fengist staðfesting á því hvað þeir voru nákvæmlega að gera þar en badmintonstúlkan Ragna Ingólfsdóttir leysti frá skjóðunni í spjalli við Fréttablaðið í gær en hún var ein af þeim sem hitti stórstjórnurnar.

„Ragga [Ragnheiður Ragnarsdóttir sundkona, innsk. blm] er ekki feimin stúlka. Hún var í matsalnum og sá þessa stráka þar en þeir voru í heimsókn enda gista þeir ekki í Ólympíuþorpinu. Hún fór að fá mynd af sér með þeim og þeir voru heldur betur til í það. Þetta snerist svo við og þeir voru eiginlega allir farnir að taka mynd af sér með henni. Svo eltu þeir hana að okkar byggingu og hún vissi ekkert af því. Hún var að segja mér frá því að hún hefði hitt þá og við vorum bara hlægjandi þegar þeir voru allt í einu komnir inn,“ sagði Ragna og hló dátt er hún rifjaði upp þessa



GÓÐ HEIMSÓKN Logi Geirsson og Ragna Ingólfsdóttir spóka sig hér með NBA-stjórnunum LeBron James og Jason Kidd.

MYND/LOGI GEIRSSON

skemmtilegu stund.

Alls mættu átta leikmenn úr stjórulíði Bandaríkjanna í heimsókn í íslenska húsið og þeirra á meðal voru LeBron James og Jason Kidd. Þeir stóldruðu við nokkra stund og spjölluðu við íslensku stelp-

urnar sem og strákana úr handboltalandsliðinu.

„Þessir körfuboltagaumar voru þvífílt til í að hitta okkur aftur. Voru að skora á mig í badminton og ég sagðist myndi rústa þeim,“ sagði Ragna en telur hún að NBA-stjórnurnar hafi verið að reyna við þær?

„Ég veit ekki hvernig þessir kallar haga sér í þessum ferðum en við tókum ekkert í þetta þannig. Ég efast um að þeir komi aftur þó svo þeir hafi sagst vilja koma. Þeir eru alltaf með einhverjar sætar stelpur

í kringum sig og við vorum kannski bara einar af hópnum,“ sagði Ragna og hló enn meira en hún segir uppákomuna hafa vakið mikla lukku hjá handboltalandsliðinu sem vilji næst fá stelpurnar til þess að redda Ronaldinho í heimsókn.



HENRY BIRGIR GUNNARSSON Skrifar frá Peking henry@frettabladid.is

Harðjalexinn Þormóður Árni Jónsson er ekki kominn til Peking til að gleyma sér í Ólympíuandanum, glíman verður í fyrirrúmi:

Það standa allir jafnir til að byrja með

PEKING 2008 Þormóður Árni Jónsson, júdókappi úr Júðófélagi Reykjavíkur, er fyrsti íslenski keppandinn í júðó til þess að taka þátt í Ólympíuleikum í tólf ár. Hann er því eðlilega fullur tilhlökkunnar en jafnframt einbeittur við að ná árangri.

„Að vera á Ólympíuleikum verður örugglega mikil upplifun sem slík en ég ætla ekki að dvelja neitt of mikið við það og ætla ekki að láta utanaðkomandi áhrif trufla mig frá keppinni sjálfri. Í grunninn er þetta náttúrulega bara eins og hver önnur keppni og ég ætla bara að einbeita mér að júðóinu,“ segir Þormóður.

Hjá hverjum og einum þátttakanda á Ólympíuleikum í Peking liggur mikil vinna og erfiður undirbúningur að baki og Þormóður er vitanlega



ekki undanþeginn því.

„Undirbúningurinn er búinn að vera strangur en er búinn að ganga ágætlega og alveg stórslysalaust. Ég keppti nokkuð stíft á síðasta ári og fram í júní á þessu ári. En eftir miðjan júní er búið að vera lítið um mót og ég hef því bara verið að æfa af krafti og farið í æfingabúðir í staðinn. Ég æfi að jafnaði tvisvar sinnum á dag, tvo tíma í senn og nýtt liðsinnis Bjarna Friðrikssonar við það. Ég ákvað í þetta skipti, fyrir Ólympíuleikana í Peking, að leita til Bjarna og fá hann til þess að þjálfá mig og stjórna mér í þessu verkefni. Annars þykist ég nú alltaf vita hvað sé best fyrir mig og hef þjálfað mig að mestu leyti sjálfur hingað til og ég viðurkenni að þetta nýja

fyrirkomulag er oft erfitt, en ég virði Bjarna í þessu,“ segir Þormóður og upplýsir að þeir félagar hafi lagt línurnar og sam einast um nokkrar undirbúningáherslur.

„Það voru nokkur áhersluatriði í undirbúningnum sem við komum okkur saman um í upphafi. Við höfum verið að keyra mest á úthaldið og tæknina og látið lóðin alveg eiga sig. Við ákváðum það bara að ég hefði alveg nógu mikinn styrk og ætti því frekar að einbeita mér að því að vinna í hinum atriðunum,“ segir Þormóður.

Þormóður keppir í þungavigtar +100 kílóa flokki og getur því átt von á að mæta mun þyngri mönnum en hann er sjálfur.

„Ég var 126 kíló í byrjun undirbúningstímabilsins en er núna kominn niður í 122 kíló og verð bara „leaner and meaner“ eða „snarpari og sneggri“ fyrir vikið. Á æfingum erum við alltaf alla vega tveir, ég og Bjarni, og síðan höfum við verið að fá hina og þessa til þess að æfa með og reynt að finna þá þyngstu og öflugustu. Mótherjar mínir í Peking gætu vegið á bilinu 110 kíló til um það bil 180 kíló þannig að maður þarf

að vera við öllu búinn. Annars hefur mér oft gengið betur með þessa þyngri. Það er erfitt að henda þeim til en þeir verða svolítið valtir þegar þeir verða þreyttir og maður þarf að spila á það,“ segir Þormóður.

Þormóður hefur mest verið að keppa við menn frá Evrópu en þeir eru aðeins einn þriðji hluti keppenda í júðó í hans þyngdarflokki og hann á því erfitt með því að vita hvar hann stendur fyrir mótið.

„Ég hef verið að keppa meira við Evrópuþúana og þar er mikil samkeppni og keppendur þaðan eru oft en ekki í efstu sætunum á stærstu mótunum. Ég hef keppt við tvo Afríkumenn og þar standa leikar jafnir, eitt tap og einn sigur, en ég hef alla vega aldrei tapað á móti Bandaríkjamanni og hef keppt við þó nokkra. Hlutirnir þurfa að detta með manni og það er lítið pláss fyrir mistök. Það er heldur ekkert ákveðið fyrirfram, það er enginn sem er með besta tímann eða neitt svoleiðis og það standa því allir jafnir til að byrja með. Það er því allt að vinna,“ segir Þormóður. - óp



TAKTU ÞÁTT!
Glæsilegir vinningar í boði.

Sumar myndir vinna!

Smelltu sumarmyndinni þinni í ljósmyndakeppni Fréttablaðsins.
Veglegir vinningar í boði, dregið 31. ágúst og birt í Ferðalög, aukablaði Fréttablaðsins.



1. verðlaun

Ferðavinningur frá Sumarferðum að upphæð 100.000 kr. og Sony Alpha DSLR-A200K 10,2 megapíxlar með 18-70 mm skiptanlegri linsu að verðmæti 90.000 kr.



2. verðlaun

Ferðavinningur frá Sumarferðum að upphæð 60.000 kr. og Sony Cyber-shot DSC-T2 8,1 megapíxlar með snertiskjá og 4GB innbyggðu minni að verðmæti 50.000 kr.



3. verðlaun

Ferðavinningur frá Sumarferðum að upphæð 40.000 kr. og Sony Cyber-shot DSC-W200 12,1 megapíxlar með andlitsskynjun að verðmæti 40.000 kr.



Þú einfaldlega hleður inn skemmtilegustu myndinni þinni frá því í sumar á visir.is/ljosmyndakeppni, skráir inn upplýsingar um hvernig má ná í þig og þannig er sumarmyndin þín kominn í pottinn. Allar nánari upplýsingar um fyrirkomulag má finna á visir.is.

Sony Center SUMAR  FERÐIR

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga

> Jason Donovan

„Ég er fertugur og fólk talar enn um mig sem „Nágranna-strákinn“. Ég skammast mín ekkert fyrir það enda get ég vel verið stoltur af því og á góðar minningar frá þeim tíma. Maður má ekki taka sjálfan sig of alvarlega“. Donovan leikur í þættinum Bergmálsströnd (Echo Beach) sem sýndur er í kvöld á Sjónvarpinu.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓBSDÓTTIR PREIFAR Á NÝJUM MIÐLUM

Veraldarvefurinn á langt í land

Fyrir ekki svo margt löngu birtist lærð grein í fjölmiðlakálfni hins ágæta breska dagblaðs The Times þar sem því var haldið fram, bláskalt og fullum fetum, að tími sjónvarpsútsendinga eins og við þekkjum þær í dag sé við það að líða undir lok. Í staðinn fyrir sjónvarpsstöðvar sem skipuleggja kvöldstundirnar fyrir mann og mata mann á þægilegri blöndu af vinsælu og vönduðu efni mun veraldarvefurinn, á sinn óreiðukennda hátt, vist sjá þjóðum heimsins fyrir sjónvarpsfni í framtíðinni. Vefsíður sem bjóða notendum sínum upp á sjónvarpsfni frá öllum heimshornum (til áhorfs en ekki til niðurrhals, það er annar og ólöglegri handleggur) hafa sprottið upp eins og gorkúlur undanfarið og eru í örri þróun. Í greininni var því haldið fram að þrátt fyrir að síður þessar séu færast nokkuð til að hrópa húrra fyrir í dag þá muni þær á leifturhraða bæta bæði efnisframboð sitt og mynd- og hljóðgæði þar til þær eru fyllilega orðnar samanburðarhæfar við það besta sem tíðkast í hefðbundnari útsendingartækni í dag.



Þetta hljómar allt afskaplega vel, ef ekki væri fyrir það að þegar maður skoðar framboðið af sjónvarpsfni sem vefurinn býður manni upp á til áhorfs í dag er því miður ekki um auðugan garð að gresja. Flestar síðurnar sem Times er svo almennilegt að benda lesendum sínum á bjóða mestmegnis upp á myndskreið sem fæst vara lengur en örfáar mínútur og það sem meira er, eru flest ótextuð og á tungumálum sem flestum Íslendingum, og Bretum eflaust líka, reynast með öllu óskiljanleg. Hverjum þeim sem vanur er þægindum sem fylgja því að skilja sjónvarpsfnið sem horft er á, svo ekki sé minnst á þægindin sem fylgja því að þurfa ekki að finna sér nýtt áhorfsfni á tveggja mínútna fresti þykir því væntanlega lítt freistandi að nýta sér þjónustu þessara vefsíðna. Enn sem komið er virðast því flókin höfundarréttar- og fjölmiðlalög heimsins bjóða vernda sjónvarpsbransann frá yfirtöku vefjarins.

EKKI MISSA AF



▶ **16.55 Arsenal - Sevilla Beint** STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **19.10 Robots** STÖÐ 2



▶ **19.30 Entourage** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.05 Bergmálsströnd (Echo Beach)** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.15 Our America** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

- 07.30 ÓL í Peking** Samantekt (1:45)
08.15 Morgunstunden okkar Herramenn, Snillingarnir, Bitte nú!, Pip og Panik, Skúli skelfir, Hróturinn Hreinn, Leyniþátturinn og Tobbi tvisvar.
10.30 ÓL í Peking Sund undanriðlar
13.30 ÓL í Peking Fimleikar karla
15.45 ÓL í Peking Fimleikar (e)
16.15 ÓL í Peking - Samantekt (2:45)
17.00 ÓL í Peking - Samantekt (3:45)
17.55 Tákn málsfréttir
18.05 Tímaflakk (Doctor Who II) (7:13)
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.35 Veður
19.40 Sápugerðin (Moving Wallpaper)
▶ **20.05 Bergmálsströnd** (Echo Beach)
20.30 Óskastundin (Five Children and It) Bresk ævintýrmynd frá 2004.
22.00 Ólympiukvöld (1:16)
22.25 Sannar lygar (True Lies) Bandarísk spennmynd frá 1994. Leyniþjónustumaður kemst að því að konan hans heldur fram hjá honum og grípur til sinna ráða
00.45 Taggart - Tímabróng (Taggart: Running Out of Time) (e)
01.55 ÓL í Peking Sund, úrslit 100 m bringusund / Badminton
02.35 ÓL í Peking Handbolti karla, Ísland - Rússland
04.30 ÓL í Peking Sund framhald / Badminton
05.30 ÓL í Peking Fimleikar kvenna

BIÓ

- 08.00 The Legend of Johnny Lingo**
10.00 Charlie and the Chocolate Factory
12.00 Look Who's Talking
14.00 Honey, I Shrank the Kids
16.00 The Legend of Johnny Lingo
18.00 Charlie and the Chocolate Factory Fjölskyldumynd byggð á frægri barnabók eftir Roald Dahl.
20.00 Look Who's Talking
22.00 The Football Factory
00.00 Mississippi Burning
02.05 Psycho
04.00 The Football Factory
06.00 How to Kill Your Neighbor's Dog

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2** Barney og vinir, Gordon Garðálfur, Funky Valley, Refurinn Pablo og Kalli og Lóa.
08.00 Algjör Sveppi Sveppi vaknar allar helgar klukkan átta og sýnir börnunum teiknimyndir með íslensku tali.
09.30 Stóra teiknimyndastundin
09.50 Íkornastrákurinn
10.15 Fantastic Four Ævintýraleg hasarmynd þar sem hópur geimfara verður fyrir geimgeislum og óðlast ofurkrafta.
12.00 Hádegisfréttir
12.30 Bold and the Beautiful
12.50 Bold and the Beautiful
13.10 Bold and the Beautiful
13.30 Bold and the Beautiful
13.55 So you Think you Can Dance
15.20 So you Think you Can Dance
16.05 Curb Your Enthusiasm (10:10)
16.45 Tekinn 2 (6:14)
17.15 The Moment of Truth (6:25) Spurningaþáttur þar sem þátttakendur svara afar persónulegum spurningum um sjálfa sig til þess að vinna háar peningaupphæðir. Það getur verið hægara sagt en gert þegar maður er bundinn við lygamæli.
18.00 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnrir allt það heitasta í bíóheiminum. Ömissandi þáttur fyrir alla bíóáhugamenn.
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.49 Íþróttir
18.55 Lottó
19.01 Veður
▶ **19.10 Robots** Tölvuteiknimynd fyrir alla fjölskylduna sem fjallar um ungt og efnilegt vélmenni sem dreymir um að verða uppfinningamaður. Fyrst þarf það að glíma við vöndan auðkýfing sem kúgar öll vélmenni- og ætla sér að útrýma öllum vélmennavarahlutum.
20.40 Bigger Than the Sky Rómantísk gamanmynd. Kærasta Peters Rokker fer frá honum og hann bugaður og ráðvilltur, hættir í vinnunni til þess að taka þátt í áhugamannaleikriti. Þar kynnist hann mörgu góðu fólki og þar á meðal hinni hrifandi Grace sem hann verður ástfanginn af. Vandinn er sá að hún á sér annan aðdáanda.
22.25 All the King's Men
00.30 The Sentinel
02.15 Airheads
03.45 Touching the Void
05.30 Swinging (3:6)
05.55 Fréttir

SPORT

besta sætið

- 09.20 Countdown to Ryder Cup** Hitað upp fyrir Ryder Cup þar sem Evrópa mætir Bandaríkjunum.
09.50 PGA Tour 2008 - Wyndham Championship Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.
10.45 Inside the PGA Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni.
11.10 US PGA Championship 2008 Útsending frá öðrum degi.
15.10 Landsbankadeildin 2008 Valur - Fylkir
17.00 Landsbankamörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrífir í umferðinni skoðuð.
18.00 Community Shield 2008 - Preview
18.30 US PGA Championship 2008 Bein útsending frá þriðja deginum á US PGA Championship mótnu í golfi.
23.00 Box Sýnt frá bardaga Bernard Hopkins og Joe Calzaghe en fyrir þennan bardaga hafði Calzaghe aldrei beðið ósigur.
23.55 Box Ricky Hatton - Juan Lazcano

SPORT 2

enski boltinn

- 08.20 Bestu leikirnir**
10.00 Amsterdam Tournament 2008 Inter Milan - Sevilla.
11.40 Enska 1. deildin Bein útsending frá leik Birmingham og Sheffield Utd. í ensku 1. deildinni.
13.40 Amsterdam Tournament 2008 Ajax - Arsenal.
15.25 PL Classic Matches Southampton - Liverpool, 00/01.
15.55 PL Classic Matches Man. City - Man. United, 93/94.
16.25 Community Shield 2008 - Preview Hitað upp fyrir Góðgerðarskjöldinn þar sem mætast Manchester Utd. og Portsmouth.
▶ **16.55 Amsterdam Tournament 2008** Bein útsending frá leik Arsenal og Sevilla á Amsterdam mótnu í knattspyrnu.
19.05 Amsterdam Tournament 2008 Bein útsending frá leik Ajax og Inter Milan á Amsterdam mótnu í knattspyrnu.
21.05 Enska 1. deildin Birmingham - Sheffield Utd.
22.45 Amsterdam Tournament 2008 Arsenal - Sevilla.
00.25 Amsterdam Tournament 2008 Ajax - Inter Milan.

SKJÁREINN

- 10.15 Vörutorg**
11.15 Rachael Ray (e)
15.00 Kímora: Life in the Fab Lane (e)
15.25 Hey Paula (e)
15.50 What I Like About You (e)
16.15 Are You Smarter than a 5th Grader? (e)
17.05 Frasier (e)
17.30 Style Her Famous (e)
17.55 Top Gear (e)
18.55 Life is Wild (e)
19.45 Family Guy (e)
20.10 The King of Queens (e)
20.35 Eureka Bandarísk Það er komið að lokabætti fyrstu þáttaraðar. Heilbrigð skynsemi vikur fyrir metnaði þegar Stark fær tækifæri til að prófa leynilega uppfinningu. Eureka færast til framtíðar, nánar tiltekið ársins 2010, þegar allt er breytt og ýmislegt óvænt kemur í ljós. (e)
21.25 The Evidence Maður er myrtur þegar hann freistar þess að stela víni úr vinkjallara veitingahúsi. Lykillinn að morðgátunni er að finna í flösku af eðalvíni. (e)
▶ **22.15 Our America** Sjónvarpsmynd frá árinu 2002 sem byggð er á sannri sögu tveggja svartra unglinga sem búa í skuggalegasta hverfi Chicago. Þeir vinna samkeppni á vegum sjónvarpsframleiðanda sem fær þá til að gera heimildamynd um lífið í hverfinu. Verkefnið vindur upp á sig þegar þeir gera aðra mynd um morð á ungum dreng í hverfinu. Aðalhlutverkin leika Josh Charles, Brandon Hammond, Serena Lee, Roderick Pannell, Vanessa Williams og Mykelti Williamson.
23.50 In from the Night (e)
01.20 Goodnight Sweet Wife. A Murder in Boston (e)
02.50 Criss Angel Mindfreak (e)
03.15 The Eleventh Hour (e)
04.05 Jay Leno (e)
04.55 Jay Leno (e)
05.45 Vörutorg
06.45 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Valið endursýnt efni frá liðinni viku. Endurtekið á klst. fresti.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Höfum opnað að Garðastræti 17

LÍNSÉRI

Einstaklega glæsilegur og vandaður undirfatnaður, sundföt og regnhlífir.

Frönsk og ítölsk gæðavara, merki sem ekki hafa fengist á Íslandi

Chantal Thomass, La Perla, Eres, Guy de Jean.

Opið mánudaga – föstudaga 11:00-18:30, laugardaga 11:00-17:00

Einstaklingsþjónusta er í boði eftir lokun og á sunnudögum.

Tímamantanir með dags fyrirvara hjá Síf 863-3348/ Katrínu 867-3445

Velkomin í Garðastræti 17 (Við hliðina á Unuhúsi).

Bílastæðahús í Mjóstræti.



Í KVÖLD

ALL THE KING'S MEN

Stöð 2 kl. 22.25

Bandarísk mynd um stjórnáamanninn Willie Stark sem með klækjum varð ríkisstjóri og fórnaði þar með heilindum sínum. Anthony Hopkins, Jude Law, Sean Penn og fleiri stórleikarar fara með aðalhlutverkin í þessari dramatísku og spennandi ádeilu á bandarísk stjórnáam.



VIÐ MÆLUM MED

Óskastundin

Sjónvarpið kl. 20.30

Fimm börn í leyfi á herragarði frænda síns, finna sandálf í fjörunni. Hann getur uppfyllt eina ósk á hverjum degi en áhrifin vara þó aðeins til sólarlags. Krakkarnir komast fljótt að því að það er erfitt að finna skynsamlegar óskir og stundum lenda þeir í óvæntum vandræðum vegna þess sem þeir óska sér.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags	16.00 Síðdegisfréttir
06.40 Veðurfreginir	16.08 Veðurfreginir
06.50 Bæn	16.10 Gonzo
08.00 Morgunfréttir	17.05 Brjóstdropar
08.05 Í morgunsárið	18.00 Kvöldfréttir
09.03 Út um græna grundu	18.26 Betri stofan
10.05 Veðurfreginir	19.00 Bravó, bravó!
10.15 Mánafjöll	20.00 Bræðraþjóðir á ölduslóð
11.00 Vikulokin	20.39 Eplið - smásaga
12.00 Hádegisútlit	21.00 Látún
12.20 Hádegisfréttir	21.45 Náttúrupistill
12.45 Veðurfreginir	22.07 Veðurfreginir
13.00 Á sporbraut	22.12 Orð kvöldsins
14.00 Umhverfis jörðina	22.15 Borgin í höfðinu
15.00 Tímakorn	23.10 Villtir strengir og vangadans
15.40 Með laugardagskaffinu	00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlit Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

Útsalan í fullum gangi í BOHEMIA

20-70% afsláttur af ÖLLUM vörum

Verðdæmi:

6 borðstofustólar og 200x100x76 cm borð:

Verð áður 144.000,- **Verð nú 72.000,-** 50% afsláttur **Þú sparar 72.000,-**

Sjónvarpsskenkur Eik, Hnota, háglans hvítt og svart 120x50x50:

Verð áður 65.000,- **Verð nú 32.500,-** 50% afsláttur **Þú sparar 32.500,-**

Sófaborð 100x100x45, Eik, Hnota, háglans hvítt og svart:

Verð áður 39.900,- **Verð nú 19.950,-** 50% afsláttur **Þú sparar 19.950,-**

Eldhússtóll PU svartur eða hvítur:

Verð áður 12.900,- **Verð nú 3.870,-** 70% afsláttur **Þú sparar 9.030,-**

Mikið úrval af Eikar, Hnotu og háglans svörtum og hvítum húsgögnum nú með 30-50% afslætti

Bjóðum Visa og Mastercard lán í allt að 36 mánuði - fyrsta greiðsla í nóvember

Sjón er sögu ríkari...



Bohemia - Akralind 4 - s: 544 2290 - www.bohemia.is

Afgreiðslutími á útsölu: virka daga 10-18 og laugardaga og sunnudaga 11-16

BOHEMIA
Búfélagið - Innviðis - Höfuðborgin

EXTRA

16.00 Hollyoaks Bresk unglingsápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

16.25 Hollyoaks

16.50 Hollyoaks

17.15 Hollyoaks

17.40 Hollyoaks

18.05 Talk Show With Spike Feresten (22:22)

19.30 Entourage (18:20) Raunalegt framapöt Vincents og félagar í Hollywood heldur áfram en leiðin á toppinn bæði skrykkjótt og brött. Á slíki þrautagöngu kemur sér vel að eiga góða vini en stundum getur það líka bara skemmt fyrir.

20.00 So you Think you Can Dance (8:23) Keppendur vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari.

21.25 So you Think you Can Dance

22.10 The Class (18:19) Við fylgjumst með bekkjarmóti skautlegra skólafélaga sem mörg hver hafa ekki sést í 20 ár.

22.40 Talk Show With Spike Feresten (22:22) Spike Feresten fær til sín öll stóru nöfnin í Hollywood sem taka meðal annars þátt í alls kyns grínatriðum.

23.10 Entourage (18:20)

23.35 So you Think you Can Dance

01.00 So you Think you Can Dance

01.45 The Class (18:19)

02.10 Tónlistarmyndbönd frá Skifan TV

BBC PRIME

10.00 The Weakest Link 11.00 Ballykissangel 12.00 Ballykissangel 13.00 Great Romances of the 20th Century 13.30 Great Romances of the 20th Century 14.00 Great Romances of the 20th Century 14.30 Great Romances of the 20th Century 15.00 Great Romances of the 20th Century 15.30 Great Romances of the 20th Century 16.00 Great Romances of the 20th Century 16.30 Great Romances of the 20th Century 17.00 Doctor Who 17.45 Doctor Who Confidential 18.00 Doctor Who 18.45 Doctor Who Confidential 19.00 Perfect Day: The Funeral 20.30 Manchild 21.00 Two Pints Of Lager & A Packet Of Crisps 21.30 Two Pints Of Lager & A Packet Of Crisps 22.00 Doctor Who 22.45 Doctor Who Confidential 23.00 Doctor Who 23.45 Doctor Who Confidential 0.00 Perfect Day: The Funeral

DR 1

14.15 NI HAO OL Højdepunkter 15.20 Held og Lotto 15.30 Bella, Boris og Berta 16.00 NI HAO OL i dag 16.30 TV Avisen 17.00 Hold masken 17.30 Robin Hood 18.15 The Nutty Professor 19.45 NI HAO aftenOL 20.40 Columbo 22.10 Out of Time 23.50 Blodspor 1.00 NI HAO OL direkte 5.00 NI HAO OL direkte

NK1

9.15 Sommer-OL i Beijing: Højdepunkter fra natens øvelser 11.00 Sommer-OL i Beijing: Håndball Norge-Kina, kvinder 12.45 Sommer-OL i Beijing: Fotball New Zealand - Norge, kvinder 13.45 Sommer-OL i Beijing 15.00 Sommer-OL i Beijing: Sandvolleyball 16.00 Gisle Wink på eventyr 16.25 Wallace og Gromit 17.00 Dagsrevyen 17.30 Lotto-trekning 17.40 Sommer-OL i Beijing: OL-studio 19.15 Sjukehuset i Aidensfield 20.05 Fakta på lørdag: Charles Lindbergh - helten vi ville glemme 20.55 Komiprisen 2008: Heltens morsomste 21.05 Kveldsnytt 21.20 Et rop om frihet 23.50 Queen: Rock i Montreal 1.00 Sommer-OL i Beijing: Sandvolleyball 2.00 Sommer-OL i Beijing: Svømming 3.30 Sommer-OL i Beijing 6.00 Sommer-OL i Beijing: Sandvolleyball

SVT 1

10.00 Sommar-OS i Peking 16.00 Lenny och Knip 16.05 Disneydags 17.00 Bamen på Luna 17.30 Rapport 17.45 Sportnytt 18.00 Den olympiska studion 19.30 Olssons studio 20.00 Kriminaljouren 20.45 Rapport 20.50 Tveka aldrig 21.00 Sommar-OS i Peking 1.00 Sommar-OS i Peking 4.00 Sommar-OS i Peking

PERSÓNAN

Sigurlaug Didda Jónsdóttir skáldkona

Aldur: 43 ára, fædd 29. nóvember 1964.

Starf: í sumarfrí frá því að vera flokksstjóri í Skróðgördum Reykjavíkur.

Fjölskylda:

Hún samanstendur af mér Krumma, Úlfi og Trygg.

Búseta: Við búum á Laugaveginum.

Stjórnumerkj: Bogmaður.

Didda leikur aðalhlutverkið í kvikmyndinni Skrapp út sem var frumsýnd síðastliðinn miðvikudag.



Kastljóssfólk aftur fyrir dómstóla

„Það er nokkuð öruggt að þessu verður áfrýjað. Við viljum að Hæstiréttur tjái sig um þetta mál. Teljum ástæðu til þess,“ segir Dögg Pálsdóttir lögmaður.

Fyrir um hálfum mánuði féll sýknudómur Eggerts Óskarssonar héraðsdómara, sem vakti athygli, í máli Luciu Celeste Molina Sierra og Björns Orra Péturssonar, syni Jónínu Bjartmarz, á hendur Páli



Magnússyni útvarpsstjóra, Helga Seljan, Jóhönnu Vilhjálmsdóttur, Sigmari Guðmundssyni og Þórhalli Gunnarssyni. Luciu og Birni Orra þótti vegið að æru sinni í umfjöllun Kastljóssins um það þegar Lucia fékk ríkisborgararétt og kröfðust miskabóta upp á 3,5 milljónir auk dráttarvaxta og hvert um sig til ýrustu refsingar.

Dögg segist aðspurð ekki leggja það í vana sinn að diskútera dóma í fjölmiðlum spurð um það hvað í dómi Eggerts hún væri einkum ósátt við. „Mér er illa við að kritiserera dóma. Ég er bara ósammála

mati hans. Það eru mínir umbjóðendur líka og svo verður bara að koma í ljós hvað Hæstiréttur segir.“ Dögg segist rekja það í áfrýjunarstefnunni og greinargerð til Hæstiréttar hvað það er sem henni finnst ekki ganga upp. „Svo má tjá sig um Hæstiréttardóma. Þeir eru endanlegir.“

Áfrýjunarrestur er 3 mánuðir en ekki er að vænta niðurstöðu fyrr en snemma á næsta ári. Þórhallur Gunnarsson, ritstjóri Kastljóss, segir þetta í sjálfu sér ekki koma á óvart. Dögg hafi gefið það í skyn að dómnum yrði áfrýjað. „En ég var ánægður með niðurstöðuna, átti von á henni þannig að ég býst fastlega við því að Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms.“



LUCIA CELESTE MOLINA SIERRA Segir umfjöllun Kastljóss um ríkisborgararétt sinn ærumeiðandi og unír ekki niðurstöðu héraðsdóms.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. hæfileiki, 6. ólæti, 8. meðal, 9. eldsneyti, 11. tveir eins, 12. skrá, 14. vegahótel, 16. átt, 17. kk nafn, 18. knæpa, 20. klaka, 21. akur.

LÓÐRÉTT

1. dægurs, 3. málmur, 4. sumbl, 5. styrkur, 7. markmið, 10. sæ, 13. óhreinka, 15. færni, 16. atvikast, 19. tímaeining.

LAUSN

LÖBDRÉTT: 1. dags, 3. ál, 4. fylleri, 5. afli, 7. takmark, 10. sjó, 13. ata, 15. list, 16. ske, 19. ár.

LÁRÉTT: 2. gáta, 6. at, 8. lvi, 9. gas, 11. ll, 12. skjal, 14. mótel, 16. sa, 17. arí, 18. krá, 20. ís, 21. ekrá.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á blaðsíðu 8.

- Jóhann Sigurðarson.
- Forseti Úganda.
- Örlygur Hnefill Örlygsson.

Fasteignablaðið

Sími:

512
5469

694
4103



Ruth Bergs
ruth@365.is

BIRGIR SVAN: SEST HINUM MEGIN VIÐ KENNARABORÐIÐ


Í kommu á sextugsaldri

„Ég hef lengi átt mér þann draum að eyða einhverjum tíma með Dönum,“ segir Birgir Svan Símonarson ljóðskáld sem á dögnum fluttist til Danmerkur. Þar hyggst hann dvelja í eitt ár við nám í handverki og smíðatillsjón. „Ég hef unnið svolítið á því sviði og hef ótrúlega gaman af að sjá spýtu breytast í fugl, eða Guð veit hvað.“

Á meðan Birgir er við nám í Danmörku ætlar hann að búa í svokallaðri kommu. Kommúnan kallast Kilen og er staðsett í Ballerup. Birgir leigir þar raðhús en í húsaþyrpingunni er svo „risastór sameiginleg þjónustubygging“. Birgir segir að fólk ráði því sjálft hvort það sé útaf fyrir sig eða taki þátt í sameiginlegu lífi og starfi. „Þetta er að mínu mati framhald á hugmyndinni um kommununa sem er þekkt frá Íslandi. Menn hafa heyrt um Skúnkinn við Hveragerði, Júnkaragerði Stefáns Unnsteinssonar, eða nafnlausu kommu Ara Trausta. Hér aftur á móti er hugmyndin unnin frá upphafi á teikniborði arkitektsins,“ segir Birgir en kommunan er byggð í vinkil og á milli er stræti sem er gróðurhús. Birgir segir að fólk hittist þar og drekki te yfir rökræðum meðan börnin leika sér. Í kommununni er einnig tónlistarherbergi, líkamsrækt, smíðaherbergi „og þvottahús með vélum sem hægt væri að setja ríkisstjórn Íslands alla í“.

Birgir segir að sér hafi verið vel tekið. „Mér og Steinari syni mínum berast stöðugt gjafir, blóm í potti í gærkvöld, diskar og bollar í gær, stólar og rúm í dag. Ég sem hélt að soddan gerðist aðeins í ævintýrum.“

Birgir er í ársleyfi frá kennslustörfum og bregður sér því hinum megin við borðið að þessu sinni. „Ég vona að ég endist í ár en satt að segja er ég dauðhræddur við að fara hinum megin við kennaraborðið. Er ég nógu góður? Líkar kennurum við



BIRGIR SVAN SÍMONARSON Er við nám í Danmörku og dvelur í kommu meðan á náminu stendur.

mig? Get ég gert eitthvað nýtt eða er ég fangi hins líða? Var aldrei neinn fyrirmyndarnefandi sjálfur,“ segir Birgir eilítið smeykur.


Hann hugsar með hlýjum hug heim. „Ég vil senda skólaskrifstofunni í Kópavogi og nemend-

um mínum fyrr og síðar mínar bestu kveðjur og þakkir fyrir að hafa þolað mig og alið mig upp. Kannski ég verði einhver tíma að manni,“ segir neminn og kommuubúinn Birgir Svan Símonarson.

solí@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Útvarpsþáttur þeirra **Simma og Jóa** á laugardagsmorgnum hefur mælst einstaklega vel fyrir en í dag verða þeir á nýstárlegum nótum í tilefni dagsins. Þeir ætla sem sagt að gægjast út úr skápnum og spila hommatónlist í þættinum. Síðan eru bundnar við það vonir að þeir verði áberandi í hópi hinna stolta starfsmanna 365 sem mynda munu einingu í gleðigöngunni miklu og draga þá væntanlega fram diskó-gallana sem þeir skryddust í Idol-þáttunum og vöktu mikla athygli.



Æ háværi raddir eru um að til verulegra tíðinda taki að draga á fjölmiðlamarkaði. Orðið á Eyjunni ætlar að leggja eigi 24 stundir niður. Þá er talið að Birtingur rífi seglin og þar sé Mannlíf meðal annars í hættu. Í öllu þessu gerningaviðri er **Reynir Traustason** á DV hins vegar fjallbrattur. Þó fór um hann þegar **Guðbjörg Hildur Kolbeins** fór nýverið að hrósa DV á blógg sínu – en þau tvö hafa eldað grátt silfur saman lengi. Reynir taldi hrós frá Guðbjörgu öfugsnúna reynslu og kannski til marks um að ekki væri allt með felldu á hans vígstöðvum.



Hinn dagfarsprúði poppari og Veðurguð, **Ingólfur Þórarinnsson**, spilar knattspyrnu með 1. deildar liði Selfoss við góðan orðstír. Selfyssingar mættu Þórsurum fyrir norðan á fimmtudagskvöldið og unnu leikinn 2-3. Mikil barátta var í leiknum, svo mikil að Veðurguðnum var vikið af velli á 77. mínútu með tvö gul spjöld sem komu á sömu mínútnni. Spjöldin tvö voru þó ekki fyrir grófar tæklingar eða fantaskap. Hið fyrra fékk hann fyrir peysutog en það seinna fyrir að klappa dómaram um lof í lófa fyrir að hafa gefið sér fyrra spjalðið. - jbg/shs



Sigraði í ljósmyndasamkeppni

„Ég fann þessa keppni á netinu, fannst hún strax mjög áhugaverð og ákvað að taka þátt,“ segir Lára Þórðardóttir, sextán ára nemandi úr Kvennaskólanum í Reykjavík, en hún bar sigur úr þytum í Shoot Nation 2008, nýafstaðinni alþjóðlegri ljósmyndasamkeppni á vegum Sameinuðu þjóðanna.

„Ég tók myndina þegar ég var á ferðalagi með fjölskyldunni um Suðurland. Ég hef mikinn áhuga á náttúruvernd og þegar ég sá þessa keppninnar fannst mér myndin



UNG OG EFNILEG Lára Þórðardóttir er sextán ára gömul og dreymir um að verða atvinnuljósmyndari í framtíðinni.

strax mjög viðeigandi“ útskýrir Lára, en keppnin gekk út á að sýna hvernig loftslagsbreytingar hafa áhrif á ungt fólk út um allan heim og hvernig hægt væri að hægja á þróuninni.

Lára hefur lengi haft áhuga á ljósmyndun. „Hann kviknaði fyrir alvöru þegar ég fór á námskeið tólf ára gömul. Mig dreymir um að verða atvinnuljósmyndari í framtíðinni svo ég er rosalega ánægð og finnst þetta mikill heiður,“ segir Lára. Myndin hennar ásamt þeim myndum sem komust í úrslit verða til sýnis í Quebec í Kanada á alþjóðlegum degi æskunnar 12. ágúst og á ljósmyndasýningu sem fram fer í London dagana 12. til 17. ágúst í the OXO Tower Gallery. - ag



STOP USING YOUR CARS! Er yfirskrift myndar Lára sem bar sigur úr þytum í Shoot Nation 2008.

Gerum hús að heimili



Borð + 6 stólar Verð 133.000
Nú **79.800**

Skenkur Verð 89.000
Nú **53.400**

Glerskápur Verð 115.000
Nú **69.000**



Relax leðurstóll Verð 79.000
Nú **47.400**

Sófi 3ja sæta Verð 133.000
Nú **79.800**

Borð Verð 25.000
Nú **15.000**



Sófi 3ja sæta Verð 265.000
Nú **185.500**

Stóll Verð 125.000
Nú **87.500**



Borð Verð 75.000
Nú **45.000**

Stóll Verð 17.500
Nú **10.500**

Glerskápur Verð 145.000
Nú **58.000**



ÚTSALA!

TEKK
COMPANY

ÓPIÐ LAUGARDAGA 10-16 OG SUNNUDAGA 13-16

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR



BAKÞANKAR
Guðmundur
Steingrímssonar

Kína

Í gær horfði ég með öðru auganu á setningu Ólympíuleikanna í Kína. Kínverskar hvítklæddar klappstýrur veifuðu höndum og dönsuðu hliðar saman hliðar á hliðarlínunni á meðan fulltrúar þjóðanna gengu inn á leikvanginn með fánabera sína í fararbroddi.

ÉG horfði og ég hugsaði: Þarna ganga íþróttamennirnir inn á leikvanginn brosandir og dansandi. Fulltrúar alls kyns ríkja með alls kyns stjórnarfar ganga inn á völlinn. Fulltrúar forhertra einræðisríkja með blóði drifna samtímasögu jafnt sem skælbrosandi íþróttamenn evrópskra lýðræðisríkja (með blóði drifna fortíð) ganga inn á völlinn. Samsagt: Það skiptir engu máli hvaða pólitíska bakgrunn þjóðirnar eiga sér. Þetta eru ekki pólitískir leikar. Þetta eru íþróttaleikar.


EN nú kann þetta að vera nokkur einföldun. Hér á landi hafa þær raddir verið nokkuð háværar að íslenskir ráðamenn hefðu átt að sniðganga setningu leikanna til þess að mótmæla yfiringilegum mannréttindabrotum Kínverja. Kannski gildir annað um gestgjafann en þáttökupjóðirnar. Kannski hefði átt að nota tækifærið og mótmæla gestgjafanum sérstaklega með því að mæta ekki í heimsókn til hans af þessu tilefni.

ÉG held samt ekki. Lítum á: Þjóðir heimsins greiddu um það atkvæði hvar ætti að halda leikanna. Þekking varð fyrir valinu. Íþróttamennirnir hafa keppt að því marki um árabíl að komast á leikana. Þeir eru mættir. Hvers vegna skyldu ráðamenn Íslands allt í einu núna stökkva upp á nef sér, að gefinni þessari forsögu, og neita að mæta?

AÐ það séu stunduð mannréttindabrot í Kína eru ekki ný tíðindi. Ég er ánægður með forseta Íslands. Hann færði ráðamönnum í Kína við hárrétt tækifæri Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna á kínversku og sagði þeim að lesa. Svona á að gera þetta. Sumir íslenskir ráðamenn hafa hins vegar gerst sekir um sleppuhátt og tekið á móti kínverskum ráðamönnum hér með því að stunda þeirra umdeildu aðferðir sjálfir og þagga niður í friðsælum mótmælendum með lögregluvaldi.

ANNAD gerir mótmæli gegn Kína á Ólympíuleikum að dálítilli hræsmi. Ekki er til sá kaupahéðinn vestrænn sem nýtir sér ekki ódýra framleiðslu Kínverja á öllum mögulegum vörum. Við erum gegnsósa af Kína í öllu okkar daglega lífi. Hver vill mótmæla með því að fórnar því öllu saman?

AÐ ætla sér að mótmæla mannréttindabrotum í Kína með því að fara ekki á Ólympíuleikana er þess vegna dálítið eins og að ætla sér að mótmæla áfengisveitingum í partí með því að mæta ekki, en enda svo blindfullur heima hjá sér.



GÓÐAN DAG!
Í dag er laugardagurinn
9. ágúst, 223. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	5.01	13.33	22.03
Akureyri	4.32	13.18	22.01

Heimild: Almanak Háskólans

KLÁR Í SKÓLANN?


© Inzer IKEA Systems B.V. 2008



KASSETT tímaritahirsla
10x25x32 cm. Ýmsir litir **395,-**



LÁGIS músamotta
ýmsir litir **95,-/stk.**



NYTTJA rammi 2 stk.
13x18 cm. Ýmsir litir **295,-**



695,-
KASSETT DVD box m/loki 2 stk.
21x26x15 cm. Ýmsir litir



FLÖRT askja m/loki
28x35x15 cm. Ýmsir litir **495,-**



4.950,-
MIKAEL tölvuborð á hjólum
77x50x76 cm. Hvítt

195,-/stk.

FLÖRT geisladiskataska m/20 vösum, ýmsir litir.



FLÖRT askja m/loki
33x38x32 cm. Ýmsir litir **695,-**



BRADA stuðningspúði
f/fartölvu **1.690,-**



SPONTAN segulrönd
m/3 seglum. Svart **95,-**



KASSETT CD box
m/loki 2 stk.
16x26x15 cm. Grænt **495,-**



195,-
FNISS ruslafata
Ø29 H30 cm. Rautt



HELMER skúffueining á hjólum
28x43x69 cm. Rautt **3.950,-**



MOSES
skrifstofustóll
svart **5.990,-**

Morgunmatur
frá kl. 9:00 - 11:00
mánudaga - laugardaga



195,-

IKEA FOOD

Grænmetisbuff
með graslaukssósu, kúskús
og grænmeti



340,-

IKEA FOOD



Opið virka daga 10.00 - 20.00
Opið laugardaga 10.00 - 18.00
Opið sunnudaga 12.00 - 18.00

Veitingastaður opnaður klukkutíma fyrir en verslun

www.IKEA.is

© Inzer IKEA Systems B.V. 2008